



Þjóðarspejillinn
2018

Föstudaginn
26. október 2018

kl. 9-17 við Háskóla Íslands

Ágripabók

Rannsóknir í félagsvísindum XIX. Ágrip erinda flutt á
ráðstefnu 26. október 2018

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-25-9

Málstofur

Afbrot og löggæsla

Beyond Bricks and Mortar: Reflections on the Journey from Police Training to Police Education in the UK and Iceland.....	1
'From an Operational Perspective...': Operation-Centric Thinking in Complex Police and National Security Investigations'.....	2
Fræðsla um fjölbreytileika fyrir lögreglumenn; hvaða lærdóm getum við dregið af því sem komið er?.....	3
Hefur netglæpum fjölgað á Íslandi?.....	4
Viðhorf íslenskra lögreglumanna til skotvopnaburðar lögreglumanna.....	5

Afleiðingar ofbeldis, forvarnir og inngrip

Virði þess að þurfa ekki að þola ofbeldi.....	6
Hvernig græða má sár á sálinni í stríðsástandi.....	7
Tengsl ofbeldis við líkamlega heilsu.....	8
Tíðni ofbeldis á Íslandi og þjónustunýting þolenda áfalla.....	9

Afþreying tekin alvarlega: Félagsfræði dægurmenningar

Týndir sauðir og villikettir: Hugleiðing um sjálf, norm og frávik.....	10
Meira en bara leikur: Samtengsl EVE Online og raunsamfélagsins.....	11
Twitter og samfélagsumræða Íslendinga: Í ljósi kenninga Habermas um almennarými.....	12
Dægurtónlistarmenning á Íslandi: „Þorpseinkennið“, kostir og gallar.....	13

Allt fyrir ástina

Járnbrautarslys í skini gaslampans.....	14
Með Bakkusi út að skemmta sér: Kynjuð hlutverk áfengis í sögum ungs fólks (18-20 ára) af skemmtanamenningu á Íslandi.....	15
Saga þernunnar: Birtingarmyndir feðraveldisins í #metoo frásögnum.....	16

Álag og átök í starfsumhverfi kennara á grunn- og háskólastigi

Starfsaðstæður og faglegt sjálfstæði grunnskólakennara í félagslega ólíkum skólahverfum.....	17
--	----

Ástríða og átök: Reynsla kvenkyns háskólakennara sem kenna og rannsaka út frá kítísku sjónarhorni 18

Blaðamennska á tímamótum

Tiltrú á fagmennsku íslenskra blaðamanna 19

Cliff Richard og íslenskar lögreglufréttir 20

Siðareglur blaðamanna og samanburður við aðrar siðareglur 21

Hæggeng blaðamennska – mótvægið við hraðann og önnur megineinkenni nútímablaðamennsku 22

Börn sem aðstandendur foreldra sem fá krabbamein

Börn sem aðstandendur foreldra sem fá krabbamein 23

Case Study Research Projects in the School of Business: Different Approaches

Biotech and Medtech SMEs: Institutional Entry-mode Barriers in Japan and China 24

Sustainability Marketing Strategy: A case study on the promotion of Icelandic energy companies 25

Phenomenological Case Study 26

Comparison of CSR and sustainability: A case study of business models in Nordic fashion companies 27

Draumar unga fólksins - Mat á möguleikum í námi og starfi

Þróun starfsáhuga og persónuleika á ungdómsárum 15 -27 ára 28

Gömul saga og ný 29

Viðhorf ungs og lítt menntaðs fólks til starfa 30

Háskólamenntun og félagslegur ójöfnuður - Samanburðarrannsókn 31

Félagsmiðstöðvar og ungmenni

Evrópskar félagsmiðstöðvar í sögulegu samhengi 32

Vinnuslys 13-19 ára íslenskra ungmenna: Umfang og alvarleiki 33

Félagspjónusta sveitarfélaga: Hver er ábyrgð félagspjónustunnar og notenda hennar?

Framkvæmd fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga á Íslandi. Samfélagsþátttaka eða afskiptaleyfi? 34

Hver ber ábyrgð á því að ungt fólk utan skóla og vinnu nýtir ekki virkniúrræði?	35
Stuðlar aukinn stuðningur að meiri ábyrgð?	36
Fötlun fyrir tíma fötlunar / Disability Before Disability I	
The animalized lives of persons with profound intellectually disability.....	37
Fötlun og félagsleg staða í manntalsgögnum á 19. öld.....	38
Pretending, Disguising and Ignoring Impairment and Disability in the <i>Íslendingasögur</i>	39
The makings of a new recipe: methods and theoretical approaches of a disability-folklorist.....	40
Digging up the different.....	41
Fötlun fyrir tíma fötlunar / Disability Before Disability II	
Bíbí í Berlín	42
Baggar? Samfélagsleg tengsl fátæktarmenningar fortíðar við líkamlegar og andlegar skerðingar	43
Gangverk og fjar-/verur: Skráningar safna og fjarvera fatlaðs fólks	44
„Að vísu ertu dauða verður fyrir þá skömm, er þinn dvergur gerði mér í gær“: Dvergvoxtur í íslenskum sögum og sögnum að fornu og nýju	45
Hækjur og bein – Grafið eftir sögu fatlaðs fólks í munasafni Þjóðminjasafns Íslands	46
Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningararfur og merking	
„... kola í eldhúsi, pottar og pjátur böggjar með snæri og bundið í kross betra er ekki í heiminum hnoss.“	47
Deiliahagkerfi íslenskra sveita: Bókasafn Sighvats Grímssonar í Bjarnarfirði 1869-1873	48
Í blóma lífsins: Eigur vinnuhjúa er létust af slysförum á 19. öld	49
„... lætur eftir sig ekkju og fjögur börn“: Afleiðing skipsskaða á reykvísar fjölskyldur í upphafi 20. aldar	50
Hindranir og meðvindur á kynjuðum vettvangi: Atvinnumarkaður, tengslanet og vald frá sjónarhóli kynjafnréttis	
Discursive Hijacking as Resistance to Equal Rights Policies in Academia	51
Tengslanet og ójafnrétti við æðstu stjórnun fyrirtækja.....	52

Jafnræði eða sérstaða? Stuðningur stjórnenda á Íslandi við kynjakvóta	53
„Ég fæ fullt af slaka“: Meðbyr og forrættindi karla á kynjuðum vettvangi	54
Hversdagshefðir – menningararfur til daglegs brúks	
„Vér skulum nú skoða draslið, sem hann hefir hrúgað saman í kring um sig“	55
Fallin spýta, flöskustútur og andaglas	56
Flutningur þjóðfræði á sviði alþjóðasamninga	57
Óápreifanlegur menningararfur á Íslandi: Samningur UNESCO um varðveislu menningarerfða	58
Kynheilbrigði í nútímasamfélagi	
„Virðing er mikilvæg svo báðum aðilum líði vel“: Eigindleg rannsókn á kynheilbrigði meðal ungra karlmanna.....	59
„...ekkert spennandi við það að fá kynsjúkdóm“: Viðhorf unglingspíla til smokkanotkunar.....	60
Sjálfsfróun kvenna	61
Stafrænt kynferðisofbeldi – Fræðileg samantekt	62
Lífsgæði og þátttaka barna og unglunga (LIFE-DCY)	
„Það verður að tala meira við krakkana sjálfa“: Félagsleg þátttaka barna með einhverfu	63
„Draumurinn væri að þurfa ekki að sanna endalaust að maður geti tekið þátt“: Lífsgæði og þátttaka fatlaðra ungmenna.....	64
Lífsgæði og þátttaka heyrnarlausra barna á Íslandi.....	65
Notkun hrif-kenninga í gagnrýnum fötlunarfræðirannsóknum: Skömm og notkun hjálpartækja	66
Lýðræðishlutverk háskóla	
Háskólar og lýðræði	67
Háskólar, þekking og lýðræði.....	68
Háskólar og lýðræðislegir starfshættir	69
Markaðsstarf í ferðaþjónustu / Markaðsfræði	
Ímynd Íslands.....	70
Breytingar í umhverfi íslenskrar ferðaþjónustu og áhrif þeirra á ímynd gesta	71
Uppbygging þjónustuhneigðar.....	72

Markhópagreining í ferðapjónustu: Norðlægar slóðir og ábyrgir ferðamenn..	73
„Þetta er meira spurning um markaðsherferð. Eitt er það sem við segjum á netinu og svo fær fólk önnur skilaboð þegar það mætir til landsins“	74

Menning fátæktar: Fötlunarsamfélag á fyrri tíð

Samfélagið með eða gegn Birni Sigurði Jónssyni? Rýnt í ummæli, úrskurði og almenn viðbrögð yfirvalda við fyrirferðarmiklum samferðamanni	75
--	----

Án dóms og laga? Fatlað fólk í Alþingisbókunum, Fornbréfasafninu og Annálum	76
---	----

Sólskinsauga eða búfræðingur? Síðari tíma frásagnir af eftirminnilegum manni	77
--	----

Menningarferðamenska: Ferðapjónusta sem skapandi grein

Örskilaboð á íslenskan pappírshána: Upplifun ferðamanna og þátttaka í íslenskum gjörningi	78
---	----

Samsköpun náttúru: Ljósmyndun sem skapandi athöfn í ferðamensku	79
---	----

Skapandi ferðamenska, vöruvæðing og ofgnótt	80
---	----

Iceland Airwaves, ferðamenska og íslensk tónlist.....	81
---	----

Mobilities and transnational Iceland - I

Shifting images of homeland: the case of a displaced Roma community	82
---	----

Staðartengsl innflytjenda.....	83
--------------------------------	----

Áhrif samfélagsmiðla á þverþjóðlegt líf Spánverja á Íslandi	84
---	----

„Hvar lætur maður jarða sig?“ Þverþjóðleiki og Íslendingar í Danmörku.....	85
--	----

Ráðum við frekar Guðmund og Önnu heldur en Muhammed og Aishu? Áhrif íslamsks nafns í ferilskrám.....	86
--	----

Mobilities and transnational Iceland - II

Börn af erlendum uppruna: Væntingar til náms að loknum grunnskóla.....	87
--	----

Upplifun og reynsla flóttamanna eftir að umsókn þeirra um hæli hefur verið samþykkt á Íslandi	88
---	----

Lived experience of successful female immigrants in the Icelandic labor market.....	89
---	----

Neytendur, opinberir starfsmenn og stjórnarhættir

Endurskoðunarnefndir og góðir stjórnarhættir.....	90
---	----

Eru íslenskir neytendur smálána ólæsir á fjármál?	91
---	----

Nýjar rannsóknir í réttarhari

Bætur vegna sakamála.....	92
Aðgangur aðila dómsmáls að sönnunargögnum í vörslum annarra	93
Matsgerðir dómkvaddra manna í sakamálum.....	94

Nýsköpun og viðskiptaþróun

Mat á áhrifum Tækniþróunarsjóðs <i>Styrkirnir voru forsenda þess að farið var af stað með nýsköpunarfyrirtækja sem standa framfarlega í vörubrúun og rannsóknum</i>	95
Trends in quantitative research on customer involvement.....	96
Hönnunarhugsun innan íslenskra fyrirtækja og stofnana.....	97
Hvað eru hönnunaraudlindir og hvernig nýtast þær best til nýsköpunar og viðskiptaþróunar?	98
Nýsköpun og jarðvarmi: Fjölpætt notkun jarðhitans.....	99

Rannsóknir á viðburðum

Rannsóknir á íslenska ráðstefnumarkaðnum: Hvað vitum við og hvað viljum við vita?	100
Markhópar viðburða: Rýnt í Landsmót hestamanna.....	101
Alþjóðleg rannsókn á íslenskum viðburði: Landsmót hestamanna.....	102

Responsible Tourism in Arctic Seascapes

Whale watching and sustainable development	103
Cruise ship visits to coastal communities	104
Developing a framework for responsible wildlife tourism	105
Effects of seal watching activities on harbour seal behaviour: The importance of interdisciplinary management approaches.....	106

Ríki, borgarar og inntak fullveldis

Fullveldi og þróun þjóðaréttar	107
Inntak fullveldisréttar Íslands hundrað árum síðar.....	108

Samstarf háskóla og atvinnulífs

University-industry collaboration practices in Iceland	109
--	-----

Samþætting listgreina og kennslu

Hlutverkaleikur með ungum grunnskólanemum. Kennsluaðferðir leiklistar notaðar í námi barna.	110
--	-----

Samþætting listgreina með áherslu á sjónarhorn kennarans	111
Hvernig lærir barn að syngja?	112
Sköpun og fagurfræði í stafrænum heimi	113
Skattar, stjórnmal og sjálfstæðisbarátta	
Áhrif kynbundins skattaafsláttar á atvinnuþátttöku og vinnuframboð giftra kvenna á Íslandi á árabílinu 1950 til 1990.....	114
Popúlismi og samsæriskenningar stjórnmála.....	115
Guðfræði H.L. Martensens og sjálfstæðisbarátta Íslendinga	116
Starfsumhverfi sérfræðinga hér á landi. Áskoranir og tækifæri á tímum hraðra breytinga	
„Þetta er krafa frá ríkinu, sem er alveg svakalega vitlaus“ Upplifun opinberra starfsmanna af opnum vinnurýmum	117
Verkefnamiðað vinnuumhverfi.....	118
Hvað einkennir störf sérfræðinga – stjórnenda, verkfræðinga og hjúkrunarfræðinga?	119
Hvernig mælist kulnun og hvaða þættir í starfsumhverfi Landspítala tengjast kulnun hjúkrunarfræðinga? Samanburður niðurstaðna 2002 og 2015.....	120
„Aðalmálið að maður hlúi að sjálfum sér“ – Reynolds hjúkrunardeildarstjóra af álagi og áskorunum í starfi og bjargráðum í því samhengi.....	121
Stefna og skipulag	
Skipulag fyrirtækja fyrir og eftir hrun	122
Stefna í reynd í litlu hátæknifyrirtæki	123
Bláa Lónið – stefna í reynd.....	124
Stefnumótun stjórnvalda í ferðaþjónustu	125
Sustainability, environment and youth in subSaharan Africa	
Emotional experiences of independent child migrants in Ghana	126
Ownership of the post-2015 development agenda - The case of Senegal.....	127
Productive performance of the Lake Victoria fishing fleet in Uganda: Technical efficiency and fishers' perspectives	128
Community Based Management in Rural Water Supply in Namibia: Culture, Capabilities and Ownership	129

Smoking and drinking behaviour of Bissau-Guinean adolescents aged 15-16 compared to European peers.....	130
---	-----

Svipmyndir úr sjávarútvegi

Þróun auðlindarentu í íslenskum sjávarútvegi.....	131
Síðasta þorskastríðið	132
Krókaaflamarkskerfið og skilvirkni smábáta	133
Samdráttur í botnfiskveiðum og aðlögun skuttogaraflotans.....	134

Tilfinningavandi barna

Núvitund fyrir börn með hegðunarvanda: „Kennir einstaklingnum að þekja tilfinningar sínar“	135
Sálfélagslegur ávinningur af hundahaldi fyrir börn með hegðunar- og tilfinningavanda	136
Hlutverk foreldra og grunnskólans gagnvart börnum með tilfinningavanda: „Sameiginlegt mál okkar í skólanum og heimilanna að börnum líði vel“	137
Hvað er tilfinningavandi?	138

Tæknilæsi leikskólabarna

Að líkamsgera leik með vélmenni	139
Kóðun leikskólabarna – tæknilæsi og kyn	140
Þetta var alveg matulegt – reynsla barna af þátttöku í rannsóknarverkefni ..	141

Umönnun og fæðingarorlof

Childcare arrangements in the context of migration – case study of Czech families in Iceland	142
Paid parental leave and lone parents: Equal right of parents and children	143
Mæðrahyggja og kynjajafnrétti.....	144
Parental leave and gender roles in Iceland and Spain	145

Upplýsingaréttur

Kostir og gallar miðlægrar úrskurðarnefndar.....	146
--	-----

Verkefnastjórnun

Hvað telja stjórnendur að einkenni árangursrík verkefni?.....	147
Hvaða eiginleikar einkenna verkefnastjóra og hvaða þekkingu þarf hann að búa yfir?	148

Er straumlínustjórnun lausnin í skapandi fyrirtækjum?	149
Vinnuafli í ferðabjónustu: áskoranir og tækifæri	
Vinnuafli í ferðabjónustu og starfsánægja.....	150
Starfsaðstæður í ferðabjónustu og gæðavottanir.....	151
Unglingsstúlkur í ferðabjónustu.....	152
Hvar væri ferðabjónustan án erlendra starfsmanna?.....	153
Fjölgun erlendra starfsmanna í ferðabjónustu – úrlausnarefni frá sjónarhóli verkalyðsfélaga	154
Vinnuálag, kulnun og samskipti	
Samskipti og stuðningur sem hefur jákvæð áhrif á vinnutengda líðan stjórnenda	155
„Hér innanhúss eru drottningar af báðum kynjum“: Rannsókn á samskiptum og lausn ágreinings í starfi millistjórnenda.....	156
Viðhorf starfsfólks í velferðarbjónustu til starfsumhverfis, forystu og stjórnunar	157
„Þegar þú færð hvíld vakna hjá þér hugsjónir og vitund um hvert þú ert að stefna.“ - Vinnuálag presta og árangur í starfi	158
Starfskröfur, sjálfræði og kulnun meðal starfsfólks í íslenskum bönkum	159
Virði óáþreifanlegra gæða	
Tekjuuppbót vegna fjögurra heilsukvilla í Sviss	160
Virði þess að vera í kjörþyngd.....	161
Virði þess að losna undan þjáningum vegna 18 heilsukvilla	162
Virði þess að eiga maka og börn	163
Þetta er í þjóðarsálinni: sveitavist þéttbýlisbarna	
Hvað hefur breyst? Af börnum sem fara í sveit á 21. öldinni.....	164
Hvers eru börnin megnug? Af dráttarvélaakstri barna.....	165
Hvað segja sjónræn gögn um börn og líf þeirra í sveitinni?.....	166
Hvað er barninu fyrir bestu? Sumardvöl í sveit sem úrræði Reykjavíkurborgar	167
Hverju breytir frásagnahefð bókmenntanna? Af börnum sem fóru í sveit.....	168

Þetta er í þjóðarsálinni: sveitavist þéttbýlisbarna

Afstaða til upplýsingagjafar ríkisstjórnarinnar 2012 og 2016	169
Íslendingasögur og norræn goðafræði tengjast inn í tækniöldina gegnum frásagnargáfu nemenda.....	170
Sérfræðingar og samvinna	171
Public opinion in Iceland towards humanitarian assistance provided to fight Ebola in West Africa	172
Mikilvægi IPMA vottunar fyrir verkefnastjóra og starfsmenn.....	173
Eiga skapandi fyrirtæki að íhuga straumlínustjórnun?	174
Hvað felst í því að vera hluti af heild hvort sem það er í nær- eða fjarsamfélaginu? „Lýðræðisleg hugsun dreifist jú ekki eins og inflúensa“. Með listina að leiðarljósi leitast hópur alþjóðlegra listkennaranema við að svara þessari spurningu.....	175
Höfundalisti	176

Beyond Bricks and Mortar: Reflections on the Journey from Police Training to Police Education in the UK and Iceland

Globally, there is a movement towards police recruits completing a university level of study. The paradigm shift from traditional forms of recruit training to education with training is, in part, driven by a recognition that the work and expectations of the modern police officer is becoming significantly more complex. Migration, population growth, global conflicts and the falling cost of international travel has resulted in police officers engaging with an ever growing number of diverse people from across the globe. The changes to police education have received mixed reviews, with many recognising the personal and professional benefits offered by the higher level of study. Some groups have sought to use this as a bargaining tool for increased recognition and salaries. A number of collaborations between universities and police services have been problematic; for example in the United Kingdom where a small number sought to retain traditional approach to training by only using the physical structures of university premises and not the expertise of faculty. This paper is a reflection of the author's experiences of developing and delivering police education programmes in the UK and in Iceland, following the respective government decision to end traditional recruit training.

Andrew Paul Hill

**'From an Operational Perspective...':
Operation-Centric Thinking in Complex Police
and National Security Investigations'**

Michel Foucault's famous studies of punishment, sexuality and government (among others) were driven by a desire to uncover and render more visible forgotten, intertwined histories of power and knowledge. Foucault investigated, in particular, the 'power effects' of *practical* and *mundane* modes of thought instead of, e.g., the 'big ideas' of philosophy and political science. His assumption being that routine and practical ways of thinking have more of a bearing on how we understand and conduct both our own lives and the lives of others (i.e. in effect, how we daily experience and exercise power). Foucault was therefore interested in studying the types of thinking that makes, e.g., certain regimes of medical care or school or prison discipline seem logical and natural. Following Foucault, my paper draws attention to a powerful form of practical reasoning in the field of policing and intelligence. I label it *operation-centric thinking*. That is, the conceptualisation, organisation, pooling and management of people and things in terms of *operations*. I argue that *ideas about operations* are a major factor in how Australian and British police and intelligence services understand, investigate and make decisions about what can and can't be done about serious crime and major national security risks.

Brendan Hough

Fræðsla um fjölbreytileika fyrir lögreglumenn; hvaða lærdóm getum við dregið af því sem komið er?

Á meðan lögreglumenn eru fremur einsleitir hópur hérlendis hefur fjölbreytileiki samfélagsins aukist mikið undanfarna tvo áratugi. Vegna þessara breytinga er mikilvægt að verðandi lögreglumenn fái fræðslu um lögreglustörf í fjölbreyttu samfélagi í námi sínu. Við færslu lögreglunáms upp á háskólastig haustið 2016 kom til í fyrsta sinn hérlendis kennsla um þetta málefni í grunnámi lögreglumanna. Um svipað leyti var haldið tveggja daga langt námskeið um lögreglustörf í fjölbreyttu samfélagi við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu og þriggja daga framhaldsnámskeið í Póllandi, sem fór að hluta til fram innan „girðinga“ Auschwitz-Birkenau, fyrrum vinnu- og útrýmingarþúða nasista í síðari heimstyrjöldinni. Fjörutíu og sex starfandi lögreglumenn sóttu bæði þessi námskeið og 21 starfandi lögreglumaður sótti einungis síðara námskeiðið. Í þessu erindi verður fjallað um þessi námskeið og almennt um fræðslu fyrir lögreglumenn um málaflokkinn og lærdómur dreginn af því sem komið er. Rýnt verður í hvort munur var á upplifun þeirra þátttakenda sem sóttu bæði námskeiðin og þeirra sem sóttu einungis síðara námskeiðið. Að síðustu verður skoðað með hvaða hætti farsælast er að kenna lögreglumenum og –mönnum um fjölbreytni samfélagsins svo að þeir nýti sér þekkinguna í starfi.

Eyrún Eypórsdóttir

Hefur netglæpum fjölgað á Íslandi?

Á sama tíma og Vesturlandabúar nýta sér netið í auknum mæli hafa tækifæri opnast fyrir margvíslega fráviks- og afbrotahegðun. Fréttir af brotum á netinu eru nánast daglegt brauð og almenningur verður meira var við umfjöllun og viðvaranir um brot af því tagi. Hvert er umfang slíkra brota á Íslandi? Hvaða þjóðfélagshópar eru líklegastir til þess að verða fyrir brotum á netinu og hvaða brot eru algengust? Er brotum af þessu tagi að fjölga hér á landi? Gögnin sem niðurstöðurnar byggja á koma úr tveimur þjóðmálakönnunum sem Félagsvísindastofnun safnaði saman 2016 og 2018. Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu orðið þolendur einhverra eftirtalinna netbrota: Meiðyrði eða rógburði, hótun um ofbeldi, persónuupplýsingar verið misnotaðar, t.d. kreditkortaupplýsingar eða kennitala, kynferðislegri áreitni, fjárkúgun, svik í viðskiptum, hvort einhver hafi hótað að dreifa eða birta myndir/efni um sig án leyfis og að lokum hvort einhver hafi birt eða dreift myndum án samþykkis. Helstu niðurstöður eru að mun fleiri segjast hafa orðið þolandi netbrots í ár (20% svarenda) en fyrir tveimur árum (13% svarenda). Eins og 2016 urðu flestir fyrir meiðyrðum og næstflestir fjársvikum. Athygli vekur að talsvert fleiri segjast þolendur kynferðislegrar áreitni á þessu ári en árið 2016.

Helgi Gunnlaugsson

Jónas Orri Jónasson

Viðhorf íslenskra lögreglunema til skotvopnaburðar lögreglumanna

Þrætur um mögulegan skotvopnaburð lögreglu skjóta reglulega upp kollinum á Íslandi. Almennir lögreglumenn hafa aldrei verið vopnaðir við skyldustörf hérlendis en fyrir utan vopnaða sérsveit ríkislögreglustjóra eru læstir skotvopnakassar í hluta lögreglubifreiða sem grípa má til með leyfi yfirmanns. Nýleg könnun sýnir jafnframt að mikill meirihluti íslenskra lögreglumanna vill ekki vera vopnaður skotvopnum við almenn skyldustörf. Hins vegar er minna vitað um viðhorf íslenskra lögreglunema í þessum efnum. Rannsókn þessi greinir viðhorf íslenskra lögreglunema til almenns skotvopnaburðar lögreglumanna. Í fyrsta lagi lýsir rannsóknin viðhorfum íslenskra lögreglunema til almenns skotvopnaburðar lögreglu. Í öðru lagi er aðhvarfsgreining notuð til að greina hvaða þættir hafa áhrif á viðhorf lögreglunema til almenns skotvopnaburðar. Þrír mismunandi hópar lögreglunema eru skoðaðir: (a) Nýnemar og (b) útskriftarnemar gamla lögregluskólans á tímabilinu 2011 til 2015 og (c) nýnemar í diplómanámi fyrir verðandi lögreglumenn við Háskólann á Akureyri haustið 2018. Gögn rannsóknarinnar koma úr samevrópska rannsóknarverkefninu „RECPOOL – Recruitment, Education, and Careers in the Police“, sem Ísland hefur tekið þátt í frá árinu 2011. Um er að ræða einu fjölþjóðlegu rannsóknina á lögreglumenum sem til er í heiminum.

Guðmundur Oddsson

Virði þess að þurfa ekki að þola ofbeldi

Í rannsókninni er tekjuuppbótaraðferðinni beitt til þess að meta þann skaða sem andlegt ofbeldi, kynferðisofbeldi, og líkamlegt ofbeldi veldur einstaklingum. Það er, við metum hve mikið þyrfti að greiða einstaklingum til að bæta upp það velferðartap sem fylgir afleiðingum ofbeldis af tilteknu tagi. Notast er við gögn úr „Heilsu og líðan Íslendinga“, sem inniheldur m.a. spurningar um ofbeldi, tekjur, kyn, aldur og menntun. Líkanið sem notast er við gerir ráð fyrir að velferð einstaklinga ákvarðist af heimilistekjum, reynslu af ofbeldi og öðrum bakgrunnsbreytum. Hamingja einstaklinga er notuð sem staðgengill fyrir nytjar. Einn helsti kostur tekjuuppbótaraðferðarinnar er að einstaklingar eru ekki beðnir um að leggja peningalegt virði á ofbeldi eða ímyndaðar aðstæður. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að andlegt ofbeldi hefur sérstaklega mikil neikvæð áhrif á líðan einstaklinga, og þyrfti að bæta þeim aðilum sem hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi hærri peningaupphæð en þeim aðilum sem orðið hafa fyrir líkamlegu og/eða kynferðisofbeldi. Nauðsynleg tekjuuppbót er þó misjöfn eftir því hver gerandinn er. Hún er sérstaklega há ef einstaklingur hefur orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka eða ættingja. Að lokum sýna niðurstöðurnar að áhrifin dvína eftir því sem frá líður ofbeldinu.

Brynja Jónbjarnardóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Hvernig græða má sár á sálinni í stríðsástandi

Í erindi sínu mun Magnea Marinósdóttir alþjóðastjórn mála-fræðingur ræða um áhrif skipulegs ofbeldis (e. political / collective violence) á ofbeldi í nánum samböndum / heimilisofbeldi samkvæmt rannsóknum. Einkum mun hún þó beina sjónum að því hvernig kvenréttindasamtök hafa unnið með konum, sem búa í hinni hernumdu Palestínu, þ.e. Vesturbakkanum - þar með talið Jerúsalem - og Gasa-ströndinni - og orðið hafa fyrir áfalli vegna hernámsofbeldis eins og niðurrifs eða sprengjuárása á heimili sín, sem hafa verið jöfnuð við jörðu, og fangelsum barna sinna svo dæmi séu tekin. Magnea mun ræða hvers konar nálgun hefur verið beitt með góðum árangri þar sem takmarkaður aðgangur er að sérfræðipjónustu og fjármagni til að veita faglega áfalla- og sálfræðiaðstoð. Magnea hefur undanfarinn áratug starfað fyrir alþjóðastofnanir og félagasamtök í Afganistan, Bosníu og Hersegóvínu, Kósovó, Palestínu og Ísrael. Í störfum sínum hefur hún unnið að verkefnum sem lúta að því að bæta stöðu og réttindi kvenna. Hún hefur auk þess unnið að rannsóknum á aðferðum til að varna og stemma stigu við kynbundu og kynferðislegu ofbeldi í flóttamannabúðum í Tansaníu. Hausti 2017 flutti hún aftur heim og gegnir nú stöðu sérfræðings í jafnréttismálum hjá Velferðarráðuneytinu.

Magnea Marinósdóttir

Tengsl ofbeldis við líkamlega heilsu

Rannsóknir benda til að ofbeldi hafi neikvæð áhrif á líkamlega heilsu þolenda. Fáar rannsóknir því tengdu hafa hins vegar verið gerðar hérlandis. Markmið rannsóknarinnar er að skoða tengsl líkamlegrar heilsu og þess að hafa orðið fyrir líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi á lífsleiðinni. Þátttakendur voru u.þ.b. 10.000 karlar og konur 18 ára og eldri um land allt sem tóku þátt í könnuninni *Heilsa og líðan Íslendinga* árið 2017 (svarhlutfall 68%). Líkamleg heilsa var metin með spurningum um hvort þátttakendur hefðu á síðastliðnum 12 mánuðum upplifað einkenni tengd meltingarfærum, stoðkerfi, taugakerfi, ofnæmiskerfi og hjarta- og æðakerfi. Frumniðurstöður benda til að þolendur ofbeldis séu í meiri áhættu að upplifa vandamál tengd stoðkerfi, taugakerfi, meltingarfærum og ofnæmiskerfi en þeir sem hafa ekki orðið fyrir ofbeldi. Enginn munur var á milli hópa m.t.t. hjarta- og æðasjúkdóma. Enn fremur benda frumniðurstöður til þess að fjöldi tegunda áfalla (líkamlegt, kynferðislegt og/eða andlegt) tengist líkamlegum kvillum, þ.e. að því fleiri áföll sem þátttakendur hafa upplifað, þeim mun meiri áhætta sé á líkamlegum kvillum. Tölfræðigreining mun liggja fyrir í lok ágúst mánaðar. Niðurstöður rannsóknarinnar geta verið mikilvægt innlegg í heilbrigðisþjónustu hér á landi.

Snæfríður Guðmundsdóttir Aspelund
Edda Björk Þórðardóttir

Tíðni ofbeldis á Íslandi og þjónustunýting þolenda áfalla

Skortur er á faraldsfræðilegum rannsóknum á algengi ofbeldis hjá Íslendingum, sér í lagi á meðal karlmannna. Mat á algengi ofbeldis, lýðfræðilegum einkennum þolenda og þjónustunýtingu er nauðsynlegt til að þróa árangursríkar fyrirbyggjandi aðgerðir og bæta aðgengi að meðferð. Markmiðið með rannsókninni er að meta lífstíðaralgengi og 12 mánaða algengi líkamlegs, kynferðislegs og andlegs ofbeldis auk þjónustunýtingar þolenda. Þátttakendur voru u.þ.b. 10.000 íbúar sem tóku þátt í könnuninni Heilsa og líðan Íslendinga árin 2012 og 2017, 18 ára og eldri, búsettir á höfuðborgarsvæðinu og í dreifbýli. Spurt var um líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi, lýðfræðileg einkenni þátttakenda (t.d. kyn, aldur, menntunarstig, tekjur), heilsufarsleg vandamál tengd áfallinu og þjónustunýtingu í kjölfar þess. Frumniðurstöður benda til að konur séu líklegri til að verða fyrir andlegu ofbeldi og kynferðisofbeldi á lífsleiðinni en að enginn marktækur munur sé á kynjunum m.t.t. líkamlegs ofbeldis. Þá eru konur líklegri til að sækja sér sálfræðiþjónustu vegna vanlíðunar eftir kynferðisofbeldi heldur en karlmenn. Tölfræðigreining mun liggja fyrir í lok ágústmánaðar. Niðurstöður rannsóknarinnar geta nýst við stefnumótun og forvarnir og til að bæta klínískar leiðbeiningar bæði hérlandis og á alþjóðavettvangi.

Edda Björk Þórðardóttir
Snæfríður Guðmundsdóttir Aspelund
Berglind Guðmundsdóttir

Týndir sauðir og villikettir: Hugleiðing um sjálf, norm og frávik

Emilé Durkheim hélt því fram að félagsleg norm og gildi væru mikilvæg til að viðhalda reglu og festu samfélaga. George Herbert Mead taldi enn fremur fram að einstaklingssjálfíð mótaðist í gegnum félagsleg samskipti, þ.e. í gegnum þau norm og gildi sem umlykja okkur og birtast í viðhorfum annarra (e. *the significant others*). Flest reynum við því að vera venjuleg og falla inn í hópinn. En á meðan sumir ganga of langt í að falla inn í hópinn þá eru aðrir í uppreisn gegn normum og gildum hópsins, meðvitað eða ómeðvitað. Þessi grein fjallar um tvær tegundir frávikshegðunar, annars vegar þá þegar einstaklingar yfir-aðlagast (e. *over assimilate*) að normum og gildum hópsins, sem felur í sér „dauða“ sjálfsins (týndir sauðir); og hins vegar þá þegar einstaklingar hegða sér í berhögg við ríkjandi gildi og viðmið hópsins (villikettir), en aðeins sú hegðun felur í sér fráviks-stimplun. Ég notast við dæmi úr kvikmyndunum *The Conformist* eftir Bernardo Bertolucci og *Zelig* eftir Woody Allen til að sýna það fyrrnefnda og úr kvikmyndinni *Málmhaus* eftir Ragnar Bragason og sænsk-dönsku sjónvarpsþáttunum *Broen* til að sýna það síðara. Að lokum velti ég upp spurningunni hvort samfélaginu standi í raun meiri ógn af villiköttunum heldur en týndu sauðunum.

Viðar Halldórsson

Meira en bara leikur: Samtengsl EVE Online og raunsamfélagsins

Tölvuleikjaspilun hefur aukist mikið á seinustu áratugum og hefur fest rætur í hinu vestræna samfélagi. Endurtekin slæm umfjöllun tölvuleikja í akademískri orðræðu segir spilun þeirra til að mynda vera ómögulega leið til hagnaðar, að þeir séu með öllu aðskildir raunveruleikanum og félagslega einangrandi afþreyingartæki. Vegna þessara umfjallana hefur ef til vill verið ómögulegt að ímynda sér hvernig spilun tölvuleikja geti haft jákvæð áhrif. En þvert gegn þessum orðræðum er hægt að sýna fram á jákvæð áhrif tölvuleikjaspilunar, eins og þessi rannsókn og fleiri hafa gefið til kynna. Í fyrstu var lagt upp með að skoða hversu mikla samleið tölvuleikjaspilun og félagsfræði eiga. Gerð var tilraun til að túlka samspil fjölspilunar tölvuleiksins EVE Online og félagslegs raunveruleika íslenskra leikmanna út frá sjónarhorni atferliskenningu (e. *theory of practice*) Bourdieu með notkun eigindlegra aðferða. Niðurstöður sýndu meðal annars fram á að félagsleg samfélög höfðu myndast innan tölvuleiksins og það endurspegladi samfélög raunveruleikans. Þar gat spilunarháttur viðmælenda til dæmis verið undir áhrifum félags- tengsla, þekkingu, starfs eða fjölskyldutengsla. Að sama skapi voru túlkaðar fjórar mismunandi tegundir hagnaðar sem leikmenn höfðu aflað innan tölvuleiksins og nýttu í raun- samfélaginu.

Arnór Maximilian Luckas
Viðar Halldórsson

Twitter og samfélagsumræða Íslendinga: Í ljósi kenninga Habermas um almannarými

Erindið fjallar um samfélagsumræðu Íslendinga á Twitter. Fjallað verður um hvort hægt sé að samræmar kenningar Habermas um almannarýmið við notkun Íslendinga á samfélagsmiðlinum. Almennarýmið er svæði þar sem almenningur kemur saman og rökræðir í þeim tilgangi að komast að bestu niðurstöðu. Habermas fjallaði um að almannarýmið ætti sérstaklega heima á rakarastofum og kaffihúsum en þær staðsetningar eru að vissu leyti barn síns tíma. Til þess að skoða tengslin á milli samfélagsmiðilsins Twitter og almannarýmiskenninga Habermas var framkvæmd rýnihóparannsókn þar sem leitast var eftir viðhorfum háskólanema sem eru virkir á Twitter, á tilgangi hans og eðli. Þá var stuðst við kenningu Tim Highfield og Axel Bruns sem útfærðu kenningar Habermas og beittu henni á Twitter. Ýmis þemu komu upp í rýnihóparannsókninni, þar má nefna netsjálfið, samfélagsleg áhrif, miðstýring umræðna og bergmálsskelfi. Meginniðurstaða verkefnisins er að almannarýmið í sinni upprunalegu mynd falli ekki að Twitter notkun Íslendinga. Kenningarsmíð Habermas virkar vel sem kjörmynd en þarfnast nánari útfærslu og endurskoðunar til þess að eiga við í nútímasamfélagi. Hins vegar á kenningin ágætlega við í útfærslu Bruns og Highfield. Íslendingar á Twitter skapa ákveðið hóprými á samfélagsmiðlinum.

Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir

Dæгурtónlistarmening á Íslandi: „Þorpseinkennið“, kostir og gallar

Erindið byggir á doktorsritgerð höfundar og leitast við að útskýra þá samfélagslegu krafta sem knýja heim íslenskra dæгурtónlistarmanna. Kenningar Pierre Bourdieu um veruhátt og menningarframleiðsluviðið, rit Howard Becker um eðli listheima (Art Worlds) og rannsókn mannfræðingsins Ruth Finnegan á tónlistarlífinu í enska bænum Milton Keynes liggja til grundvallar rannsókninni. Aðferðafræði byggðist á hálfopnum viðtölum við 30 íslenska tónlistarmenn, etnógrafískri þátttökurannsókn, sögulegum heimildum auk reynslu höfundar og innsæis eftir um tuttugu ára starf sem tónlistarblaðamaður. Lagt var upp með grundaða (e. grounded) kenningu en rannsóknarspurning var þríþætt: a) af hverju þarftu að búa til tónlist?, b) koma henni á framfæri?, og c) á hvaða hátt spilar íslenskt samfélag inn í starfsemina? Niðurstöður ríma við þá staðreynd að Ísland er örsamfélag. Fimm grunnþemu komu í ljós, sum þeirra tengd almennu/alþjóðlegu hegðunarmynstri dæгурtónlistarmanna á meðan önnur tengdust íslenskum raunveruleika einvörðungu. „Þorpseinkennið“ felur það í sér að boðskipti eru hröð og óformleg, talsvert er um tengsl á milli tónlistarmanna úr ólíkum geirum og mörk á milli atvinnu-mennsku og áhugamennsku eru óljós. Flestir viðmælendur lýstu þessari nálægð sem jákvæðri en nefndu einnig að hún ætti það til að vera kæfandi.

Arnar Eggert Thoroddsen

Járnbrautarslys í skini gaslampans

Oftast er talað um gasljóstrun (e. *gaslighting*) sem afbrigði af andlegu ofbeldi eða þvingun í persónulegum samskiptum. Í stuttu máli er átt við það þegar einn aðili fær annan til að efast um eigin skynjanir, minningar, upplifanir, dómgreind og geðheilsu með því að villa um fyrir honum með ýmsum hætti, svo sem með lygum, afneitun, misvísandi skilaboðum og mótsögnum. Sú sem verður fyrir gasljóstrun fer að trúa því að hún sé galin því ekki sé hægt að reiða sig á ályktanir hennar, upplifanir og skynjanir og að vissara sé að treysta á dómgreind annarra, svo sem þess sem stendur fyrir gasljóstruninni. Í þessum fyrirlestri er greiningaraðferðum femínískrar heimspeki beitt til að skoða hvernig jaðarsettir hópar í samfélaginu, í þessu tilviki konur sérstaklega, verða fyrir gasljóstrun með kerfisbundnum hætti af hálfu þeirra sem hafa meira vald, og hvernig gasljóstrun er beitt sem hluta af valdakerfinu sem heldur þeim niðri. Notast er við menningarsöguleg dæmi frá fyrri tímum ásamt dæmum úr samtímanum um hvernig konur sem hafna þeirri þvingunaraðferð sem kölluð hefur verið velviljaðir kynjafordómar (e. *benevolent sexism*) eru útmálaðar sem karlahatarar, bilaðar og verða ef þær fylgja ekki hegðunareglum svokölluð járnbrautarslys (e. *trainwrecks*) og öðrum víti til varnaðar.

Eyja Margrét Brynjarsdóttir

Með Bakkusi út að skemmta sér: Kynjuð hlutverk áfengis í sögum ungs fólks (18-20 ára) af skemmtanamenningu á Íslandi

Í þessari rannsókn var skoðað hvaða hlutverki áfengi gegnir í skemmtanamenningu ungs fólks (18-20 ára). Fræðilega sjónarhornið er femínískur póststrúktúralismi auk þess sem stuðst er við kenningar um hrif. Beitt var svokallaðri sögulokaaðferð (e. story completion method) sem felst í því að þátttakendur fá upphaf sögu (1-3 línur) og eru beðnir um að ljúka henni. Þátttakendur (hentugleikaúrtak) fengu ýmist upphaf sögu þar sem söguhetjurnar voru ungar konur, karlar eða blandaður hópur á sama aldri og þau sjálf (samanburðarsnið). Sögurnar (n=50) voru þemagreindar með aðferð Braun og Clarke. Í þessum fyrirlestri verður einkum fjallað um þemað: „áfengi sem sleipiefni í samskiptum kynjanna.“ Í þessu þema gegndi áfengi því hlutverki að liðka fyrir kynferðislegum samskiptum kynjanna. Drykkjan hafði mismunandi afleiðingar eftir því hvort söguhetjan var ung kona eða karl. Þær tilfinningar sem fylgdu áfengisdrykkjunni s.s. kvíði og eftirvænting tóku líka á sig kynjaðar myndir og tengdust á ólíkan hátt líkömum söguhetjanna. Í fyrirlestrinum verður því velt upp hvaða innsýn sögurnar gefa í heim ungmenna sem eru að spreyta sig áfram sem kynverur oft með „hjálp“ áfengis. Einnig verður fjallað um hvað þessar sögur segja um þær áhættur og áskoranir sem fylgja áfengisdrykkju ungs fólks.

Annadís G. Rúdólfsdóttir

Saga þernunnar: Birtingarmyndir feðraveldisins í #metoo frásögnum

Alþjóðlega #metoo hreyfingin sem á rætur að rekja til Bandaríkjanna náði mikilli útbreiðslu á Íslandi á haustmánuðum 2017. Í fréttamiðlum birtust nafnlausar frásagnir af ýmsum tegundum kynbundins ofbeldis, s.s. kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni, kynferðislegu ofbeldi og nauðgunum. Meðal frásagnanna voru frásagnir kvenna sem starfa á 13 ólíkum sviðum samfélagsins, rúmlega 600 sögur. Með frásögnunum birtust einnig um 5000 áskoranir kvenna innan þessara sömu sviða þar sem þær krefjast þess að unnið verði gegn kvenfjandsamlegri (vinnu-)menningu svo þær geti sinnt störfum sínum án þess að verða fyrir ofbeldi. Í erindinu verða þessar frásagnir greindar með tækjum femíníksk póststrúktúralisma og fjallað um ólíkar birtingarmyndir feðraveldisins á þessum 13 sviðum samfélagsins. Einnig er varpað ljósi á með hvaða hætti feðraveldið viðheldur sér og hvað gerir körlum kleift að misnota vald sitt með þessum hætti. Helstu niðurstöður eru þær að í frásögnunum birtist hugmyndin um konur sem þernur feðraveldisins og um leið er komið fram við þær sem annaðhvort boðflennur (t.d. á vettvangi stjórnmalanna og í prestastétt) eða þjónar sem er ætlað að mæta líkamlegum og kynferðislegum þörfum karla (t.d. í heilbrigðisstétt og í sviðslista- og kvikmyndagerð). Í frásögnunum er einnig lýst viðbragðsleysi samfélagsins og hvernig gerendur eru afsakaðir og þannig gefið færi á að halda uppteknum hætti.

Gyða Margrét Pétursdóttir
Annadís Gréta Rúdólfssdóttir

Starfsaðstæður og faglegt sjálfstæði grunnskólakennara í félagslega ólíkum skólahverfum

Undanfarin ár hafa orðið breytingar á íslensku samfélagi sem lúta að aukinni misskiptingu og samþjöppun auðs á ákveðnum svæðum á höfuðborgarsvæðinu. Þessar breytingar hafa haft áhrif á nemendasamsetningu í skólum og starfsumhverfi kennara. Markmið þessarar rannsóknar er að rannsaka hvernig reynslumiklir kennarar upplifa þessar breytingar í skóla-samfélaginu og hvernig starfsaðstæður og faglegt sjálfstæði þeirra markast af því félagslega samhengi sem skólinn þeirra starfar í. Rannsóknin er tilviksrannsókn byggð á kenningum Bourdieu þar sem greind eru eigindleg viðtöl við 12 reynslumikla kennara sem starfa í sjö mismunandi skólum á höfuðborgarsvæðinu. Kennararnir starfa í skólum sem eru annars vegar í rótgrónum millistéttarskólahverfum og hins vegar í skólahverfum þar sem hvít millistétt er í miklum minnihluta. Stuðst er við gagnagreiningu frá Hagstofu Íslands til að ákvarða um félagslegt samhengi skólanna. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að allir kennararnir töldu að kröfur og álag hefði aukist, sérstaklega í þáttum tengdum umhyggju og umönnun (e. *care work*). Starfið væri orðið þjónustumiðaðra og faglegt sjálfstæði kennara að mörgu leyti takmarkaðra en áður. Afgerandi munur reyndist á starfsaðstæðum kennarana sem fólst ekki síst í aðkomu foreldra að skólastarfinu. Engar rannsóknir hafa til þessa verið gerðar um áhrif aukinnar misskiptingar og aðgreiningar milli skóla á starfsumhverfi kennara á Íslandi.

Berglind Rós Magnúsdóttir
Sólveig Edda Ingvarsdóttir
Jóhanna Raket Sveinbjörnsdóttir

Ástríða og átök: Reynsla kvenkyns háskólakennara sem kenna og rannsaka út frá kritisku sjónarhorni

Háskólar eru kynjaðar stofnanir þar sem hið karllæga nýtur meiri virðingar en hið kvenlæga. Þetta lýsir sér ekki eingöngu í ólíkum viðhorfum til karla og kvenna heldur einnig í því að greinar sem frekar eru tengdar konum njóta oft minni virðingar en greinar sem tengdar eru körlum. Í erindinu verður fjallað um reynslu tólf íslenskra kvenna sem sinna akademískum störfum og hafa í kennslu og rannsóknum beitt kítískri nálgun og sumar innan greina sem frekar eru tengdar konum en körlum. Helstu niðurstöður eru þær að konurnar upplifa ýmiskonar misrétti í störfum sínum. Mörgum þeirra varð tíðrætt um #metoo hreyfinguna og settu reynslu sína í samhengi við hana með ýmsum hætti. Einnig hafa þær margar starfs síns vegna upplifað átök og/eða áreiti utan háskólans frá forsvarsfólki hagsmunasamtaka sem og almenningi. Þá vegna rannsókna sem þær hafa staðið fyrir eða vegna þeirra fræðilegu nálgana sem þær miðla í störfum sínum. Í ljósi þessa var einnig kannað hvað héldi þeim við efnið. Þátttakendur lýstu tímabundinni uppgjöf og þreytu en um leið hvernig ástríðan fyrir fræðunum og baráttuandinn héldi þeim við efnið.

Thamar Melanie Heijstra
Gyða Margrét Pétursdóttir

Tiltrú á fagmennsku íslenskra blaðamanna

Fagmennska í íslenskrri blaðamennsku þróaðist nokkru síðar á Íslandi en í nágrannalöndunum. Engin einhlýtur mælikvarði er þó til um fagmennsku, hvað þá fagmennsku heillar stéttar. Fagmennska er þó talin vera lykilatriði þegar kemur að því að skýra hvers konar fjölmiðlakerfi ríkir í einstökum löndum og t.d. ráðandi um samskipti stjórn mála og fjölmiðla (Hallin og Macini, 2013). Á Íslandi hafa aðeins verið gerðar örfáar tilraunir til að meta fagmennsku blaðamanna (Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson, 2017) en lítið verið fjallað um tiltrú almennings og stjórn málamanna á blaðamennsku og hvað skipti máli í því samhengi. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir afstöðu almenning til fagmennsku blaðamanna eins og hún birtist í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar frá 2016 og einnig afstöðu stjórn málamanna eins og hún birtist í frambjóðendakönnunum fyrir fimm síðustu kosningar sem haldnar hafa verið hér á landi, þ.e. þingkosningunum 2012, 2016, og 2017 og svo sveitarstjórnarkosningunum 2014 og 2018. Niðurstöður benda eindregið til þess að tiltrú á fagmennsku á íslenskum fréttastofnum sé almennt takmörkuð, en hafi þó aukist heldur meðal stjórn málamanna frá því sem var fyrir kosningarnar 2013 þegar hún var áberandi lítil.

Birgir Guðmundsson

Cliff Richard og íslenskar lögreglufréttir

Á undanförunum árum hefur bæði á Íslandi og í nágrennalöndum verið tekist á um mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs fyrir dómstólum. Spurningar sem vakna snerta ýmis grundvallaratriði í störfum blaðamanna, m.a. hvað má segja, hvenær má segja það og með hvaða hætti. Mál af þessu tagi hafa á undanförunum árum farið í gegnum íslenska dómskerfið og alla leið til Mannréttindadómstóls Evrópu, þar sem niðurstöðum Hæstaréttar hefur í nokkrum tilfellum verið snúið við. Saka- og dómsmál eða lögreglufréttir, er málaflokkur sem er sérstaklega viðkvæmur fyrir álitafnum af þessum toga, og geta fordæmi, innlend og erlend, skipt máli varðandi það hvað teljast ásættanleg vinnubrögð og hvað ekki. Í þessu erindi verður skoðað sérstaklega nýlegt mál frá Bretlandi þar sem söngstjarnan Cliff Richard vann í undirrétti mál gegn BBC. Sagði Cliff Richard fjölmiðlinn hafa gengið á friðhelgi einkalífs síns með umfjöllun sinni um húsleit lögreglu á heimili hans í tengslum við meint barnaníðingsmál. Nýlega ákvað BBC að áfrýja ekki málinu, en í kjölfar dómsins hafa vaknað spurningar um heimildir fjölmiðla til að fjalla um fréttæmar staðreyndir í lögreglumálum s.s. húsleit og rannsóknir. Forsendur þessa dóms og hugsanlegt fordæmisgildi verður rætt og sett í íslenskt samhengi.

Ingibjörg Elíasdóttir

Siðareglur blaðamanna og samanburður við aðrar siðareglur

Siðareglur blaðamanna hafa í meira en hálfa öld verið mikilvægt viðmið fagmennsku í störfum íslenskra blaða- og fréttamanna á Íslandi. Þrátt fyrir umbyltingar í fjölmiðlun hafa þær lítið breyst, en þær eru bæði fáar og mjög almennt orðaðar. Er þetta kostur eða galli á siðareglum blaðamanna? Í erindinu verður fjallað um þessa spurningu með því að athuga hver tilgangur og gagnsemi skráðra siðareglna starfsstétta geti verið og einnig hvaða leiðir aðrar starfsstéttir hafa farið við notkun á skráðum siðareglum, uppbyggingu þeirra og þróun. Siðareglur blaðamanna verða þannig bornar saman við siðareglur annarra starfsstétta en einnig verða þær bornar saman við siðareglur blaðamanna í öðrum löndum. Í umfjöllun verður reynt að vega og meta tvö sjónarmið: Annars vegar að það sé höfuðkostur skráðra siðareglna starfsstétta að vera almennar því þannig fangi þær tímalaus grundvallaratriði; hins vegar að það sé höfuðkostur skráðra siðareglna að veita aðstæðubundna leiðsögn því þannig hafi þær mest áhrif. Við þetta mat verður meðal annars tekið mið af því hvernig áhrif siðareglna fari mögulega ekki einungis eftir innihaldi þeirra og formi heldur einnig eftir umgjörð þeirra og eftirfylgni. Þessi umfjöllun verður nýtt til að bregða gagnrýnu ljósi á siðareglur blaðamanna og umgjörð þeirra.

Sigurður Kristinsson

Hæggeng blaðamennska – mótvægið við hraðann og önnur meginéinkenni nú tímablaðamennsku

Hæggeng blaðamennska (e. slow journalism) er tiltölulega ný stefna í fjölmiðlaheimi, fyrst orðuð og skilgreind árið 2007. Blaðamenn víða um heim hafa tileinkað sér stefnuna og sumir vinna einvörðungu í hennar anda. Sprettur hugmyndafræðin fram til mótvægis við tafarleysi og offlæði, auk yfirborðsmennsku og kapps eftir hinu krassandi, sem oft er sagt einkenna blaðamennsku nútímans. Byggir hæggeng blaðamennska á þeirri grunnforsendu að vandvirkni og dýpt séu mun eftirsóknarverðari en það að vera fyrst til að segja frá. Hæggengisblaðamenn gefa sér vart minna en vikur til að ljúka umfjöllunarefni sínu, salta jafnvel í góða stund og taka síðar upp þráðinn. Hæggeng blaðamennska er undir áhrifum annarra hæggengishreyfinga, hvar meðal annars matargerðin, ýmsar listgreinar, vísindin og uppeldið hafa notið góðs af. Gerð var tilviksathugun í Finnlandi, enda Finnar framarlega í þessum flokki, og skoðaðir fjölmiðlar sem þar starfa undir formerkjum hæggengrar blaðamennsku. Tekin voru eigindleg viðtöl við fimm reynda blaðamenn um áskoranir og möguleika hæggengrar blaðamennsku. Niðurstöður benda til að þorstinn eftir hinu hægláta og vandaða sé iðulega til staðar. Hæggengisblaðamenn njóta að jafnaði hylli, viðtökur einkennast af þakklæti og þeir eru stoltir af sinni vinnu. En forsendur markaðarins eru þeim sjaldan í miklum hag, oft verða gildin að víkja fyrir snöggsóðinni líðandi stund og óuppbyggilegum hraðanum.

Katrín Mixa

Börn sem aðstandendur foreldra sem fá krabbamein

Kynnt er 3ja ára rannsóknarverkefni um aðstæður barnafjölskyldna þegar foreldri hefur greinst með krabbamein, unnið af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ, Landspítalann og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Markmiðið var að varpa ljósi á stöðu og þarfir barna, á sjálfstæðan rétt þeirra til upplýsinga og þátttöku, og hver gætir að vellíðan þeirra. Tilgátan var að aðstæðum barna í þessum sporum sé ekki nægur gaumur gefinn á Íslandi og enginn fagaðili fari þar með ábyrgð. Niðurstöður allra hluta staðfestu þetta. Fyrsti hluti, 2015: Þverfræðileg rýnihópasamræða starfsfólks á krabbameinsdeildum LHS. Niðurstöður voru að skortur væri á þjónustu og löggjöf um stuðning við börn. Annar hluti, 2017: persónuleg viðtöl við eftirlifandi nána aðstandendur látinnar móður, maka/barnsfeður, börn og ömmur í 15 fjölskyldum. Spurt var um reynslu af þjónustu spítalakerfisins, um þarfir og líðan fjölskyldna og um viðbrögð skólans. Niðurstöður voru að börn væru utanveltu og þjónustufarvegi skorti. Þriðji og lokahluti, 2018: sex mánaða gæðaðþjónustuverkefni á Landspítalanum fyrir fjölskyldur þar sem foreldri hefur greinst með krabbamein, ásamt mati á því. Veitt var gæðaðþjónusta Fjölskyldubrúar með fjölskylduviðtölum og börnum gefinn sérstakur gaumur. Niðurstæða mats: Mælitæki um gagnsemi þjónustunnar ásamt rýnihópasamræðu þátttakenda sýndu samröma ánægju með gæðaðþjónustuna og samhljóða ábendingar, m.a. um breytta löggjöf.

Sigrún Júlíusdóttir
Gunnjóna Una Guðmundsdóttir
Anna Rós Jóhannesdóttir
Dögg Pálsdóttir

Biotech and Medtech SMEs: Institutional Entry-mode Barriers in Japan and China

The Nordic business environment is restricted by small domestic markets, so many companies choose to expand by seeking larger markets abroad. In this research the spotlight is directed towards small to medium-sized enterprises (SMEs) in the biotechnology and medical equipment sectors that internationalize and export to Japan and China. The goal is to explore how SMEs that need to go through country specific certification and approval processes with their products are affected by local market entry barriers in institutionally different distant markets. This is a cross-cultural, multiple case study research with five Nordic cases exploring retrospectively the process of internationalizing. This qualitative research consists primarily of in-depth interviews with managers from Icelandic, Danish and Swedish firms. The exploratory inductive case study approach is used to examine their market entry experience with the political, institutional environment. The case study approach that is used takes guidance from Sharan B. Merriam and Robert E. Stake as those are supporting a transactional method of inquiry with more engagement of the researcher and flexible design by using the social constructivist framework. Current status of the project: need to define better the case study design, but the interview phase is well underway.

Bryndís Ólafsdóttir
Erla Sólveig Kristjánsdóttir

Sustainability Marketing Strategy: A case study on the promotion of Icelandic energy companies

As part of the transition to clean energy economy, traditional energy companies face a new challenging task to communicate with relevant stakeholders. The fast-changing marketplace requires firms to engage with their internal and external customers in a transformational way. The purpose of this study is to explore how three Icelandic energy producers align their sustainability practices and commitments with marketing strategies. This case study approach is influenced by John W. Creswell. From Creswell's five qualitative traditions of inquiry, the case study design is an appropriate approach to use to investigate how Icelandic energy firms cope with strategy transition. This qualitative research is primarily based on in-depth interviews with key people from the three big players in the Icelandic energy market. It also involves observations by gathering field notes as an observer, review of documents such as annual reports and audiovisual materials which include examining website pages and other social media platforms. This research is currently in its initial phase mainly developing the case study design. However, the data collection is already in progress.

Fe Amor Parel Guðmundsson
Sveinn Agnarsson
Lára Jóhannsdóttir

Phenomenological Case Study

The presentation represents ongoing research part of a doctoral thesis by a compendium of publications. A research part that sets out to reflect *how phenomenological case study can be used to explore how the idea of establishing a venture based on recently discovered scientific knowledge affects academic employees with none entrepreneur interests*. Aiming to provide a better understanding of the essence of the experience when a co-worker decides to establish such ventures. The research is a part of exploring *how can universities in small economies increase academic entrepreneurship, by motivating the creation of academic spin-offs and facilitate their growth, development, and performance*. Academic entrepreneurship refers to the process when an academic employee(s) and/or student(s) establish venture(s) to commercialize their own scientific research results. The presentation reflects 1) the recursive phenomenological case study research process and how each segment is influencing the others. With the emphasis on how these two different research approaches, with different philosophical assumptions and interpretive frameworks, can be combined into one single research. Without deviating their theoretical research foundation. Also, 2) how this combination can provide both deeper description and understanding how attitudes towards the idea of establishing a venture based on recently discovered scientific knowledge affects academic employees with none entrepreneur interest. Which two separate research could, most likely, not be able to provide.

Hulda Guðmunda Óskarsdóttir

**Comparison of CSR and sustainability:
A case study of business models in Nordic
fashion companies.**

The fashion industry, one of the largest pollution industry in the world, has extensive influence on sustainability-related issues. It has a significant impact on the environment both by their massive production and intense marketing where new clothing is thrown away because it gets out of fashion. The organizations within the industry are still presenting a linear business model where the environmental factor and their responsibility towards society are missing. Some researchers debate if organizations should be held responsible for their actions and how managers should define responsibility towards the society, while others speculate whether managers confuse the concept of corporate social responsibility (CSR) and sustainability. The purpose of this project is to look into how Nordic small to medium-sized enterprises (SMEs) in the fashion industry define their responsibility towards the society and if or how they address CSR and sustainability strategies in their business models. An exploratory multiple case study will be used to examine the Nordic fashion business model regarding CSR and sustainability. This is a qualitative research collecting primary data through in-depth interviews with business managers in Nordic SMEs in the fashion industry. The method approach of this research will take guidance from Robert. K Yin and Gary Thomas. The data collection has not started, and the project is in the development phase.

Pórey S. Þórisdóttir

Þróun starfsáhuga og persónuleika á ungdómsárum 15 -27 ára

Ólíkur persónuleiki og starfsáhugi hafa mótandi áhrif á lífsferil fólks (Roberts ofl., 2007; Stoll ofl., 2017). Þó bæði persónuleiki og starfsáhugi séu orðnir stöðugir um 18 ára aldar verða einnig breytingar í átt að meiri samvirkusemi, samvinnuþýði og tilfinningalegum stöðugleika á persónuleika ungmenna (maturity principle; Roberts & Mroczek, 2008) fram á fullorðinsár. Starfsáhugi almennt minnkar snemma á unglingsárum en eykst síðan aftur sérstaklega á sviðum sem tengjast vinnu með fólki (Hoff ofl., 2018). Lítið er um langtímarannsóknir á þróun persónuleika og starfsáuga saman. Gerð var rannsókn hérlendis þar sem áhugakönnun (Bendill I) og persónuleikapróf (NEO) voru lögð fyrir 485 fyrst árið 2006 í 10 bekk (15 ára) og aftur á árunum 2008, 2012, 2014 og nú síðast 2017 (27 ára). Stöðugleiki áhuga og persónuleika er mikill og eykst milli ára með mjög líkum hætti ($r = 0,49 - 0,74$). Íslensk ungmenni sýna breytingar á persónuleika í átt að meiri þroska með athyglisverðum frávikum þó. Breytingar á áhuga frá 15 -27 ára eru óljósari en kynjamunur minnkar með aldrinum. Ákveðnir persónuleikapættir og áhuga-svið (ss. úthverfa og félagssvið) þróast samhliða (correlated change) yfir ungdómsárin. Niðurstöðurnar eru ræddar í ljósi kenninga um sálfræðilega þróun og lífsmótandi viðfangsefni ungmenna sem takast á við fullorðinshlutverk.

Sif Einarsdóttir

Gömul saga og ný

Kenning Savickas (2005) á sviði starfsþróunarfræða byggir á þeirri útbreiddu hugmynd persónuleikasálfræðinnar að einstaklingar móti persónuleika sinn og lífsferil í gegnum frásagnir, s.k. sjálfssögu (narrative identity, McAdams, 2008). Gert er ráð fyrir að í sjálfssögu fólks megi greina eins konar mynstur (McAdams og Pals, 2006; Savickas, 2005). Mynstrið, sem hefur forspárgildi um frekari framvindu, telur Savickas verða vegna undirliggjandi lífspema (the why of vocational behaviour) sem sé áhrifavaldur í starfshegðun fólks. Þemað hverfist oft en ekki um veikleika sem getur haft hamlandi áhrif á starfsþróun. Gera má ráð fyrir samfellu í sjálfssögu og lífspema yfir tíma (Adler, 1936; McAdams, 2015). Markmið þessarar rannsóknar var að athuga hvort samfellu gætti í lífspema ungmenna sem áður hafði verið greint í frásögnum þeirra árið 2012. Starfshyggjuviðtal Savickas var endurtekið við fimm af sex viðmælendum fyrri rannsóknar. Greiningaraðferð Savickas leiddi í ljós afgerandi samfellu í lífspema viðmælenda í fjórum tilfellum af fimm. Hér verður nánar greint frá einu tilviki sérstaklega. Dregin verður upp mynd af lífspema viðmælenda skv. fyrri rannsókn og dæmi gefin um hvernig þemað skýtur ítrekað upp kollinum í frásögnum sex árum síðar í mikið breyttum aðstæðum. Rannsóknin styður við áreiðanleika aðferðarinnar og bregður ljósi á þá gagnsemi sem hafa má af frásagnarálgunum í náms- og starfráðgjöf.

Soffía Valdimarsdóttir

Viðhorf ungs og lítt menntaðs fólks til starfa

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna viðhorf ungs lítt menntaðs fólks til starfa og sérstaklega þess starfs sem það stundar. Kenningar Blustein (2006) og fleiri segja að merking starfsins sé megin þáttur í heiðvirðu starfi (decent work) og skv. International Labour Organisation er heiðvirt starf forsenda velferðar í lífinu. Rannsóknir Duffy og félagar (2016) leiða í ljós að fólk sem er jaðarsett á erfiðara með að finna heiðvirð störf. Í rannsókninni er sjónum því sérstaklega beint að því að hvaða marki ungmennunum finnast þau vera í heiðvirðu starfi, jafnframt því að skoða viðhorf þeirra til náms- og starfsferils síns í fortíð og framtíð. Þátttakendur voru 10 ungmenni á aldrinum 20-24 ára. Þau hafa ekki lokið neinni formlegri námsgráðu í framhaldsskóla. Viðtalsgögnin voru greind út frá greiningarskema sem var þróað í stærri alþjóðlegri rannsókn. Helstu niðurstöður er að reynsla unga fólksins af störfum var frekar uppbyggileg, en öll sáu þau að starfið væri ekki framtíðarstarf. Þau eru í starfinu peninganna vegna, en mátu það samt vera heiðvirt starf. Leiðin að framtíðarstarfinu liggur yfirleitt um skólakerfið og þá er neikvæð reynsla þeirra af því hindrun í vegi. Þau ungmenni sem voru foreldri voru öll í foreldrahúsum, sem segir sína sögu um aðstæður þessa fólks.

Guðbjörg Vilhjálmstöttir

Háskólamenntun og félagslegur ójöfnuður - Samanburðarrannsókn

Háskólamenntun er talin auka möguleika fólks á vinnumarkaði auk þess að vera talin undirstaða efnahagslegrar framþróunar. Væntingar ungmenna um frekara nám eru skýr forspárþáttur um hversu löngu námi þau munu ljúka. Munur er á væntingum til náms eftir félagsstöðu sem ekki er einungis rakinn til einstaklingsins sjálfs heldur einnig til einkenna menntakerfa. Fáar samanburðarrannsóknir hafa á hinn bóginn verið gerðar á þessu sviði eftir menntakerfum og í þeim hefur vantað að kanna áhrif félagsgerðar skóla. Í þessari rannsókn er samanburður gerður á væntingum ungmenna um háskólanám annars vegar í löndum þar sem áhersla er á jafnan aðgang að menntun óháð bakgrunni nemenda og hins vegar þar sem aðgreining er til staðar eftir námsgetu. Rannsóknin náði til 15 ára nemenda í Bergen, Barcelona, Ghent og Reykjavík. Niðurstöður fjölstigagreiningar (multilevel analysis) sýndu að í menntakerfum með aðgreiningu stefndi hærra hlutfall nemenda á háskólagráðu sem voru í grunnskólum þar sem félags- og efnahagsleg samsetning nemendahópsins var sterk. Aftur á móti hafði slík samsetning ekki áhrif á væntingar um háskólanám í menntakerfum án aðgreiningar. Niðurstöðurnar áttu við hvort sem félags- og efnahagsleg staða nemandans var sterk eða veik og óháð námshæfni og skuldbindingu hans til náms og skóla. Rannsóknin eykur skilning á félagslegum ójöfnuði með tilliti til einkenna menntakerfa.

Kristjana Stella Blöndal

Evrópskar félagsmiðstöðvar í sögulegu samhengi

Í þessu erindi er fjallað um sögu félagsmiðstöðva í Evrópu, tilurð þeirra og þróun. Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni höfundar sem fjallar um fag- og fræðilegt umhverfi félagsmiðstöðva sem oftast er nefnt opið æskulýðsstarf (e. Open Youth Work). Um er að ræða sögulega tilviksrannsókn þar sem áhersla er lögð á að skýra þróun starfseminnar í tímans rás. Varðandi greiningu var stuðst við fjölþætt gögn, bækur, greinar og skýrslur. Höfundur rekur tilurð og þróun félagsmiðstöðva starfsins frá öndverðri tuttugustu öld til dagsins í dag. Fjallað er um samtök félagsmiðstöðva í löndum Evrópu, sem og um Norræn og Evrópsk samtök á þessu sviði. Helstu niðurstöður höfundar eru þær að starfsemin hvíli að mestu leyti á sameiginlegum grunni, sameiginlegri hugmyndafræði sem er í anda frumherja hverfamiðstöðvahreyfingarinnar. Frumherja sem í kjölfar iðnbyltingarinnar á seinni hluta nítjándu aldar stofnuðu fyrstu hverfamiðstöðvarnar. Samuel Barnett er stofnaði Toynbee Hall í London og Jane Addams er stofnaði Hull House í Chicago. Starfsemin lýtur auk þess að mestu leyti fræðilegum bakgrunni sem byggir á því sem höfundur kys að nefna félagsuppeldisfræði. Viðfangsefnin taka þó mið af þjóðfélagsgerð og mismunandi stöðu ungmenna meðal hvarrar þjóðar eða lands hverju sinni.

Árni Guðmundsson

Vinnuslys 13-19 ára íslenskra ungmenna: Umfang og alvarleiki

Algengt er að íslensk ungmenni vinni í sumarfríum og/eða með skóla auk þess sem ákveðinn hópur er í fullri vinnu. Erlendar rannsóknir sýna að vinna ungmenna tekur sinn toll. Ungmennni eru allt að tvisvar sinnum líklegri til að lenda í vinnuslysi en eldri starfsmenn og hluti slysanna veldur alvarlegum meiðslum. Fáar rannsóknir hafa hins vegar verið gerðar á vinnuslysum íslenskra ungmennna og engar eftir Hrun. Markmið rannsóknarinnar er að veita nýjar upplýsingar um umfang vinnuslysa íslenskra ungmenna, alvarleika slysanna og hvernig áverkum þau ollu. Rannsóknin byggir á spurningakönnun meðal 2800 13-19 ára ungmenna, valin tilviljunarkennt úr Þjóðskrá. Könnunin var gerð í febrúar – apríl síðastliðnum og svarhlutfall 48,6%. Niðurstöðurnar sýna að sjötta hvert ungmenni hefur lent í vinnuslysi og að 7,4% slysanna voru það alvarleg að ungmennið var frá vinnu í meira en eina viku. Eldri ungmenni voru líklegri til að hafa lent í slysi en þau yngri en aldursmunur mældist ekki á alvarleika slysanna. Enginn munur mældist milli kynja. Fimmtungur slysanna olli bakáverkum og 4,5% beinbrotum, hvoru tveggja áverkar sem geta haft alvarlegar langtímaafleiðingar. Sú ályktun er dregin af niðurstöðunum að þjóðaráttaks sé þörf til að draga úr tíðni vinnuslysa aldurshópsins. Unga fólkíð er framtíð þjóðarinnar og hvert alvarlegt vinnuslys sem ungmenni verður fyrir einu slysi of mikið.

Margrét Einarsdóttir

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Framkvæmd fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga á Íslandi. Samfélagsþátttaka eða afskiptaleyssi?

Framkvæmd fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, samfélagsþátttaka og valdefling í félagsþjónustunni á Íslandi er viðfangsefni þessa erindis. Rannsóknir frá öðrum Norðurlöndum benda til þess að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hafi tekið gagngerum breytingum með áherslu á valdeflingu og samfélagsþátttöku. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða þróunina héraendis og kanna hvort að á Íslandi séu ríkjandi samskonar áherslur. Þróun laga, reglugerðir, reglur sveitarfélaga og fyrirliggjandi gögn frá Hagstofu Íslands voru greind með tilliti til samfélagsþátttöku og valdeflingar notenda fjárhagsaðstoðar. Niðurstöður þeirrar greiningar benda til að þróunin héraendis hvað varðar framkvæmd hafi um margt svipað til annarra Norðurlanda, þrátt fyrir að engar lagabreytingar hafi orðið samhliða, framkvæmdinni til stuðnings. Niðurstöður sýna að sveitarfélög á Íslandi hafa ákvæði í reglum til lækkunar á fjárhagsaðstoð ef umsækjandi hafnar atvinnu eða annars konar tilboði um virkni. Á sama tíma eru ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skýr varðandi skilyrðislausan rétt til fjárhagsaðstoðar og Alþingi hefur ítrekað hafnað tillögum um að skilyrða megi fjárhagsaðstoð við virkni. Niðurstöður rannsóknarinnar eru í takt við eldri rannsóknir og staðfesta ósamræmi á milli lagasetningar og framkvæmdar þjónustunnar.

Gyða Hjartardóttir

Guðný Björk Eydal

Hver ber ábyrgð á því að ungt fólk utan skóla og vinnu nýtir ekki virkniúrræði?

Við bestu aðstæður á Íslandi eru um 3.000 til 4.000 einstaklingar á aldrinum 18-29 ára hvorki í skóla né vinnu. Fyrri rannsóknir sýna að framtíðarhorfur hópsins eru slæmar. Í meistaraannsókn undirritaðrar kemur fram að ungmennin eru ósátt við stöðu sína en nýta ekki rétt sinn til ýmiskonar stuðnings. Vitneskju skortir hins vegar um hvers vegna ungmennin nýta ekki þann stuðning sem í boði er. Markmið eigindlegu rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að kortleggja hvað hindrar ungt óvirkt fólk í að fara í vinnu, nám eða nýta sér virkniúrræði. Tekin voru viðtöl við 9 einstaklinga á aldrinum 19 – 25 ára og 5 ráðgjafa þeirra. Niðurstöður sýna að unga fólk þeirra sjálf vera vandinn án þess að fá meðferð vegna þeirra raskana sem hrjá þau. Mörg hafa skýrar hugmyndir að lausnum sem oftast felast í auknu utanumhaldi. Ráðgjafar þeirra sjá samfélagslegar hindranir og vilja meðal annars aukna námstyrki og vinnuaðlögun. Sú ályktun er dregin af niðurstöðunum að sá stuðningur sem hópnum stendur til boða sé ekki í samræmi við óskir hans og þarfir.

Björk Vilhelmsdóttir

Stuðlar aukinn stuðningur að meiri ábyrgð?

Samanburðarrannsókn á fimm starfsendurhæfingar/virkni-úrræðum í Reykjavík, Íslandi og Þrándheimi, Noregi, gefur til kynna að ákveðnir þættir í skipulagi og framkvæmd slíkra úrræða veiti þéttan og markvissan stuðning sem stuðlar að meiri heldni í úrræðunum. Markmið rannsóknarinnar var kanna hvort munur væri á skipulagi og framkvæmd úrræðanna og heldni þátttakenda í þeim. Við öflun gagna var blönduð aðferð notuð með því að greina skjöl er varðar skipulag og framkvæmd úrræðanna og hálf-skipulögð viðtöl tekin við 13 starfsmenn sem unnu á mismunandi skipulagsstigum tengdum þeim. Einnig var unnin greining á tölfræðilegum upplýsingum um hvort þátttakendur luku þátttöku og hvort þeir fóru í vinnu eða frekara nám að lokinni þátttöku. Helstu niðurstöður voru þær að minna brottfall var í úrræðum þar sem formleg kröfulýsing var um starfsemina. Starfsgeta og færni þátttakenda var kortlögð við upphaf þátttöku og fylgt eftir reglulega. Þau úrræði höfðu fleiri starfsmenn, starfsþjálfunartækifæri, aðstoð við að finna starf og halda því og veittu þéttari stuðning sem stuðlar að betri ástundun. Takmarkanir rannsóknarinnar eru að ekki er hægt að alhæfa út frá niðurstöðum hennar og þær segja ekki til um árangur úrræðanna. Umbóta er þörf af hálfu velferðarsviðs með áherslu á formlega kröfulýsingu sem felur í sér m.a. kröfu um fjölda starfsmanna til að veita sérsniðinn stuðning við þátttakendur, dagskrá sem krefst skyldumætingar þátttakenda og áætlaðan árangur.

Erla Björg Sigurðardóttir

The animalized lives of persons with profound intellectually disability

History of intellectual disability is a history of segregation, subjection, cruelty and downright brutality. People with limited cognitive capacities have been seen as animal-like, subhuman, and thus of lesser value than other humans. Understandably, the mere comparison between non-human animals and humans with intellectual disability is seen empirically and morally inappropriate; to say that a human is psychologically like a pig, is seen to suggest that he or she should be in the same moral category with pigs as well. Only relatively recently, there have been calls for a positive engagement with the animality of people with various impairments. I will analyse the animalized lives of persons with profound intellectual disability in the light of ethnographic research data, and discuss whether the analogy between animality and disability is appropriate and useful. My presentation is divided into two sections where separate methods will be applied. In the first section, I will analyse animality as an empirical phenomenon in the lives of those with profound intellectual disability, especially in terms of architecture and the structural arrangements through which these individuals live their lives. In the second section, I will analyse the ethical justification of conceptualising disabled lives in terms of animality.

Simo Vehmas

Fötlun og félagsleg staða í mantalsgögnum á 19. öld

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvaða upplýsingar um líkamlegar og andlegar skerðingar einstaklinga svo og sjúkdóma koma fram í skráðum heimildum opinberra aðila. Sérstök áhersla er á að skoða hvort og hvernig líkamlegt ástand einstaklinga tengist skilgreiningu á félagslegri stöðu þeirra. Í erindinu verða kynntar fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar sem byggja á mantalinu 1835. Innihaldsgreining var notuð til að fara yfir mantalið og öllum þeim einstaklingum sem skráning benti til að byggju við skerðingar af einhverjum toga, var fylgt eftir í gegnum aðrar heimildir, svo sem önnur manntöl og kirkjubækur. Fyrstu niðurstöður sýna mikið ósamræmi í skráningum á einstaklingum meðal annars á milli heimilda og skrásetjara. Lítið var gert af því að skrá upplýsingar um tiltekna skerðingar eða eðli þeirra en algengara að fólk væri skráð sem niðursetningar jafnvel alla ævi án þess að ástæða fyrir því sé tilgreind. Ljóst er að manntölin veita takmarkaðar upplýsingar um raunverulegt ástand einstaklinga og skerðingar eru sjaldan notaðar til að til þess að skilgreina félagslega stöðu fatlaðs fólks.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

Ólafur Rastrick

Lena C. Nyberg

Pretending, Disguising and Ignoring Impairment and Disability in the *Íslendingasögur*

This contribution will present some initial findings from the 'Disability before Disability' project based at the University of Iceland. These specific findings have emerged from the project strand dealing with Icelandic medieval narrative sources and disability. The main focus of interest lies on the depiction of impairments within the corpus of the Icelandic Family Sagas (*Íslendingasögur*), which were written down between the mid-13th century and the early 15th century. The *Íslendingasögur* feature several episodes in which characters either pretend, disguise or even ignore an impairment or a disability in order to get what they want. One interesting and famous example of pretence can be found in *Gísla saga Súrsonar* (ch. 26). On the run from his enemies, Gísli escapes their clutches by mimicking Ingjaldsfiðl, a well-known fool of the neighbourhood. Luckily for Gísli, his plan works out: his enemies mistake him for Ingjaldsfiðl which saves his life. Based on a selection of saga episodes the presentation will discuss in what contexts such incidents of pretence and disguise happen and to what point and purpose a saga character opts for one of these actions.

Anna Katharina Heiniger

The makings of a new recipe: methods and theoretical approaches of a disability-folklorist

The main material for the ongoing project on different bodies in Icelandic folklore material are legends from Jón Árnason's *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. The aim is to show how an understanding of unusual bodies is reflected through the worldview of the legends, developing a disability-folkloristic approach. In this talk I give an overview of the methods and tools used, as well as the theoretical framework and approach that is emerging within my research. The underlying methodology is discourse analysis of the legends, applied with the aid of the analytical software Atlas.ti. This material comes with its own themes and repetitions through categories within the archive. This brings to surface interesting complications between the themes that Jón Árnason constructed and the themes forming from the method. To deal with these complications, understanding the context of the material, the software, the research and the researcher becomes vital. To discover disability understanding within the legends, it is necessary to go beyond the material and method and situate the research and method in a theoretical framework of context, stigma, memory, and everyday life of past and present. The outcome: a new recipe for approaching folklore material to uncover the human diversity that has always existed within it, unnoted by folklore scholars.

Eva Þórdís Ebenezersdóttir

Digging up the different

This contribution will present preliminary findings from the osteoarchaeological perspective from the interdisciplinary project Disability before Disability in Iceland. These findings will be interpreted in conjunction with a critical disability studies perspective to understand how the physical evidence of impairment from skeletal remains may shed light upon how past societies regarded individuals with impairments. I will also attempt to provide analytically driven interpretations for the evidence of possible social exclusions, inclusions or even reverence of these individuals. One of the primary objectives of this research is to take methodologically derived observations of skeletal remains of individuals with impairments and put them into contemporary social context and vice versa. The subjects within this project are only from Icelandic skeletal records and will therefore only be representative for Icelandic contemporary societies in the country's past. This talk will focus on two individuals, which represent the earliest time periods and societies within the project. The former has a chromosomal disorder and the later was paralyzed. As stated above, it will be the purpose of this presentation to demonstrate how osteoarchaeology/bioarchaeology can possibly further our modern understanding of impairment and disability in the past, and how skeletal material can be indicative of societies perspective regarding individuals with impairments.

Haraldur Þór Hammer Haraldsson

Bíbí í Berlín

Bíbí hét fullu nafni Bjargey Kristjánsdóttir og var fædd árið 1927. Hún var kennd við kotbæ foreldra sinna sem kallaður var Berlín. Hún þótti bráðgert barn en veiktist á fyrsta ári og var merkt af fjölskyldu sinni og sveitungum sem „vangefin“ eftir það. Í erindinu verður byggt á minningarbrotum Bíbar sem hún skráði í fjölmargar stílabækur en Haraldur Jóhannesson sveitungi hennar setti síðar brotin saman í handrit. Bíbí var fædd á þeim tíma sem fötluðu fólki stóð engin opinber þjónusta til boða en fyrstu lögin þess efnis, Lög um fávítahæli, voru sett á laggirnar árið 1936. Bíbí naut engrar skólagöngu, var höfð sem hornreka á heimilinu framan af og falin fyrir gestum og gangandi. Minningabrot hennar bera þó vott um góða greind og innsæi í líf sitt og aðstæður. Hún er auk þess næm á sveitunga sína sem hún lýsir oft af kaldhæðni, hæðist að sumum og stríðir öðrum. Í erindinu verður sagt frá hluta af sögu Bíbár og hún sett í samhengi við femínískar kenningar um samvinnun þar sem leitast er við að varpa ljósi á með hvaða hætti fötlun hennar, kyn og stéttarstaða samvinnast.

Guðrún Valgerður Stefánsdóttir

Baggar? Samfélagsleg tengsl fátæktarmenningar fortíðar við líkamlegar og andlegar skerðingar

Í fyrirlestrinum er greint frá nokkrum lífssögum þar sem efnahagslegar skerðingar eru annað hvort orsakir eða afleiðingar andlegra eða líkamlegra skerðinga einstaklinga. Skilgreining á böggum í fortíðinni sem fyrirlesturinn byggist á er eftirfarandi: Á tímabilinu frá síðari hluta 18. aldar og fram á fyrstu áratugi 20. aldar (hin langa 19. öld), var opinbert eftirlit með einstaklingum annars vegar í höndum hreppstjóra og sýslumanna og hins vegar presta og prófesta. Tvenns konar yfirvöld koma hér við sögu; hið andlega og hið veraldlega. Hin andlegu yfirvöld báru ábyrgð (ásamt fjölskyldunum) á grunnmenntun alþýðunnar sem og öllum fermingarundirbúningi en fermingin var hin mikilvægu tímamót einstaklingsins inn í samfélag fullorðinna. Hin veraldlegu yfirvöld báru (ásamt fjölskyldunum) svo ábyrgð á lágmarks framfærslu einstaklinga og studdust þar við lög og reglur um ómagaframfærslu. Þrír þættir skipta máli þegar fötlun í nútímaskilningi eru greindir á hinni löngu 19. öld: 1) andlegar skerðingar, 2) líkamlegar skerðingar, 3) efnahagslegar skerðingar, sem birtist í banni við öreigagiftingum, sviptingu stjórn mála- eða fjárhagslegra réttinda vegna sveitaskulda og takmarkaðrar félagslegra þátttöku. Að þessu sinni er sjónum beint að þriðja þættinum; efnahagslegum skerðingum og horft til þeirra tilfella þegar þær eru annað hvort orsakir eða afleiðingar andlegra eða líkamlegra skerðinga með spurningum á borð við „hefði það skipt sköpum fyrir viðkomandi ef samfélagsaðstæðurnar og ákvarðanir yfirvalda hefðu verið aðrar en þær urðu.“

Sólveig Ólafsdóttir

Gangverk og fjar-/veru: Skráningar safna og fjarvera fatlaðs fólks

Þessi rannsókn skoðar hvernig fjarvera fatlaðs fólks birtist á menningarminjasöfnum og hvernig aðferðir safna mynda gangverk sem vefur frásagnir úr tilteknum þáttum en undanskilur aðra. Söfn endurspeglu sögu og menningararf þjóða með framsetningum sínum. Þær frásagnir sem birtast þar undirstrika forréttindi ófatlaðra líkama. Líkt og fyrri rannsóknir benda til, er framsetningum sem endurspeglu fjarveru eða rangfærslur um annarskonar líkama sjaldan veitt viðnám á söfnum. Þessir þættir leiða til fjarvistunar sem gegnsýrir frásagnir og framsetningar safna. Hér verður stuðst við tilviksrannsókn á íslensku menningarminjasafni þar sem rýnt er í safngripi og skráningar þeirra þar sem stuðst verður við aðferðir orðræðugreiningar. Kenningarannsóknir nýefnishyggju (new-materialism) og STS (science and technology studies) verða notaðir til að nálgast fjarveru annarskonar líkama sem mikilvægan þátt efnis- menningar. Niðurstöður benda til þess að nálgast megi fjarveru sem fjar-/veru: samtvinnað fyrirbæri veru, fjarveru, efnis og orðræðu. Í stað þess að litið sé á fjarveru annarskonar líkama sem vöntun eða „ekkert“ er hún álitin afurð tiltekinna tengsla sem sé viðhaldið í gagnverki safna, og feli ávalt í sér ábyrgð. Hér fela skráningar safna á safngripum í sér vísbendingar um fjarvistun og gangverk sem undanskilur líf og reynslu fatlaðs fólks í frásögnum safna. Rannsóknin er hluti af Öndvegis- verkefninu Disability before Disability við Háskóla Íslands.

Arndís Bergsdóttir

**„Að vísu ertu dauða verður fyrir þá skömm, er
þinn dvergur gerði mér í gær“:
Dvergvöxtur í íslenskum sögum og sögnum að
fornu og nýju**

Í fyrirlestrinum verður leitast við að svara þeirri spurningu hvernig dvergar í íslenskri sagnahefð hafi þróast frá því að vera dularfullar goðsagnaverur í að verða dvergvaðið fólk, eða „skegglausir, hálsstuttir, búkmiklir og afar fótleggjalágir“ eins og Sigfús Sigfússon lýsti þeim árið 1931. Rannsóknin er í grunninn þjóðfræðileg textagreining á íslenskum sögum og sögnum sem innihalda dvergaminnið. Helstu íslensk þjóðsagnasöfn 19. og 20. aldar verða tekin til umfjöllunar. Einkum verða greind þau áhrif sem evrópskar sagnahefðir hafa haft á birtingarmyndir dverga í innlendum heimildum, frá þýddum riddarasögum og strengleikum til íslenskra þýðinga á Grimms ævintýrum. Við greiningu er gengið í smiðju bæði þjóðfræði og fötlunarfræði. Í erindinu verður sérstaklega horft til þess hvernig viðhorf til fólks með öðruvísi líkama birtast í þjóðsögum og bókmenntum í gegnum tíðina. Í því samhengi verður tekið tillit til sögulegs samhengis þessara heimilda og fjallað um dverga sem hirðfífl, betlara og furðuverur í fjölleikahúsum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að tengslin milli dverga sem yfirnáttúrulegra vera annars vegar og dvergvaxins fólks hins vegar hafa orðið æ skýrara í tímans rás. Þessi þróun má rekja að vissu leyti til erlendra áhrifa á innlenda þjóðsagnahefð. Hinn íslenski dvergur, eins og hann stígur fram í kvikmyndinni *Síðasti bærinn í dalnum* (1949), er því afurð ólíkra menningarheima.

Aðalheiður Alice Eyvör Pálsdóttir
Kristinn Helgi Magnússon Schram

Hækjur og bein – Grafið eftir sögu fatlaðs fólks í munasafni Þjóðminjasafns Íslands

Tilgangur þessarar rannsóknar er að finna gripi sem geta gefið hugmyndir um líf fatlaðra einstaklinga fyrir á tímum í geymslum Þjóðminjasafns Ísland. Flestir þessara gripa eru skráðir í skráningakerfið Sarp. Leitað var í Sarpi eftir leitarorðum en einnig voru ákveðnar undirskrár skoðaðar sérstaklega. Hluti þeirra gripa sem vöktu áhuga voru skoðaðir nánar í aðstöðu Þjóðminjasafnsins á Tjarnarvöllum. Þeir gripir sem fundust tengjast frekar stofnunum og læknisfræði en nafngreindum einstaklingum. Skráning gripanna er áhugaverð en oft vantar upplýsingar um eigendur og notendur gripanna. Hafi þessar upplýsingar verið til staðar þegar gripurinn barst safninu eða ekki er óljóst. Hafa ber í huga að skráningin getur verið lituð af þeim tíma sem hún er gerð og hver skráir. Margir af þeim gripum sem féllu að rannsókninni eru gjafir frá læknum, félögum heilbrigðisstarfsfólks og sjúkrahúsum. Fyrstu niðurstöður benda til að þessir gripir segi bæði sögu lækninga og líknar en gefi einnig ýmsar vísbendingar um tilveru fatlaðs fólks. Það er gott að vera meðvitaður um það sem ekki finnst á söfnum og mikilvægt að gefa því gaum hvað vantar í safneignina. Margt bendir til þess að lítið sé vitað um fólkið sem notaðist við eða átti þá gripi sem skoðaðir voru. Einnig má áætla að lítill áhugi hafi verið fyrir að safna þessum gripum, þar sem af litlu er að taka.

Ríkey Guðmundsdóttir Eydal
Arndís Bergsdóttir

**„... kola í eldhúsi, pottar og pjátur
böggjar með snæri og bundið í kross
betra er ekki í heiminum hnoss.“**

Á Þjóðskjalasafni Íslands liggja tæplega 25.000 uppskriftir dánar- og skiptabúa frá lokum 17. aldar og fram á öndverða 20. öld. Þetta er mikill fjöldi skjala sem inniheldur upplýsingar um gríðarlegan fjölda hluta, hugsanlega tífalda fjölda þeirra muna sem geymdir eru á minjasöfnum landsins. Hér er að finna persónulegar eigur fólks, nafngreindra einstaklinga úr öllum landshlutum, af hinum ýmsu þjóðfélagsstigum, karla og kvenna, ungra sem aldinna. Í erindinu verður ýmsum grunnspurningum öndvegisverkefnisins Heimsins hnoss varpað fram og hinir ýmsu þræðir kynntir sem fylgja á eftir. Verkefnið var sett saman til að rannsaka þessar viðamiklu heimildir um tengsl manna og hluta á síðustu öldum Íslandssögunnar. Eins skyldi skoða sérstaklega þetta sérstaka safn efnismenningar sem birtist okkur í uppskriftunum, m.a. með því að endurspegla það í annars konar söfnum og heimildum um efnismenningu þjóðarinnar. Hugtakið „safn“ (e. archive) situr því í öndvegi rannsóknarverkefnisins þar sem skoða á eðli og eiginleika mismunandi efnismenningarsafna (e. material archives), hvernig þau miðla fortíðinni á ólíkan hátt og jafnframt hvernig þau í sameiningu geta veitt nýja sýn á efnisheim fortíðar.

Kristján Mímisson

Deilihagkerfi íslenskra sveita: Bókasafn Sighvats Grímssonar í Bjarnarfirði 1869-1873

Fjölmargar rannsóknir síðustu tveggja áratuga á sviði handritafræði, sagnfræði og bókmenntasögu hafa dregið fram þá mynd að bókleg iðkun meðal alþýðu á Íslandi á 18. og 19. öld hafi verið bæði útbreiddari og fjölbreyttari en áður var talið. Er þar einkum horft til svokallaðrar handritamenningar, þ.e. framleiðslu, miðlun og neyslu á handrituðu efni af ýmsu tagi. Á allra síðustu misserum hafa frumrannsóknir á áður lítt nýtum heimildaflokki gefið vísbendingar sem ganga í þveröfuga átt. Hér er átt við svokallaðar dánarbúsuppskriftir sem varðveittar eru í þúsundtali frá 18. og 19. öld. Slíkar skrár á eftirlátnum eigum fólks gefa alla jafnan skipulega og nákvæma mynd af lífskjörum einstaklinga og fjölskyldna, ekki síst fátækrar alþýðu, en í þeim fer jafnan lítið fyrir handrituðum bókum, sem og ritföngum. Sama má segja um prentaðar bækur skráðar í dánarbúum, þær eru að jafnaði fáar, gamlar og einhæfar í efni. Í þessu erindi verður lesið í heimildir um bókalán milli heimila í litlu sveitasamfélagi á seinni hluta 19. aldar og velt upp hvort eignarhald segi alla söguna um bóklega iðkun alþýðu fólks um og eftir miðja 19. öld eða hvort einhverskonar „deilihagkerfi“ hafi skipt þar meira máli? Er hugsanlegt að tiltölulega fáir einstaklingar hafi átt og miðlað lesefni í sínu nærumhverfi og þannig sinnt hlutverki óformlegra bókmenntastofnanna?

Davíð Ólafsson

Í blóma lífsins:

Eigur vinnuhjúa er létust af slysförum á 19. öld

Vinnuhjú á Íslandi voru tæplega 40% vinnuafis á 19. öld. Þessi háa hlutfallstala er rakin til hve fátækt sveitasamfélagið hér á landi var á þessum tíma. Laun vinnuhjúa voru lág og vinnu-mennska varð hlutskipti margra alla ævi. Dánarbúsuppskriftir eru góð heimild um veraldlega eign fólks á þessu tímabili og sýnir vel hve eigur þessa tiltekna hóps voru fábrotnar. Hin veraldlega eign fólks gefur innsýn í hversdagsleika almennings og kjör – betri en flestar aðrar fánlegar heimildir. Í fyrirlestrinum verða dánarbú vinnuhjúa á aldrinum 20–25 ára sem létust skyndilega skoðaðar. Rýnt verður í hverju eign þeirra var fólgin, hvaða veraldlegu gæði þessi aldursflokkur og stétt naut og hvort finna megi mun á milli einstaklinga hvað varðar efnahag og lífsgæði. Auk þess verða einnig tekin einstök dæmi þar sem lífshlaup valinna vinnuhjúa verða greind með heimildum eins og manntölum, sóknarmannatölum og dómabókum. Niðurstöður af rannsóknum á dánarbúsuppskriftunum sýna hve lítið þessi hópur hafði milli handanna í veraldlegri eign sem markaði hversdagslega upplifun hópsins af lífinu og tilverunni. Markmið þessa fyrirlestrar er því að veita nýtt sjónarhorn inn í daglegt líf fátækra einstaklinga sem létust fyrir aldur fram og skildu eftir sig hluti sem skilgreindu viðkomandi í samfélagi síns tíma.

Anna Heiða Baldursdóttir

**„... lætur eftir sig ekkju og fjögur börn“:
Afleiðing skipsskaða á reykvískar fjölskyldur í
upphafi 20. aldar**

Aðfararnótt föstudagsins 23. febrúar árið 1912 gerði austan fárviðri suður af Íslandi. Sex fiskiskip voru við veiðar á Selvogsbakka og hröktust undan óveðrinu að landi. Sex skipverjar drukknuðu þessa nótt og skipin öll meira og minna brotin og skemmd er þau komu að landi. Í samtímaheimildum þar sem greint er frá slysinu er tekið fram að þrátt fyrir hrakningarnar hafi afli verið góður. Sömu nótt hvarf þilskipið Geir með 27 manna áhöfn. Skipsskaðar voru tíðir á fyrstu áratugum 20. aldar og andlát heimilisfeðra gat leitt til þess að eftirlifendur voru nauðbeygðir til að leita til yfirvalda eftir aðstoð í lífsins ólgusjó. Í fyrirlestrunum verður fjallað um ekkjur sjómanna og fjölskyldur þeirra, meðal annars eiginkvenna manna sem fórust 23. febrúar, og líf þeirra og félagslega stöðu eftir makamissinn eins og það birtist í opinberum skjölum. Fyrirlesturinn byggir m.a. á skjölum Fátækranefndar Reykjavíkur en í skjölum nefndarinnar er að finna all nákvæmar lýsingar á eigum fólks, búsháttum og heilsufari þegar það leitaði til nefndarinnar. Fyrirlesturinn byggir á doktorsverkefni höfundar þurfamenn á vegum Reykjavíkurbæjar en rannsóknin er hluti af öndvegisverkefninu „Heimsins hnoss / My Favorite Things“.

Finnur Jónasson

Discursive Hijacking as Resistance to Equal Rights Policies in Academia

Inadequate implementation of gender and equal rights policies has been addressed in recent literature in terms of both resistance strategies and the importance of changes in discourse. In the context of a supposedly progressive Nordic research institution we argue for the existence of a specific form of resistance to gender equality and equal rights policies that we call discursive hijacking. Following a qualitative analysis of interviews with 16 current and former social scientists at the University of Iceland, we suggest that gender and equal rights discourses are sometimes ‚hijacked‘ and used in different ways to uphold an ‚aura of gender equality‘ in which equality is seen as a default condition in spite of evidence indicating otherwise. We identified three different typologies of discursive hijacking: 1) Current status or past achievements were used as reassurances that negated the possibility of inequality. 2) Institutional policy was uncritically perceived and promoted as accurately representing reality when it did not. 3) Gender equality discourse was used to create respectability or uphold a reputation rather than contribute to the improvement of material conditions.

Thomas Brorsen Smidt
Gyða Margrét Pétursdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

Tengslanet og ójafnrétti við æðstu stjórnun fyrirtækja

Karlar eru ráðandi í valdamiklum stöðum um heim allan og það sama á við hér á landi. Í efnahagshruninu árið 2008 varð gróskumikil vitundarvakning um einsleitni valdaelítunnar á Íslandi og raddir sem kölluðu eftir breyttum stjórnarháttum urðu háværar. Markmið rannsóknarinnar er að skoða orsakir rýrs hluta kvenna í stjórnunarstöðum. Í erindinu verður sjónum beint að tengslanetum karla og kvenna og hvernig þau taka þátt í að endurskapa og viðhalda einsleitni við æðstu stjórn fyrirtækja. Niðurstöðurnar byggja á 30 viðtölum við kven- og karlkynsframkvæmdastjóra í íslensku viðskiptalífi, tekin á árunum 2015 – 2016. Flestir viðmælendur voru sammála um gagnsemi óformlegra tengslaneta og tengsl þeirra við ráðningar. Niðurstöðurnar sýna að karlar eiga greiðari aðgang en konur að öðrum karlkyns stjórnendum. Á meðan að fjöldi kvenkyns viðmælenda gagnrýndu karlameninguna í kringum tengslanetin, sbr. það að fara í veiðiferðir, golf eða fótboltaferðir erlendis, þá einblíndu aðrar konur á nauðsyn þess að taka þátt í viðburðunum og gera eins og karlarnir. Karlkyns viðmælendur lögðu að jafnaði áherslu á að sá einstaklingur sem gengi til liðs við æðstu stjórnendur passaði í hópinn óháð kyni. Þar sem konur eru í miklum minnihluta í stjórnendastöðum má draga þá ályktun að netverk æðstu stjórnenda í atvinnulífinu tryggji körlum betri aðgang að stjórnunarstöðum en konum og viðhaldi þannig ójafnrétti kynjanna í atvinnulífinu.

Ólöf Júlíusdóttir

Laufey Axelsdóttir

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Þorgerður Einarsdóttir

Jafnræði eða sérstaða?

Stuðningur stjórnenda á Íslandi við kynjakvóta

Lágt hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum fyrirtækja hefur verið viðvarandi á atvinnumarkaðnum. Athygli rannsakenda hefur beinst að kynjakvótum í stjórnnum fyrirtækja og kynjaójafnvægi í framkvæmdastjórnnum. Í erindi mínu mun ég fjalla um stöðu kvenna og karla í æðstu stjórnunarstöðum fyrirtækja og þau rök sem stjórnendur beita þegar spurðir um mikilvægi þess að bæta kynjajafnvægi meðal stjórnenda. Einnig hvort rökin gefi vísbendingar um viðhorf þeirra til kynjakvóta í stjórnnum sem leið til að bæta kynjajafnvægi í framkvæmdastjórnnum. Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á rafrænni könnun sem send var í tölvupósti til æðstu stjórnenda í 250 stærstu fyrirtækjum landsins árin 2014 og 2015. Unnið var úr svörum 504 stjórnenda (138 konur og 366 karlar) með aðstoð tölvuforritsins SPSS. Við úrvinnslu gagna var notuð lýsandi tölfræði og fjölbreytuaðhvarfsgreining. Þá voru rök um sérstöðu og jafnræði nýtt til að auka skilning á viðhorfum stjórnenda. Sérstöðurök leggja áherslu á að framlag kvenna stuðli að nýju samhengi og lausnum en jafnræðisrök hafna því að konur mæti hindrunum sem karlar mæta ekki. Helstu niðurstöður gefa til kynna mikilvægi þess að nota bæði rökin til að stuðla að auknu kynjajafnvægi í stjórnunarstöðum fyrirtækja. Einnig eru vísbendingar um að stjórnendur veiti mögulegum áhrifum kynjakvóta út fyrir stjórnir fyrirtækja mótspyrnu þar sem jákvæð áhrif kynjakvóta í stjórnnum endurspeglar ekki í viðhorfum þeirra til aukins kynjajafnvægis í framkvæmdastjórnnum.¹

Laufey Axelsdóttir

Þorgerður Einarsdóttir

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

¹ Rannsóknin hlaut styrk frá Rannís 2014-2017.

**„Ég fæ fullt af slaka“:
Meðbyr og forréttindi karla á kynjuðum
vettvangi**

Á tiltölulega fáum árum hefur bein þátttaka karla í kynjajafnréttisstarfi og femínískri umræðu á Íslandi aukist talsvert. Rannsóknin miðar að því að gera þeirri þróun skil, og ýmsum þeim þáttum sem einkenna þátttöku karla í kynjajafnréttisstarfi á Íslandi. Þegar karlar stíga inn á slíkan vettvang kynjajafnréttisstarfs og femínisma, þar sem konur eru í miklum meirihluta, virðist ekki sem þeim mæti sérstakar hindranir. Þvert á móti benda frásagnir karlkyns og kvenkyns viðmælenda til þess að karlar njóti meðbyrs í starfi. Viðmælendur telja að það skipti máli að karlar taki þátt í kynjajafnréttisstarfi, en þau eru jafnframt meðvituð um að það felist áskorun í þeirri umframeftirspurn sem er að körlum á þeim vettvangi, það er að þar eru karlar fáir en jafnframt eftirsóttir. Í erindinu skoðum við hvernig þau forréttindi sem kynjakerfið veitir körlum birtist á þessum vettvangi - vettvangi sem einmitt fjallar um vald og kyn og hefur það markmið að breyta núverandi valdatengslum sem færa körlum forréttindi og völd á grundvelli kyns síns. Erindið byggir á viðtölum við konur og karla sem hafa tekið þátt í kvennabaráttu og kynjajafnréttisstarfi á Íslandi undanfarna fimm áratugi, og er rannsóknin hluti af doktorsnámi í kynjafræði við HÍ.

Arnar Gíslason
Þorgerður Einarsdóttir

„Vér skulum nú skoða draslið, sem hann hefir hrúgað saman í kring um sig“

Íslenskur tónlistararfur grundvallast að langmestu leyti á þjóðlagasafni sr. Bjarna Þorsteinssonar sem kom út á árunum 1906–1909 undir nafninu *Íslenzk þjóðlög* og hefur í dag öðlast stöðu í vitund fólks sem ómetanlegur menningararfur. Bjarni var sjálfmenntaður tónlistarmaður og naut aðstoðar jafningja sinna víða um land við þjóðlagasöfnun sína. Meðan Bjarni vann að söfnun sinni hlaut hann sjaldnast þann fjárhagslega stuðning og hvatningu sem hann sóttist eftir frá Alþingi og menningarstofnunum hérlandis. Í sumum tilfellum var beinlínis unnið gegn söfnun þjóðlaganna og útgáfu þeirra, á Alþingi og víðar. Eftir að safnið hafði verið gefið út hlaut það nokkuð harkalega dóma frá málsmetandi mönnum og var í kjölfarið mætt af nokkru fálæti meðal íslensks almennings. Saga *Íslenzkra þjóðlaga* er á margan hátt lýsandi dæmi um mörg þau úrlausnarefni sem þjóðfræðin stendur frammi fyrir; 11. stundin, leitin að upprunum, munnleg geymd, skráning og gildi varðveittra tilbrigða, sköpun þjóðarímyndar og menningararfs, auk þess sem menningarlegt auðmagn og menningarlegt forræði spila stóra rullu í þessari sögu. Rannsóknin miðar að því að varpa ljósi á útgáfu og viðtökur *Íslenzkra þjóðlaga* og ekki síst á andstöðuna sem sr. Bjarni mætti, og endurreisn safnsins þegar leið á 20. öldina og leið þess til þeirrar stöðu sem það nýtur í dag.

Pétur Húni Björnsson

Fallin spýta, flöskustútur og andaglas

Leikir barna eru oft órjúfanlegur hluti af hversdegi þeirra. Á sama tíma geta leikir líka verið leið barna til að yfirgefa hversdagsleikann og flytja sig yfir í annan heim þar sem veruleikinn er breyttur og aðrar reglur gilda. Hugtakið leikur er mjög yfirgrípsmikið og getur lýst öllu frá snjókast, bröndurum og hrekkjum yfir í dans, krossgátur og kossafLens. Leikir taka stöðugum breytingum, sumir verða úreltir og aðrir nýir koma í staðinn. Þeir mótast af bakgrunni, ímyndunarfli og sköpunargleði þeirra sem taka þátt og taka svo breytingum þegar þeir ferðast á milli hópa. Það að rannsaka leiki, venjur og menningu barna og unglunga getur sagt okkur ýmislegt um hugarheim þeirra og er því mjög mikilvægt að veita þjóðfræði barna og unglunga athygli í rannsóknum. Leikir eru einnig gott dæmi um óáþreifanlegan menningararf. Tekið verður dæmi um leikinn andaglas sem var viðfangsefni meistaraverkefnis höfundar. Á andaglasinu sést glöggst hvað einn leikur getur sagt okkur mikið um hugmyndir þeirra sem taka þátt í honum. Þar birtast átök milli barna og fullorðinna, hugmyndir þeirra um trú og öryggi. Einnig kom í ljós að leikir geta átt margt sameiginlegt við helgisiði. Höfundur tók viðtöl við 10 unglunga sem höfðu nýlega tekið þátt í andaglas. Auk þess voru framkvæmdar þátttökuathaganir sumarið 2018 þar sem leikir barna voru skoðaðir.

Dagrún Ósk Jónsdóttir

Flutningur þjóðfræði á sviði alþjóðasamninga

Þegar litið er á tilurð hugtaksins „óáþreifanlegur menningararfur“ sést að upphaflega var það tekið upp sem eins konar veigrunarorð yfir það sem kallað hefur verið á ensku “folklore” og við þýðum stundum sem „alþýðumenning“. Hugmyndir þjóðfræðinga um alþýðumenningu hafa því frá upphafi haft áhrif á inntak hugtaksins „óáþreifanlegur menningararfur“. Þessar hugmyndir tóku miklum breytingum á ofanverðri 20. öld en enn má sjá hvernig hugmyndir um alþýðumenningu sem einangraða innan hefðbundinna samfélagsgerða og í stöðugri útrýmingarhættu hafa haft varanleg áhrif á þá merkingu sem lögð er í „óáþreifanlegan menningararf.“ Með því að skoða skjalaslóðina sem ótal alþjóðlegar ráðstefnur og fundir hafa skilið eftir sig með gagnrýninni stofnanagreiningu má gera sér nokkuð góða mynd af þróun þessara hugmynda, hvaðan þær koma og hverjir hafa orðið til þess að ljá þeim vægi í umræðum og samningaumleitunum. Hér verður varpað ljósi á faglega ábyrgð þjóðfræðinnar og þjóðfræðinga á mótun þess sem varð óáþreifanlegur menningararfur. Tilgangurinn er að sýna fram á samhengi 50 ára samningaviðræðna innan alþjóðastofnana á borð við UNESCO og WIPO við sögu þjóðfræðinnar og meginstraums-hugmyndir innan hennar frá ólíkum tímum.

Áki Guðni Karlsson

Óápreifanlegur menningararfur á Íslandi: Samningur UNESCO um varðveislu menningararfða

Menningararfur er ekki aðeins ápreifanleg fyrirbæri á borð við safnmuni og húsbyggingar sem þarfnast verndunar og sérstakrar varðveislu. Önnur fyrirbæri, sem kunna að vera óápreifanleg, líkt og hefðir, siðir, venjur og verkunnátta sem berast á milli kynslóða geta einnig verið menningararfur. Aðgreining á milli ápreifanlegs og óápreifanlegs menningararfs, sem af fræðimönnum er þó hvorki talin nauðsynleg né gagnleg, er viðhaldið á vettvangi alþjóðasamfélagsins, m.a. í samningum Mennta- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) frá árinu 1972 um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims og frá árinu 2003 um varðveislu óápreifanlegs menningararfs. Í erindinu verður fjallað um samning UNESCO frá árinu 2003 um varðveislu óápreifanlegs menningararfs sem öðlaðist gildi hér á landi árið 2006 og nefnist í íslenskri þýðingu samningur um varðveislu menningararfða. Samningurinn leggur ýmsar skyldur á aðildarríki sín til að stuðla að viðhaldi og varðveislu óápreifanlegs menningararfs, sem m.a. er sagður mikilvæg driffjöður menningarlegrar fjölbreytni. Gerð verður grein fyrir lagalegri umgjörð og því efnislega inntaki sem óápreifanlegur menningararfur hefur fengið á vettvangi UNESCO. Þá verður farið yfir hvernig íslenski löggjafinn hefur fjallað um málefni óápreifanlegs menningararfs, hvar áhrifa samningsins sér stað og með hvaða hætti innleiðingu hans hér á landi hefur verið háttað. Þá verða greind þau grundvallarsjónarmið sem aðildarríki samningsins skulu hafa að leiðarljósi þegar kemur að varðveisluráðstöfunum samkvæmt samningnum.

Vilhelmína Jónsdóttir

„Virðing er mikilvæg svo báðum aðilum líði vel“: Eigindleg rannsókn á kynheilbrigði meðal ungra karlmannna

Samfélagið gerir kröfur til ungra karlmannna um karlmannlega framkomu í tengslum við kynlíf. Með MeToo byltingunni deildu konur reynslu sinni af óviðeigandi hegðun karlmannna. Í ljósi hugmynda um karlmennskuna og þessarar vitundarvakningar meðal kvenna er verðugt að öðlast betri skilning á þessum málum. Tilgangur rannsóknarinnar er að kalla eftir viðhorfum ungra karlmannna til kynheilbrigðis. Gerð var eigindleg rannsókn og tekin voru sex hálfopin djúpvíðtöl. Stuðst var við tilgangs- og snjóboltaúrtak við val þátttakenda. Valdir voru ungir karlmenn á aldrinum 18-22 ára, búsettir í höfuðborginni og úti á landi. Því næst var gerð þema- greining á gögnunum. Meginniðurstöður gáfu í fyrsta lagi til kynna að jafningjaþrýstingur á unglingsárum hafa áhrif á kynlíf ungra karlmannna og viðhorf þeirra til þess. Innan jafningjahópa væri meðal annars rík krafa til ungra karlmannna um að sýna karlmennsku í kynlífi. Viðmið um kynhegðun og framkomu kæmu jafnframt alls staðar að úr samfélaginu en einkum úr klámi. Í öðru lagi kom fram í máli ungu manna að þeir teldu samskipti í kynferðissambandi mikilvæg. Þeir voru sammála um að ábyrgð beggja aðila og virðing væru lykilþættir í góðu kynlífi. Í þriðja lagi kölluðu þátttakendur eftir aukinni fræðslu og vinnu með ungu fólki um kynheilbrigði. Í erindinu verður fjallað frekar um niðurstöður og hvernig megi nýta þær í stefnumótun og aðgerðir sem hafa að markmiði að auka kynheilbrigði ungs fólks.

Lóa Guðrún Gísladóttir
Ragný Þóra Guðjohnsen
Sóley S. Bender

„...ekkert spennandi við það að fá kynsjúkdóm“: Viðhorf unglingspíla til smokkanotkunar

Á Íslandi er nýgengi klamydíusýkinga með því hæsta sem vitað er um í heiminum og greinist sá kynsjúkdómur aðallega meðal ungs fólks. Há tíðni bendir til þess að í mörgum tilfellum sé smokkanotkun takmörkuð. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvaða þættir skipta máli við smokkanotkun unglingspíla hér á landi. Rannsóknin grundvallast á eigindlegri aðferð, rýnihóparannsókn. Þátttakendur voru valdir með tilgangs- og snjóboltaúrtaki. Þeir voru nemendur í framhaldsskólum í Reykjavík og á Akureyri. Tekin voru sex rýnihópaviðtöl. Voru þau skráð frá orði til orðs og greind með rammaaðferð. Alls tóku 35 unglingspílar þátt í rannsókninni og voru þeir á aldrinum 18-23 ára. Niðurstöður sýndu þrjú þemu, sem voru „að þekkja smokkinn“, „að hafa smokkinn í hendi“ og „notkunin sjálf - þegar á reynir“. Þeim fannst að þyrfti að bæta kynfræðsluna og var kynfræðsla foreldra takmörkuð. Þeir lýstu ýmsum hindrunum við að kaupa smokkinn og þeir töldu hann vera of dýran. Það gat reynst erfitt að nota smokkinn þegar á hólminn var komið en það var háð aðstæðum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að bæta þurfi fræðslu um kynheilbrigði í grunn- og framhaldsskólum meðal annars með því að gefa kennurum landsins kost á námskeiðum til að auðvelda þeim fræðsluna. Koma þarf skýrum skilaboðum til unglingspíla um smokkinn og notkun hans. Auk þess þarf smokkurinn að vera sýnilegur og aðgengilegur.

Sóley S. Bender

Sjálfsfróun kvenna

Sjálfsfróun kvenna hefur lengi verið bannhelg og fáar rannsóknir hafa kannað tilfinningar og viðhorf kvenna til sjálfsfróunar og þeirra eigin reynslu. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvaða þýðingu sjálfsfróun hefur fyrir konur. Gerð var samþætt fræðileg samantekt. Leitað var að rannsóknum um viðhorf, tilfinningar og reynslu kvenna af sjálfsfróun í gagnabönkum Pubmed og Scopus Aðeins voru valdar greinar sem skrifaðar voru á ensku, voru frá Evrópu eða Bandaríkjunum og voru birtar á árunum 2009-2017. Gagnagreining byggðist á átta rannsóknargreinum. Niðurstöður sýndu að konum er þröngvað til að brúa bil á milli tvöfaldra skilaboða samfélagsins og eigin hvata. Viðhorf þeirra til sjálfsfróunar voru bæði jákvæð og neikvæð. Fram kom að sjálfsfróun hefur jákvæð áhrif á kynheilsu, kynferðislega ánægju og valdeflingu kvenna. Þó svo að konur upplifðu vellíðan í sambandi við sjálfsfróun þá hafa kynjaðar staðalímyndir samfélagsins þau áhrif að konur fundu einnig fyrir neikvæðum tilfinningum til sjálfsfróunar. Neikvæðar tilfinningar sem konur fundu fyrir voru til dæmis skömm og sektarkennd. Draga þarf úr áhrifum rótgróinna staðalímynnda kynjanna í samfélaginu gagnvart sjálfsfróun með fræðslu um kynheilbrigði og minnka þannig neikvæð viðhorf kvenna til sjálfsfróunar. Beina þarf sjónum að jákvæðri líkamsímynd kvenna, valdeflingu þeirra og kynferðislegri ánægju.

Hulda Mýrdal Gunnarsdóttir
Sóley S. Bender

Stafrænt kynferðisofbeldi – Fræðileg samantekt

Stafrænt kynferðisofbeldi er vaxandi vandamál sem hefur verið áberandi í umræðunni síðustu ár. Ákveðin vitundarvakning hefur átt sér stað í samfélaginu. Með vaxandi tækni eykst umfang stafræns kynferðisofbeldis, dreifing efnis verður auðveldari og vettvangurinn umfangsmeiri. Markmið þessa ágríps er að skoða hvað felst í stafrænu kynferðisofbeldi, algengi þess og áhrif á þolendur. Verkefnið byggir á fræðilegri samantekt. Heimilda var aflað í gagnabönkunum PubMed, Cinahl, Science Direct og Scopus með ákveðnum leitarorðum. Leitarvélin Google var notuð við leit að íslenskum heimildum. Gagnaleit miðaðist við unglinga (10-19 ára) og ungmenni (15-24 ára). Miðað var við að nota heimildir frá síðustu 10 árum, ein heimild fellur utan þess. Stafrænt kynferðisofbeldi felur í sér dreifingu á ýmsu kynferðislegu efni í leyfisleysi. Birtingarmyndir þess eru ýmsar s.s. myndir, myndbönd og hljóðbrot. Erfitt hefur reynst að samræma skilgreiningu þess í fræðigreinum. Samkvæmt rannsóknum sem skoðaðar voru er algengi stafræns kynferðisofbeldis á bilinu 1,1-32%. Afleiðingar þess geta verið ýmsar og alvarlegar, má þar nefna sálrænar afleiðingar, s.s. lágt sjálfsmat, sjálfsvígshugsanir, þunglyndi og kvíða. Einnig getur stafrænt kynferðisofbeldi haft neikvæðar afleiðingar á fjárhag, starfsframa, fjölskyldutengsl og valdið erfiðleikum með traust. Þolendaskömm er algeng upplifun, þá sérstaklega hjá konum. Rannsóknir á viðfangsefninu og breytingar á lögum eru mikilvægar til að hægt sé að ákvarða hversu stórt vandamálið er og til að minnka þá mótstöðu sem þolendur mæta í samfélaginu.

Kolbrún Gunnarsdóttir

Ragna Björnsdóttir

**„Það verður að tala meira við krakkana sjálfa“:
Félagsleg þátttaka barna með einhverfu**

Í fyrirlestrinum verður greint frá hluta af eigindlegum niðurstöðum rannsóknarinnar *Lífsgæði og þátttaka barna og unglinga: Umbreytingarannsókn*. Framkvæmd rannsóknarinnar byggðist á aðferðum grundaðrar kenningar í anda Charmaz þar sem fyrstu fimm þrepunum var fylgt. Gagna var aflað með hálfopnum viðtölum við tíu einhverf börn á aldrinum 8-17 ára. Tilgangur viðtalanna var að þróa skilning á líðan og félagslegri þátttöku barnanna og greina þau ferli sem ýttu undir eða drógu úr þátttöku þeirra á mismunandi vettvangi. Í viðtölum við börnin komu fram fjórir megin flokkar: 1) Að stofna til og viðhalda vinasamböndum, 2) Að vera ein/n eða einmana, 3) Reynsla af einelti og 4) Skortur á félagslegum stuðningi. Flokkarnir endurspegluðu hvað börnunum þótti mikilvægast í tengslum við þátttöku sína í félagslegum aðstæðum og lýstu jafnt styðjandi þáttum sem og áskorunum. Í tveimur síðarnefndu flokkunum kom auk þess fram gagnrýni á ríkjandi hefðir og viðhorf innan félagslegs umhverfis þeirra, svo sem innan skólakerfisins. Börnin lögðu áherslu á mikilvægi þess að vera höfð með í ráðum um málefni þeirra og að tekið væri mark á upplifun þeirra og reynslu.

Linda Björk Ólafsdóttir
Snæfríður Þóra Egilson

**„Draumurinn væri að þurfa ekki að sanna endalaust að maður geti tekið þátt“:
Lífsgæði og þátttaka fatlaðra ungmenna**

LIFE-DCY rannsóknin beinist að lífsgæðum og þátttöku fatlaðra barna á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á upplifanir barnanna sjálfra og er því gagnaöflun með aðkomu barnanna sjálfra í sérstökum brennidepli. Einn liður eigindlegs hluta rannsóknarinnar byggist á rýnihópaviðtölum við ungt fatlað fólk um hugtökin lífsgæði og þátttaka. Markmiðið er að draga fram, með gagnvirkri samræðu, skilning og hugmyndir viðmælendanna sjálfra um hvað hugtökin fela í sér og hvernig sá skilningur hefur þróast frá barnæsku. Áhersla er lögð á merkingu þess að vera þátttakandi í þjóðfélaginu og hvernig þátttaka eða skortur á henni hefur áhrif á tækifæri til að lifa góðu lífi. Einnig er litið til samtvinnunar mismununar, t.d. á grundvelli fötlunar, kyngervis, og kynþáttar og áhrif hennar á lífsgæði og þátttöku. Í dag hefur gagna verið aflað með 16 þátttakendum í fjórum rýnihópaviðtölum. Fyrstu niðurstöður sýna að fötluð ungmenni leggja mikla áherslu á að búa við friðhelgi frá fordómum og að hafa frelsi til þess að skilgreina sig sjálf. Þátttaka þeirra í samfélaginu ræðst af því hvort þau hafa aðgengi að umhverfi sínu, upplýsingum, þjónustu sem þau stjórna og táknmálstúlkun í öllum aðstæðum. Viðmælendur eru sammála um að lífsgæði þeirra séu best tryggð þegar þau upplifa stöðugleika, geta átt samskipti sem ekki eru hlaðin fordómum, hafi rödd sem tekið er mark á og borin virðing fyrir til jafns við aðra.

Freyja Haraldsdóttir
Anna Sigrún Ingimarsdóttir
Snæfríður Þóra Egilson

Lífsgæði og þátttaka heyrnarlausra barna á Íslandi

Í rannsóknarverkefninu LIFE-DCY eru lífsgæði og þátttaka fatlaðra barna skoðuð út frá gagnrýnu sjónarmiði sem felur í sér að lögð er áhersla á raddir barnanna og upplifun þeirra sem staðbundna og afstæða. Í þessum fyrirlestri kynni ég fyrstu niðurstöður úr rannsókn um félagslega mótun lífsgæða og þátttöku heyrnarlausra barna. Um er að ræða eiginlega tilviksathugun sem gengur út á viðtöl við fjölskyldu heyrnarlauss barns og barnið sjálf, auk athugana á heimilinu og í skólanum. Gagnagreining var framkvæmd út frá sjónarmiði gagnrýnnar orðræðugreiningar með það að markmiði að komast að því hvernig lífsgæði og þátttaka eru skilgreind af barninu og fjölskyldunni. Auk þess var áhersla lögð á að fá innsýn í valdatengsl sem viðhalda ákveðnum viðhorfum um þátttöku og lífsgæði. Til að skilja betur valdatengsl var tekið tillit til samskipta fjölskyldna við aðila t.d. í heilbrigðis- og menntakerfinu. Fyrstu niðurstöður benda til þess að lífsgæði og þátttaka heyrnarlausra barna tengjast orðræðum um félagslegan og efnahagslegan árangur og tækifæri á sviði menntunar. Orðræða um mikilvægi þess að nota heyrnina til að tryggja framtíðarmöguleika heyrnarlausra barna er áberandi og tengist meðal annars ákvörðunum um þátttöku í námi og félagslífi. Auk þess er sjálfskilningur barns og fjölskyldu mikilvægur þáttur sem er í samspili við væntingar í tengslum við lífsgæði og þátttöku.

Stefan C. Hardonk

Notkun hrif-kenninga í gagnrýnum fötlunarfræðirannsóknum: Skömm og notkun hjálpartækja

Undanfarin ár hafa hrif-kenningar rutt sér til rúms í ýmsum femínískum og öðrum krítískum félagsvísindarannsóknum. Í þessu erindi er varpað ljósi á hvernig þær nýtast í fötlunarfræðirannsóknum. Hrif-kenningar geta skýrt sterkt tog í átt að ákveðnum hugmyndum frekar en öðrum sem varpar ljósi á bæði skömm og önnur neikvæð hrif, en líka á hrif sem sameiginlega reynslu. Bent hefur verið á hvernig hrif varpa ljósi á það hvernig menningarlegum gildum er miðlað. Abelísk gildi eru til dæmis þau að fullnægjandi líf finnist einungis í hinu hefðbundna, þar sem engin á að þurfa á aðstoð að halda. Skömm, undir áhrifum abelískra viðmiða, getur þar af leiðandi haft áhrif á það hvernig unglingar upplifa notkun hjálpartækja. Rannsóknir á meðal ungs fatlaðs fólks sýna að notkun á hjálpartækjum eins og hjólastólum minnkar oft, í það minnsta tímabundið, á unglingsárum. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að takmörkuð notkun dregur oft úr tækifærum til að taka þátt í sínu nærumhverfi. Fram að þessu hafa hrif-kenningar og gagnrýnin fötlunarfræði ekki tengst, en í þessu erindi verður farið yfir það hvernig hrif-kenningar eru notaðar til að rýna með gagnrýnum hætti í hjálpartækjanotkun fatlaðra unglunga. Notast er við tilviksrannsókn til að renna stoðum undir þessa fræðilegu röksemdarfærslu. Bráðabirgðaniðurstöður sýna hvernig hrif eins og skömm getur haft neikvæð áhrif á notkun hjálpartækja.

Ásta Jóhannsdóttir

Háskólar og lýðræði

Í erindinu verður greint frá helstu markmiðum, forsendum og áherslum rannsóknarverkefnisins *Háskólar og lýðræði*, sem styrkt er af Rannsóknasjóði Rannís. Verkefninu er ætlað að veita gagnrýnið sjónarhorn með því að vekja spurningar um þá forsendu að háskólar á Íslandi séu lýðræðislegar stofnanir sem styðji við heilbriggt lýðræðisþjóðfélag. Í rannsókninni er athyglinni beint að hugmyndum um háskóla og lýðræði eins og þær hafa þróast annars vegar í fræðilegum kenningum og hins vegar í framkvæmd. Með aðferðum hugtakagreiningar og heimspekilegrar gagnrýni verður leitast við að svara því hvaða hlutverk megi ætla háskólum í lýðræðisríki í ljósi ólíkra kenninga um það hvað háskóli sé og ólíkra kenninga um lýðræði, með sérstöku tilliti til spurninga um vægi þekkingar í lýðræðislegum stjórnarháttum og ákvörðunum. Einnig verða starfshættir í íslenskum háskólum rannsakaðir með tilliti til þess hvernig þeir falli að hugmyndum um lýðræðishlutverk háskóla. Notast verður við spurningakannanir, viðtöl, nemendadagbækur og þátttöku-athuganir til að kanna hvernig lýðræðisleg gildi birtast í námskrám, hvernig þeir sem starfa og nema í háskólum hafa áhrif á þróun námsins og háskólasamfélagsins, hvernig þeir skilja hugtakið lýðræði og hvernig stofnanalegir og ytri þættir hafa áhrif á lýðræðislega starfshætti innan háskólanna. Þannig er með samþættingu heimspekilegrar greiningar og reynslugagna reynt að komast að niðurstöðum um áhrif íslenskra háskóla á mótun lýðræðislegra borgara og lýðræðislegs samfélags.

Anna Ólafsdóttir
Sigurður Kristinsson

Háskólar, þekking og lýðræði

Lýðræði er stjórnskipun sem einkennist af því að allir borgararnir eru jafnir í hinu pólitíska kerfi, hver þeirra hefur eitt atkvæði og getur með því haft sömu áhrif og allir aðrir á niðurstöðu máls í kosningum. Staða borgaranna er hins vegar ójöfn á marga vegu og það getur haft áhrif á stöðu í lýðræðinu. Hér verður skoðuð ólík þekking borgaranna og hvaða áhrif sá breytileiki hefur á stöðu þeirra. Það er alls ekki fráleitt að líta svo á að mikil þekking borgara ætti að hafa áhrif á stöðu þeirra í stjórnkerfi. Platon taldi í Ríkinu að heimspekingarnir ættu að stjórna vegna þess að þeir hefðu víðtækustu og öruggust þekkinguna sem gerði þeim kleift að taka ákvarðanir sem óhjákvæmilega stuðluðu að almannaheill. John Stuart Mill taldi að þeir sem hefðu háskólapróf ættu að hafa tvöfalt atkvæði á við aðra. Háskólar þjóna því hlutverki að uppgötva þekkingu og móta nemendur í krafti hennar og þeirra sjónarmiða sem hún byggir á. En háskólar eru ekki lýðræðislegar stofnanir. Eitt höfuðeinkenni háskóla er ágreiningur um hvað sé gild þekking og sá ágreiningur er ekki leiddur til lykta með atkvæðagreiðslu. Hvernig geta háskólar verið hlutar af lýðræðinu og bætt það ef þeir sjálfir eru ekki lýðræðislegir?

Guðmundur Heiðar Frímannsson

Háskólar og lýðræðislegir starfshættir

Samkvæmt lögum um háskóla er hlutverk þeirra meðal annars að búa nemendur undir ábyrga þátttöku í lýðræðissamfélagi. Ekki er þó ljóst hvernig háskólastofnanir skilja og sinna þessu hlutverki. Eitt af markmiðum rannsóknarverkefnisins Háskólar og lýðræði er að beina sjónum að innra starfi háskóla og afla gagna um það hvort og hvernig starfshættir háskóla endurspeglar lýðræðisleg gildi. Nánar tiltekið; hvað er lýðræðislegt í starfi stofnunarinnar og hvað er það í starfi háskóla sem ætla má að búi nemendur undir ábyrga þátttöku í lýðræðissamfélagi? Í erindinu verður fjallað um fræðilegan bakgrunn þess hluta rannsóknarinnar sem snýr að innra starfi háskóla og tengsl við fyrirhugaða gagnasöfnun. Greint verður frá nýlegum rannsóknum og helstu álitamálum sem snúa að þátttöku nemenda og starfsfólks í ákvarðanatöku innan háskóla sem og í mati á námi og kennslu. Til dæmis hefur verið gagnrýnt að nemendafulltrúum sé ekki ætluð raunveruleg þátttaka í ákvörðunum sem lúta að námi þeirra og að þátttaka þeirra snúi gjarnan að markaðssetningu skólanna. Jafnframt verður rætt um rannsóknir á aðgengi nemenda að æðri menntastofnunum út frá ýmsum félagslegum þáttum.

Valgerður S. Bjarnadóttir

Ímynd Íslands

Ímynd er yfirgripsmikið hugtak sem getur haft mismunandi merkingu eftir stað og stund. Ímynd landa getur haft áhrif á hvernig gestir sjá og meta landið á öðrum sviðum og þannig haft áhrif á margvíslega uppbyggingu svo sem eins og fjárfestingar og ferðaþjónustu. Markmið fyrirlestursins er að kynna tiltekna aðferð við að leggja mat á ímynd landa en aðferðin hefur gengið undir nafninu vöru- eða skynjunarkort (*perceptual mapping*). Um er að ræða eina af þróaðri rannsóknaraðferðum á þessu sviði og er sú útfærsla sem kynnt er kennd við Lilien og Rangaswamy (2003). Þar eru niðurstöðu birtar á því korti þar sem ímyndin er metin út frá tilteknum eiginleikum í samanburði við önnur vörumerki. Vörumerkin geta verið hefðbundin vörumerki en einnig er hægt að leggja mat á ímynd fólks, skipulagsheilda og landa eins og fjallað er um í þessum fyrirlestri. Í fyrirlestrinum eru kynntar niðurstöður tveggja rannsókna þar sem þessi aðferð er notuð. Annars vegar er lagt mat á það hvort efnahagshrunið hafi haft áhrif á ímyndina og hins vegar hvort eldgosíð í Eyjafjallajökli hafi haft áhrif á ímyndina. Þetta er áhugavert í ljósi þess að frá þessum tíma (2012) hefur ferðamönnum fjölgað mikið á Íslandi og er því í undirbúningi að kanna, með sömu aðferð, áhrif aukins fjölda á ímynd landsins.

Þórhallur Guðlaugsson

Breytingar í umhverfi íslenskrar ferðaþjónustu og áhrif þeirra á ímynd gesta

Ferðageirinn á heimsvísu hefur vaxið að meðaltali um 4% á ári síðan 2010 en 2017 var hann þó mestur eða um 7% (WTO, 2018). Má því álykta að þessi vöxtur skapi tækifæri fyrir áfangastaði og markaðsstofur til að laða að ferðamenn með ákveðinni staðfærslu. Ímynd landa og svæða er margþætt fyrirbæri og hefur áhrif á val ferðamanna. Ímynd Íslands er sterk og sýna rannsóknir að hvorki efnahagshrunið né eldgosíð í Eyjafjallajökli höfðu áhrif á hana (Guðlaugsson & Larsen, 2015.) Frá 2010 hefur ferðaþjónusta á Íslandi einkennst af fádæma vexti þar sem fjöldi ferðamanna hefur vaxið um 25% að meðaltali árlega (Ferðamálastofa, 2018). Ýmsar breytingar í umhverfi ferðaþjónustu hafa fylgt í kjölfarið á þessum vexti eins og fleiri og fjölbreyttari fyrirtæki, breyttri samsetningu ferðamanna, og breyttu viðhorfi heimamanna. Í erindinu verður fjallað um helstu breytingar í umhverfi ferðaþjónustu á Íslandi og hugsanleg áhrif á ímynd landsins. Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: „Hefur fjölgun ferðamanna einhver áhrif á ímynd Íslands meðal gesta?“ Tilgangur rannsóknar er kanna hver ímynd Íslands er, hverjir eru keppinautar Íslands sem áfangastaðar og hver ætti staðfærslan að vera. Annar höfunda er í doktorsnámi og er erindið hluti af því.

Brynjar Þór Þorsteinsson
Þórhallur Guðlaugsson

Uppbygging þjónustuhneigðar

Í fyrirlestrinum verða kynntar niðurstöður rannsóknar sem byggja á viðtölum við stjórnendur Farfugla SES, sem er sérleyfisi-hafi fyrir Hostelling international (HI) á Íslandi. Markmið með rannsókninni var að kynnast fyrirtækinu og því starfi sem þar fer fram með sérstaka áherslu á fyrirtækjamenningu, hvernig henni væri best lýst að mati viðmælenda og hvernig sköpun menningar og innleiðingu væri háttað. Viðtölin voru greind með fyrirbærafræðilegri nálgun og svör þátttakenda mátuð við áherslur og undirstöður fyrirtækjamenningar sem nefnist þjónustuhneigð (SERVMO) og menningarvídda sem hún byggir á. Sýnt hefur verið fram á tengsl þjónustuhneigðar við aukin þjónustugæði og þar með ánægju viðskiptavina. Slík menning, eða hugsunarháttur, gæti því hentað vel þeim fyrirtækjum sem vilja leggja áherslu á þjónustu til viðskiptavina og/eða hafa þjónustu að megin starfsemi. Fyrirtækjamenning er mismunandi milli fyrirtækja og jafnvel ólík milli deilda innan þess. Hvernig fyrirtækjamenning er best er ef til vill nokkuð umdeilt og fer það í einhverjum tilfellum eftir rekstrarlegum markmiðum og forsendum. Það er þó óumdeilt að menning, uppbygging og innleiðing ákveðinnar menningar í starfseminu er mjög mikilvæg til þess að ná betri árangri. Helstu niðurstöður benda til að þjónustuhneigð sé, að hluta til, til staðar og að uppbygging menningar sé ómeðvituð.

Magnús Haukur Ásgeirsson

Markhópagreining í ferðaþjónustu: Norðlægur slóðir og ábyrgir ferðamenn

Mikilvægt er fyrir íslenska ferðaþjónustu að finna og laða til landsins þá ferðamenn sem sýna af sér ábyrga ferðahegðun. Þeirri spurningu sem leitast verður við að svara í erindinu er einn hluti stærra rannsóknarverkefnis. Rannsóknarspurningin í þessum hluta er: Hver eru einkenni ábyrga ferðamanna með áhuga á norðlægum slóðum? Mikilvægt er að skoða hvað einkennir ábyrga ferðamenn svo hægt sé að hefja samtál við þá og laða þá frekar til landsins með sjálfbærni íslenskrar ferðaþjónustu í huga. Náttúran er undirliggjandi þáttur í komu ferðamanna til landsins og því mikilvæg auðlind sem hlúa þarf að og stuðla að ábyrgri ferðahegðun. Greining rannsóknarinnar byggir á gögnum frá sjö lykilmarkaðssvæðum íslenskrar ferðaþjónustu með svörum 2.000 þátttakenda og 36 lykilsurningum. Spurningalíkanið tekur á landfræðilegum, lýðfræðilegum, hegðunar- og lífstílsbreytum til að flokka niður markhópa. Helstu niðurstöður lýsa þeim markhópum sem hafa áhuga á að ferðast til Íslands vegna náttúru, menningar og sögu, afþreyingar og þjónustu sem þeir sækjast eftir sem uppfyllir þarfir þeirra og óskir.. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa því töluvert gildi fyrir ýmsa hagsmunaaðila í íslenskri ferðaþjónustu.

Kári Joensen

Brynjar Þór Þorsteinsson

Einar Svansson

**„Þetta er meira spurning um markaðsherferð.
Eitt er það sem við segjum á netinu og svo fær
fólk önnur skilaboð þegar það mætir til landsins“**

Íslensk ferðapjónusta hefur vaxið hratt á síðustu árum. Samkvæmt mælingum Ferðamálastofu hefur ferðamönnum fjölgað um og yfir 20% á ári, frá árinu 2011. Í könnunum Ferðamálastofu á viðhorfum gesta kemur skýrt fram að náttúran er eitt helsta aðráttarafl Íslands. Erlent ferðafólk sækir í ósnortin víðerni og þann margbreytileika sem íslensk náttúra býður upp á. Gestir sækja Ísland heim með ákveðnar væntingar í huga. Það eru ótal atriði sem hafa áhrif á væntingar. Markaðs- og kynningarstarf ferðapjónustuaðila og hins opinbera og það efni sem gestir deila sjálfir á samfélagsmiðlum. Kveikjan að erindi þessu eru ummæli frá íslenskum ferðapjónustuaðila sem varð uppvís að misvísandi skilboðum til ferðafólks. Samkvæmt kenningum samhæfðar boðmiðlunar er mikilvægt að senda út sömu skilaboð alls staðar. Einnig er mikilvægt að byggja upp raunhæfar væntingar til að valda ekki vonbrigðum. Meginmarkmið þessa erindis er að gera grein fyrir rannsókn sem höfundar framkvæmdu á boðmiðlunarefni frá völdum ferðapjónustuaðilum. Höfundar völdu ferðapjónustuaðila, bæði opinbera og í einkageiranum og greindu boðmiðlunarefni þeirra með tilliti kenninga samhæfðrar boðmiðlunar. Í ljósi þess að íslensk náttúra er viðkvæm og mikilvægt er að vernda hana og ganga um hana af virðingu lék höfundum forvitni á að kanna hvernig náttúran birtist í auglýsingum og kynningarefni og hvernig mætti silja þau skilaboð. Meginniðurstöður eru þær að greina megi misvísandi skilaboð hjá íslenskum ferðapjónustuaðilum til erlendra gesta.

Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir
Hafdís Björg Hjálmarsdóttir

Samfélagið með eða gegn Birni Sigurði Jónssyni? Rýnt í ummæli, úrskurði og almenn viðbrögð yfirvalda við fyrirferðarmiklum samferðamanni

Það er áhugavert af stefna saman samtímaheimildum frá andlegum og veraldlegum yfirvöldum og nýta þær til að varpa ljósi á mun flóknari lífsferil einstaklings sem lifað hefur í rituðum frásögnum sem falla undir bókmenntagreinarnar „Þjóðlegur fróðleikur“ eða „Sögur af einkennilegu fólki“ Þetta er hægt með því að fylgja einstaklingnum eftir frá ári til árs úr einni heimildinni yfir í aðra og búa til það sem nefnist lífsþráður hans. Að þessu sinni verður lífþráður Björns Sigurðar Jónssonar, f. 1856, d. 1908, spunninn upp úr tiltækum opinberum heimildum. Sem dæmi um heimildaflokka er liggja til grundvallar eru kirkjubækur, sóknarmannatöl, gerðabækur hreppsnefnda, dánarbús-uppskriftir svo fátt eitt sé talið. Ummæli og úrskurðir yfirvalda eru orðræðugreind og sett í samhengi við samfélag það sem þau spretta úr hverju sinni. Lífsþræði Björns Sigurðar er svo að lokum vafið saman við þær sögur sem af honum voru sagðar að honum látnum. Aðferðafræði lífsráðarannsókna er tímaflek og krefst víðtækrar þekkingar á samfélagsástandi hvers tíma auk þekkingar á „persónum og leikendum“ hverju sinni.

Sigurður Gylfi Magnússon
Sólveig Ólafsdóttir

Án dóms og laga? Fatlað fólk í Alþingisbókunum, Fornbréfasafninu og Annálum

Í gerðabókum Alþingis við Öxará frá árunum 1570–1800 birtist með skýrum hætti samfélag sem mótast af náttúruvám, fátækt og úrræðaskorti stjórnvalda. Mikil upplausn einkenndi íslenskt samfélag á þessum tíma sem reyndist stjórnvöldum þrautinni þyngrri að ná stjórn á. Fyrirlesturinn tengist sameiginlegri rannsókn við öndvegisverkefnið Fötlun fyrir tíma fötlunar (e. Disability before disability) við Háskóla Íslands sem dr. Hanna Björg Sigurjónsdóttir stjórnar. Ásamt því að rannsaka heimildirnar sem er að finna í Alþingisbókunum var farið yfir Fornbréfasafnið og Annála á sama tímabili. Þessar heimildir skarast og þar með aukast líkurnar á að vitnisburður um aðstæður fatlaðs fólks finnist frá fyrri öldum. Markmið rannsóknarinnar var að draga fram mannlýsingar og þar með fólk með fötlun í íslensku samfélagi. Gert verður grein fyrir þessum heimildum og gildi þeirra ásamt því að taka fyrir valda einstaklinga sem uppi voru á ólíkum tímum og fjalla um aðstæður þeirra. Farið verður yfir hvernig heimildirnar og einstaklingarnir tengdust rannsókninni sem viðfangsefni. Um er að ræða grundvallar heimildir í íslenskri sögu þar sem mikilvægan vitnisburður er að finna um það hvernig fólk með fötlun eða fatlanir af einhverjum toga var meðhöndlað í samfélaginu.

Daníel Guðmundur Daníelsson

Sólskinsauga eða búfræðingur? Síðari tíma frásagnir af eftirminnilegum manni

Fjallað verður um Björn Sigurð Jónsson, andlega seinfæran og málhaltan mann sem var uppi á seinni hluta 19. aldar í Þingeyjarsýslu, á tíma þegar nánast engin úrræði voru í boði fyrir andlega eða líkamlega skerta einstaklinga hérlandis. Björn „búfræðingur“ eða „sólskinsauga“, eins og hann var kallaður, varð oft fyrir barðinu á „gárungunum“ í samfélaginu sem oftar en ekki spiluðu með hann og hvöttu til ýmissa skrípaláta og annarra verkefna sem vöktu hlátur nærstaddra. Síðan gengu sögur um hann manna á milli og hafa á 20. öldinni birst í greinum og bókarhlutum um „einkennilegt fólk“, svokölluðum þjóðlegum fróðleik. Farið verður ofan í saumana á þremur frásögnum af Birni eftir þrjá höfunda og textarnir bornir saman og greindir með tilliti til orðræðu og tilgangi frásagnarinnar, ásamt því að höfundarnir sjálfir verða skoðaðir. Erindið tengist sameiginlegri rannsókn við öndvegisverkefnið Fötlun fyrir tíma fötlunar (e. Disability before disability) við Háskóla Íslands sem dr. Hanna Björg Sigurjónsdóttir stjórnar. Þar hefur verið farið yfir prentaðar heimildir frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar og safnað saman frásögnum af óvenjulegu fólki sem er nafngreint, m. a. í verkum sem teljast til þjóðlegs fróðleiks, ásamt blöðum og tímaritum sem eru aðgengileg á timarit.is.

Marín Árnadóttir

Örskilaboð á íslenskan pappírsfána: Upplifun ferðamanna og þátttaka í íslenskum gjörningi

Ef litið er yfir svið ferðaþjónustunnar síðustu tvo áratugi eða svo má greina aukna áherslu á hvers kyns þátttöku ferðamanna, upplifun þeirra og sköpun. Markmið rannsóknar var að kanna upplifun erlendra ferðamanna sem hingað koma með hliðsjón af kenningum um sviðsetningu og iðkun ferðamannastaða. Leitað var eftir því hvað ferðamennirnir skilgreina sem upplifun hér á landi, hvernig þeir tjá hana og hvort draga mætti lærdóm af þeirri upplifun. Rannsóknin var í formi gjörnings sem fram fór í Reykjavík árið 2017. Í honum fólst að 75 ferðamenn skráðu upplifun sína á íslenska pappírsfána sem þeir negldu á spýtur og lögðu fram til sýnis fyrir vegfarendur á opnu svæði í miðborginni. Með þessu móti var höfðað til ferðamannanna sem skapandi einstaklinga þar sem gjörningurinn var verkfæri þeirra til tjáningar. Fylgst var með því hvernig þeir notuðu svæðið á meðan á gjörningnum stóð. Við greiningu gagna voru fánarnir þemagreindir, en auk þess var stuðst við ljósmyndir og myndbönd frá vettvangi. Sambærilegur gjörningur fór fram árið 2000 og voru niðurstöður hans að hluta til bornar saman við síðari gjörning. Þær gefa vísbendingar um áhuga ferðamannanna og væntingar. Ferðamennirnir tjá upplifun sína af landinu á afar fjölbreyttan hátt og svo virðist sem þeir sækist eftir persónulegum tengslum við heimamenn og kjósi að vera þátttakendur í sköpun eigin áfangastaða.

Bryndís Jóhanna Jóhannesdóttir

Samsköpun náttúru: Ljósmyndun sem skapandi athöfn í ferðamennsku

Þetta erindi fjallar um náttúru ljósmyndun ferðamanna sem skapandi athöfn. Rýnt verður í ljósmyndir ferðamanna á Ströndum sem safnað var sumarið 2011 með það fyrir augum að greina hvað einkennir Strandir sem áfangastað. Ljósmyndun ferðamanna hefur verið mikið til umfjöllunar í ferðamálafræðunum, ekki síst síðan John Urry setti fram kenningu sína um ferðamannaglapið (e. the tourist gaze) í byrjun 10. áratugar síðustu aldar og umfjöllun hans um túlkunarhringinn sem leggur áherslu á hvernig myndefni markaðssetningar í ferðaþjónustu stýrir gjörðum ferðamannsins í vali hans á myndefni. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Urry setti fram hugmyndir sínar og hefur umfjöllun um þær ekki verið gagnrýnislaus. Gagnrýnin hefur einna helst beinst að framsetningu hans á ferðamanninum sem óvirkum gerenda sem að einungis fylgir uppskriftum ferðaþjónustunnar. Jonas Larsen hefur t.d. fjallað um ljósmyndun sem félagslega athöfn sem að fer fram í fjölþættum tengslum sjálfsins við nærumhverfið, mennskt og ómennskt. Þar að auki hefur Steve Garlick fjallað um listræna sköpun sjálfsins í ljósmyndum ferðamanna. Erindið leggur sérstaka áherslu á listræna sköpun ferðamannsins og tengsl hans við umhverfið í náttúru ljósmyndum á Ströndum eins og þau birtast í þeim tæplega 200 ljósmyndum sem safnað var. Sérstaklega verður dregin fram sú samsköpun, manns og umhverfis, sem að birtist í myndsköpuninni.

Katrín Anna Lund

Skapandi ferðamennska, vöruvæðing og ofgnótt

Skapandi ferðamennska hverfist um tengsl. Þau tengsl sem við sköpum á ferðalögum okkar við annað fólk, efnismenningu og náttúru ólíkra áfangastaða. Hugtakið leggur í sjálfu sér áherslu á gerendahæfni ferðamannsins. Í stað þess að líta svo á að ferðafólk séu óvirkir neytendur sem láta teyma sig hingað og þangað í krafti ímynda og auglýsingamennsku dregur skapandi ferðamennska upp mynd af ferðamönnum sem sjálfstæðum og virkum gerendum sem nota ferðalög í og með til að vaxa og þroskast sem einstaklingar. Það er freistandi að líta svo á að í skapandi ferðamennsku leynist lausn á þeim vandamálum sem óheftur vöxtur fjöldaferðamennsku felur í sér, s.s. of miklu álagi á náttúru og vöruvæðingu á menningu áfangastaða. Í þessu erindi mun ég velta þeirri spurning fyrir mér hvort að skapandi ferðamennska sé á einhvern hátt lausn á vöruvæðingu menningar og ofgnótt ferðapjónustu (e. Overtourism). Ég mun byrja á að fjalla um hugtakið skapandi ferðamennska, forsendur þess og einkenni með hliðsjón af dæmum um slíka ferðamennsku/þjónustu. Því næst set ég hugtakið í samhengi við umræðu um vöruvæðingu og ofgnótt ferðapjónustu. Erindið dregur fram að þó að hugtakið skapandi ferðamennska leggi til mikilvægan skilning á hvötum og iðkun ferðamennsku og geti leitt til nýsköpunar í ferðapjónustu feli það ekki í sér lausn á áskorunum ferðapjónustu.

Gunnar Þór Jóhannesson

Iceland Airwaves, ferðamennska og íslensk tónlist

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves verður haldin í 20. sinn í haust. Hátíðin er sú elsta sinnar tegundar á Íslandi og sú stærsta hvað varðar fjölda erlenda gesta. Markmið hátíðarinnar var og er að koma íslenskri tónlist á framfæri, efla menningarlíf Íslendinga og að fjölga ferðamönnum til Íslands utan háannatíma. Ætla má að samfélagslegur ávinningur af hátíðinni sé nokkur, bæði vegna efnahagslegra áhrifa og listræns ávinnings, og því er hátíðin ákjósanlegur vettvangur fyrir rannsóknir sem snúa að skapandi greinum og skapandi ferðamennsku. Fjallað verður um Iceland Airwaves út frá kenningum um tónlistar- og hátíðarferðamennsku og áhrif hennar skoðuð bæði hvað varðar íslenska tónlistariðnaðinn og samfélagið í heild. Í greiningu er byggt á fyrirliggjandi gögnum um tónlistarhátíðina sem og viðtölum við aðstandendur hennar. Iceland Airwaves fellur vel að skilgreiningum um hátíðarferðamennsku, þar sem fólk kemur víðsvegar að til að mæta á og upplifa tímabundinn viðburð. Samkvæmt skilgreiningum O'Sullivan og Jackson (2002) telst Iceland Airwaves til „stórahvellshátíða“ (e. big-bang). Slíkar hátíðir eru skipulagðar í samstarfi milli einkageirans og opinberra aðila og hafa bæði menningartengd og efnahagsleg markmið. Um leið hefur Iceland Airwaves ákveðin sérkenni sem marka henni stöðu á alþjóðlegum vettvangi. Þá hefur Iceland Airwaves gegnt mikilvægu hlutverki fyrir íslenska tónlistariðnaðinn, sem samskipta- og tengslamyndunarvettvangur og farvegur hugmynda.

Erla Rún Guðmundsdóttir
Margrét Sigrún Sigurðardóttir
Magnús Þór Torfason

Shifting images of homeland: the case of a displaced Roma community

This paper explores the shifting narratives and images of homeland within a displaced community of Bosnian Roma. For decades, these persons have been living in shanties at the outskirts of Rome (Italy). Recently, with the end of the conflicts in former-Yugoslavia and the gradual regularization of the juridical condition as immigrants, some Roma eventually started returning to Bosnia on regular basis, but only for short summer trips. Building on long term ethnographic fieldwork, and drawing on the literature on diaspora and return migration, this paper discusses the change, in the arch of two decades, of the Roma's narratives and imageries about Bosnia. Such changes will be analysed in relation to both the Roma's gradual acquaintance to Rome and its informal ghettos, and the radical transformations occurred in former-Yugoslavia in recent times. I thus argue that Bosnia, once depicted as a land that the war had made inaccessible but where the Roma felt nonetheless part of the local socio-economic fabric, has gradually acquired an ambiguous character. Indeed, while still object of nostalgic memories, Bosnia is today portrayed as an empty and unfamiliar land where the Roma feel out-of-place.

Marco Solimene

Staðartengsl innflytjenda

Eitt form þess hvernig fólk samsamar sig því samfélagi sem það finnur sig í er með því að mynda svokölluð staðartengsl (e. *place-attachment*) sem lúta að því tilfinningasambandi sem fólk myndar við staðinn sem það dvelur á. Almennt er talið að staðartengsl tengist lífsánægju fólks og sálarheill en að rótleysi af þessum toga geti haft neikvæð áhrif á líðan og velferð. Til skamms tíma litu fræðimenn gjarnan svo á að löng búseta á tilteknum stað væri grundvöllur staðartengsla. Fólk sem búið hefði alla sína tíð á tilteknum bæ eða héraði, og gæti jafnvel rakið ættir sínar langt aftur á þeim stað, hefði sterk tengsl við staðinn; löng dvöl á staðnum hefði mótað veruhátt og minningar sem gerði það að verkum að fólk samsamaði sig staðnum og upplifði að rætur þess lægju þar. Að sama skapi var gengið út frá því að staðartengsl aðfluttra væru lítil eða veik; þeir upplifðu rótleysi í nýjum heimkynnum um leið og tilflutningurinn aftengdi þá upprunastaðnum. Rannsóknir síðari ára sýna að orsakasambandið er margbrotnara eins og fram kemur í erindinu þar sem kynntar verða fyrstu niðurstöður viðtalsrannsóknar þar sem rætt var við innflytjendur frá Austur-Evrópu m.a. um hvernig og að hvaða leyti þeir hafa skapað sér staðartengsl í Reykjavík og hvernig og að hvaða marki þeir viðhalda staðartengslum við fyrri heimahaga.

Ólafur Rastrick

Áhrif samfélagsmiðla á þverþjóðlegt líf Spánverja á Íslandi

Mikill fjöldi Spánverja hefur flust frá heimalandi sínu í kjölfar efnahagskreppunnar sem skók heiminn árið 2008 og setti líf og afkomu fólks víða í uppnám. Fjöldi Spánverja á Íslandi hefur rúmlega þrefaldast í kjölfarið. Erindið byggir á doktorsrannsókn Sigrúnar K. Valsdóttur sem framkvæmd var á árunum 2017-2018 og skoðar þverþjóðlegt líf Spánverja sem eru búsettir á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á að skoða áhrif samfélagsmiðla á samskipti fólks á milli landa og hvort notkun slíkra miðla stuðli að því að fólki finnist það tilheyra fleira en einu samfélagi. Áhugavert er að greina hvort landfræðileg búseta hafi ekki lengur sömu takmarkandi áhrif á líf og skynjun fólks fyrir tilstuðlan hinna nýju miðla. Gagnaöflun fór fram í eigindlegum viðtölum við 30 einstaklinga og kortlagningu og greiningu á félagsnetum þeirra, en seinni aðferðin gagnaðist vel því margir í umræddum hópi hafa búið í fleiri en einu ríki og þar af leiðandi eru félagsnet þeirra hvorki sýnileg né bundin við afmarkaðan stað. Niðurstöðurnar sýna að samfélagsmiðlar eru mikilvægt tól, veruleiki, sem gerir fólki kleift að viðhalda félagsnetum sínum, bæði hérlandis og erlendis. Enn fremur auðvelda þessir miðlar fólki að vera virkir þátttakendur á fleiri en einum stað og má sjá tengingu á milli daglegrar notkunar samfélagsmiðla og þeirrar tilfinningar að þátttakendum finnist þeir tilheyra íslensku og spænsku samfélagi samtímis.

Sigrún K. Valsdóttir

„Hvar lætur maður jarða sig?“ Þverþjóðleiki og Íslendingar í Danmörku

Erindið er byggt á samnefndu meistaraverkefni þar sem sjónum var beint að þverþjóðlegum tengslum og þjóðerniskennd meðal Íslendinga búsettra í Kaupmannahöfn. Í umræðunni um innflytjendur er oft lögð áhersla á mikilvægi aðlögunar þeirra að nýju landi, en rannsóknir benda þó til þess að sterk tengsl við heimaland séu mikilvæg fyrir marga sem setjast að í nýju landi. Í rannsókninni voru tekin eigindleg viðtöl við fimm Íslendinga, þrjár konur og tvo karla, sem hafa verið búsett í Danmörku í meira en áratug og skoðað hvernig uppruni þeirra mótar líf þeirra sem innflytjenda þar. Viðmælendur voru allir fjölskyldufólk á milli þrítugs og fertugs. Rannsókuð voru tengsl þátttakenda við Ísland og hvernig þeir upplifðu þjóðerniskennd í ljósi þess að vera búsettir utan heimalandsins. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þrátt fyrir að telja sig aðlagast vel í nýju landi, sé þjóðerniskennd og tilfinningatengsl við náttúru Íslands sterk meðal viðmælenda. Þjóðerniskennd þátttakenda birtist ekki síst í afstöðu þeirra til barna sinna, sem þeir líta gjarnan á sem Íslendinga fyrst og fremst, þrátt fyrir að leggja ekki endilega upp úr því að þessi önnur kynslóð innflytjenda tali íslensku eða tileinki sér íslenska menningu á annan hátt. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi samsömunar vegna þjóðernis á tímum mikilla fólksflutninga og mikilvægi þess að skoða margbreytilegar þjóðernishugmyndir

Birna Margrét Júlíusdóttir
Kristín Loftsdóttir

Ráðum við frekar Guðmund og Önnu heldur en Muhammed og Aishu? Áhrif íslamsks nafns í ferilskrá

Á síðustu árum hafa komið fram töluvert af dæmisögum um fordóma í garð útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Útlendingar virðast samkvæmt þessum sögum eiga erfiðara með að komast í viðtöl, fá menntun sína metna að verðleikum og fá sambærileg laun og Íslendingar. Meginlegar rannsóknir og mælingar á fordómum hefur hinsvegar skort á Íslandi. Bæði innlendir og erlendir rannsóknir benda til þess að sérstaklega mikilla fordóma sé að gæta gagnvart einstaklingum með íslamskan bakgrunn. Fyrir vikið var í þessari rannsókn ákveðið að skoða sérstaklega fordóma gagnvart íslömskum innflytjendum. Til að einangra fordóma frá öðrum mögulegum breytum er tilraunasniði beitt. Starfslýsing og fjórar ferilskrár voru settar upp og var almenningur beðinn að meta einn umsækjenda af handahófi. Umsækjendur voru eins að öllu leyti öðru en því að nöfn (íslensk tilvísun, íslömsk tilvísun) og kyn (kona, karl) voru mismunandi. Niðurstöður benda til þess að töluverðir fordómar séu til staðar gagnvart einstaklingum með nöfn sem gefa til kynna að þau séu múslímar. Þrátt fyrir að eiginleikar aðferðafræðinnar leiði til vanmats á fordómum teljast þeir töluverðir. Launamunur sem myndast vegna íslamsks bakgrunns er til dæmis töluvert stærrí en launamunur kynjanna á Íslandi. Í samræmi við erlendir rannsóknir virðast þeir fordómar vera meiri gagnvart kvenkyns heldur en karlkyns íslömskum umsækjendum.

Kári Kristinsson

Margrét Sigrún Sigurðardóttir

Börn af erlendum uppruna: Væntingar til náms að loknum grunnskóla

Skólasókn barna af erlendum uppruna eftir að skyldunámi lýkur er nokkuð minni en barna af íslenskum uppruna. Á þetta hefur réttilega verið bent, og er sérstaklega tiltekið í þingsályktunartillögu um framkvæmdaráætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019. Áhersla er lögð á stuðning alla skólagöngu, og að börnin tileinki sér íslensku sem annað mál. Aftur á móti er einnig mikilvægt að þekkja aðrar hindranir sem þessi börn mæta, eða telja sig mæta, sem dregur úr að þau sækist í framhaldsnám. Í þessu erindi verður fjallað um fyrstu niðurstöður yfirstandandi doktorsrannsóknar en markmið hennar er að gefa mynd af stöðu barna af erlendum uppruna við lok grunnskólanáms, með því að skoða hvert þau stefna að loknu skyldunámi (e. educational aspirations) og þætti sem geta haft áhrif þar á. Rannsóknin er unnin með blönduðu sniði en hér verða kynntar niðurstöður megindlega hluta rannsóknarinnar þar sem spurningalisti var lagður fyrir 886 nemendur í 20 skólum víðsvegar um Ísland. Fyrstu niðurstöður benda til mikilvægi félagsnets barna þegar kemur að því hvort nemendur stefni á áframhaldandi nám að loknu skyldunámi, meðal annars hvort að vinir stefni einnig á framhaldsnám. Að auki greina börn af erlendum uppruna frá því að þau eiga færri vini samanborið við börn af íslenskum uppruna, og er munur á hvernig þau meta gæði þeirra vinasambanda.

Eva Dögg Sigurðardóttir

Upplifun og reynsla flóttamanna eftir að umsókn þeirra um hæli hefur verið samþykkt á Íslandi

Flóttamönnum á Íslandi hefur fjölgað á síðustu árum. Í nýlegri rannsókn Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands kemur fram að flóttafólk sem kemur á eigin vegum fær ekki sömu þjónustu og kvótaflóttafólk sem kemur í boði stjórnvalda. Rannsóknir á málefnum innflytjenda hafa bent til þess að innflytjendur á Íslandi finni fyrir fordómum, mismunun og staðalímyndum vegna þjóðernis. Tilgangur rannsóknarinnar er að fá innsýn í upplifun flóttamanna á Íslandi sem komið hafa á eigin vegum. Í rannsókninni er skoðað bæði sú þjónusta sem stendur þeim til boða en einnig upplifun þeirra af íslensku samfélagi og menningarlegum mörkum þess. Stuðst er við kenningar Foucault um vald (e. power) og orðræðu (e. discourse) í rannsókninni. Rannsóknin er eigindleg og notast er við hálfstöðluð viðtöl við gagnaöflun. Talað er við einstaklinga sem fengið hafa stöðu flóttamanns á Íslandi á síðustu 5 árum. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu flóttamanna á Íslandi og þeim höftum/mörkum sem þeir verða fyrir í daglegu lífi. Gert verður grein fyrir fyrstu niðurstöðum rannsóknarinnar sem benda til þess að flóttafólk á Íslandi upplifi meðal annars félagslega einangrun og hindranir við stjórn á eigin lífi.

Elva Björt Stefánsdóttir
Unnur Dís Skaptadóttir

Lived experience of successful female immigrants in the Icelandic labor market

Research has shown that highly skilled immigrants experience barriers in the Icelandic labor market that can prevent them from utilizing their education, knowledge and experience to the fullest. They tend to struggle with the language, are often excluded by coworkers, overlooked for promotions, and their contribution is undervalued. Research on women in the Icelandic labor market has revealed that they experience barriers preventing them from promotions and that the highest layers of Icelandic companies are still segregated by gender. Immigrant women experience an intersection of barriers because of gender, origin, race, and language difficulties. To increase the likelihood of utilizing this valuable human resource in Iceland and provide everyone an equal opportunity to contribute in the labor market the study aims to examine the lived experience of the women themselves who have managed to overcome these hindrances and achieve management positions in the Icelandic labor market. Twelve successful immigrant women in management positions were interviewed and the interviews analyzed according to phenomenology. This research contributes important knowledge and insight into how they define and achieve success and what obstacles they have overcome; shedding light on the strategies they wielded in their journey towards success and which capital, skills, strengths, and philosophies they deployed.

Erla S. Kristjánsdóttir
Þóra H. Christiansen

Endurskoðunarnefndir og góðir stjórnarhættir

Markmið þessarar greinar er að greina frá hluta niðurstaðna er tengjast uppbyggingu og fyrirkomulagi endurskoðunarnefnda. Bornar eru saman tvær kannanir, annars vegar frá 2012 og hins vegar frá 2016. Í greininni er m.a. gerð grein fyrir menntun nefndarmanna, hvernig nefndarmenn voru skipaðir og þeim tíma sem nefndarmenn verja í nefndarstörf. Tilgangur endurskoðunarnefnda er að tryggja að gæði og áreiðanleiki fjárhagsskýrsla og fjárhagsupplýsinga sé sem mestur, hvort sem um er að ræða skýrslur til stjórnenda félagsins eða til hagsmunaaðila utan félagsins. Tengist því tilvist endurskoðunarnefnda beint góðum stjórnarháttum. Umgjörð og fyrirkomulag endurskoðunarnefnda hefur mikið að segja um hvort þessum markmiðum verði náð eða ekki. Í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, er kveðið á um að stjórn viðkomandi einingar sem tengist almannahagsmunum skipi nefndarmenn í endurskoðunarnefnd. Skipunarferli er því mjög mikilvægt og er hluti af góðum stjórnarháttum. Endurskoðunarnefnd fer með hluta af störfum sem stjórn hafði áður á sínu borði og tengist því beint góðum stjórnarháttum í fyrirtækjum í gegnum verkefni stjórnar. Gerð var könnun, 2012 og 2016, meðal stærstu fyrirtækja og stofnana landsins sem falla undir skilgreininguna „einingar tengdar almannahagsmunum.“ Samanburður rannsóknanna frá 2012 og 2016 bendir til breytinga á aðstæðum og umfangi endurskoðunarnefnda.

Einar Guðbjartsson
Eyþór Ívar Jónsson
Jón Snorri Snorrason

Eru íslenskir neytendur smálána ólæsir á fjármál?

Mikil umræða hefur skapast á Íslandi um hin svo kölluðu smálánafyrirtæki. Á öðrum endanum finnst mörgum að smálán bæti við flóru fjármálavara sem eru í boði fyrir neytendur. Á hinum endanum er hægt að líta svo á að smálán séu ekki annað en okurlánastarfssemi, enda vextir á þessum lánum afar háir. Þrátt fyrir að pólitísk umræða um smálán hafi verið nokkur hafa þau hinsvegar verið nánast óskoðuð í fræðasamfélaginu. Í þessari grein skoðum við hvort neytendur smálána séu með verra fjármálalæsi en hinn almenni neytandi. Niðurstöðurnar gefa til kynna að neytendur smálána séu með verra fjármálalæsi en almennir neytendur. Þeir eru einnig yngri, líklegri til að vera karlkyns, með lægri tekjur og menntun.

Sigurður Guðjónsson

Kári Kristinsson

Davíð Arnarson

Bætur vegna sakamála

Í XXXIX. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 eru sérstakar reglur um bætur vegna sakamála. Þær tryggja m.a. þeim sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Reglurnar mæla fyrir um hlutlæga ábyrgð og eia sér nokkuð langa sögu hér á landi. Þannig var fyrsta setta lagaákvæðið um hlutlæga ábyrgð hér á landi á þessu sviði, sbr. 1. gr. laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju nr. 28/1893. Talsverðar breytingar urðu hins vegar á reglunum við setningu laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, einkum á þann hátt að skilyrði fyrir bótum voru rýmkuð nokkuð. Í fyrirlestrinum verður gerð grein fyrir meginskilyrðum til bóta samkvæmt umræddum ákvæðum og vikið að dómaframkvæmd Hæstaréttar um núgildandi ákvæði. Meðal annars verður þeirri spurningu velt upp hvort ekki hafi verið gætt nægilega í réttarframkvæmd að þeim breytingum sem urðu á ákvæðunum með lögum nr. 88/2008.

Eiríkur Jónsson

Aðgangur aðila dómsmáls að sönnunargögnum í vörslum annarra

Ákvæði laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eru meðal annars byggð á þeirri meginreglu að aðilar að einkamáli hafi forræði á sakarefni máls, öflun sönnunargagna og sönnunarfærslu, þ.m.t. hvort eða hvernig hún fer fram. Almennt má ganga út frá því að öflun sönnunarganga af hálfu aðila sé engum vandkvæðum bundið. Hins vegar geta komið upp tilvik þar sem gagnaðili að máli eða þriðji maður sem hefur enga aðkomu að dómsmáli aðila neitar að láta af hendi skjal eða annars konar sýnilegt sönnunargagn. Í lögum nr. 91/1991 er mælt fyrir um úrræði til að bregðast við því. Slík ákvæði hafa lengi verið í íslenskum réttarfarslögum en lengi vel reyndi lítið sem ekkert reynt á þau. Nú hefur hins vegar orðið breyting þar á og hafa nokkrir athyglisverðir dómar fallið í Hæstarétti Íslands þar sem reynt hefur á þessi úrræði. Í erindinu verður fjallað um þessar reglur sem gilda um aðgang aðila að sönnunargögnum í vörslum annarra sem hefur neitað að láta þau af hendi, hvort sem um er að ræða gögn í vörslu gagnaðila að máli eða þriðja manns sem hefur enga aðkomu að máli, þ. á m. stjórnsvalds.

Kristín Benediktsdóttir

Matsgerðir dómkvaddra manna í sakamálum

Lög um meðferð opinberra mála höfðu allt frá árinu 1951 að geyma fáar sérreglur um matsgerðir, en um þær giltu að meginstefnu ákvæði laga um meðferð einkamála. Samkvæmt lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála gat dómari eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum dómkvatt kunnáttumenn, einn eða fleiri, til að framkvæma mats- og skoðunargerðir í opinberu máli. Sérákvæði um slíkar matsgerðir var að finna í öðrum ákvæðum laganna og lutu þau einkum að dómkvaðningu matsmanna, en að öðru leyti skyldi farið eftir fyrirmælum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eftir því sem við gæti átt. Þetta breyttist við gildistöku laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem nú er kveðið á um matsgerðir á heildstæðan hátt líkt og í lögum nr. 91/1991. Reglur um matsgerðir, sem gagnert er aflað til sönnunar í sakamálum, eru að stórum hluta þær sömu og reglurnar, sem stuðst er við í einkamálaréttarfari, en þó ekki alveg eins. Einnig eru sakamál að ýmsu leyti frábrugðin einkamálum. Í erindinu verður gerð grein fyrir umræddum ákvæðum laga nr. 88/2008 með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar á allra síðustu árum, sönnunargildi matsgerða í sakamálum, og muninum á slíkum matsgerðum og álitsgerðum sem aflað er einhliða af málsaðilum.

Eiríkur Tómasson

Mat á áhrifum Tækniþróunarsjóðs

Styrkirnir voru forsenda þess að farið var af stað með nýsköpunarfyrirtækja sem standa framarlega í vöruþróun og rannsóknum

Fjölmargar rannsóknir hafa gefið til kynna að frumkvöðlastarfsemi sé heillavæn hverju hagkerfi og leiði til aukins hagvaxtar. Aðilar sem fást við nýsköpun gegna þannig mikilvægu hlutverki í hagkerfinu, stuðla að auknum hagvexti og hafa jákvæð áhrif á félagslega velferð. Það er hins vegar ólíklegt að frumkvöðlar nái tilætluðum árangri með hugmyndum sínum án þess að hafa aðgang að fjármagni. Eitt af meginmarkmiðum Tækniþróunarsjóðs er að styðja við frumkvöðlastarfsemi, en sjóðurinn veitti styrki að fjárhæð 2,3 milljarðar á árinu 2017. Markmið þessarar rannsóknar er að meta áhrif styrkveitinga Tækniþróunarsjóðs á styrkþega, auk afleiddra áhrifa á þekkingu og samfélagið í víðara samhengi. Sendur var út spurningalisti til allra styrkþega á tímabilinu 2009-2013, 202 aðila og var svarhlutfallið 52,5%. Til að fá nánari innsýn í með hvaða hætti styrkirnir hafa áhrif voru tekin viðtöl við sjö styrkþega. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að styrkir sjóðsins voru forsenda þess að farið var af stað með nýsköpunarfyrirtæki sem sum hver standa framarlega á sviði viðskipta, vöruþróunar og rannsókna í íslensku atvinnulífi í dag. Styrkirnir stuðla að áþreifanlegum auði í formi aukinnar þekkingar, sjálfbærni í nýsköpun, fjölgun starfa til skemmri og lengri tíma, aukins útflutnings, eflingu tengslanets, bæði innanlands og erlendis auk þess sem aðgengi að fjármagni annars staðar frá, bæði innlendu og erlendu, eykst. Þessir þættir stuðla að bættri samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og rannsóknarstofnana.

Gunnar Óskarsson

Trends in quantitative research on customer involvement

In the development of new product or service offerings, companies employ a number of methods to successfully innovate and create value. Research has highlighted a number of important dimensions that determine the success of this process, and thus need to be studied and understood. A key aspect of this process is the involvement of customers at various stages in the process. Customer involvement can benefit the developers of a new offering in a number of ways: This can include labor contribution from customers, validation and testing of products, and the provision of information about how best to serve important customer needs. In the current paper, we provide a systematic literature review of research that employs quantitative methods to study the performance implications of involving customers in the development of new offerings. Specifically, the paper aims to identify, evaluate and interpret the most relevant articles regarding customer involvement in developing of new products and services, types of involvement, stages of involvement and performance measures. We found that there exists a generic or *mainline* approach to the quantitative study of the front end of new offering development. Papers within this perspective used various research methods, to examine how different approaches to customer involvement affect the performance of quality of the offering.

Sabit Veselaj
Gunnar Óskarsson
Magnús Þór Torfason

Hönnunarhugsun innan íslenskra fyrirtækja og stofnana

Aðferðir hönnunarhugsunar (e. Design Thinking) hafa að undanfögnu verið að ryðja sér rúms innan íslenskra fyrirtækja og stofnana. Í rannsókninni var sjónum beint að nýtingu hönnunarhugsunar og reynslu af því. Aðferðir hönnunarhugsunar eru taldar geta aukið nýsköpun innan fyrirtækja og stofnana og bætt getu þeirra til þess að þróast í samræmi við breytingar í starfsumhverfi þeirra. Vaxandi vinsældir aðferðanna má meðal annars rekja til góðs árangurs Apple í nýtingu hönnunar í vörum og þjónustu auk þess sem aðilar á borð við Google og IBM hafa tileinkað sér hönnunarhugsun í starfsemi sinni. Rannsóknin var unnin samkvæmt eigindlegri aðferðafræði og byggir á 13 viðtölum við ólíka aðila sem beitt hafa aðferðum hönnunarhugsunar í verkefnum sínum hér á landi á tímabilinu 1997-2017. Niðurstöðurnar sýndu að heilt yfir töldu viðmælendur að aðferðir hönnunarhugsunar hafi verið mjög góð og ferlið staðið vel undir væntingum. Viðmælendur upplifðu að aðferðirnar ýttu undir nýnæmi í lausnaþróun og að það hafi veitt þeim nýtt sjónarhorn að nálgast viðfangsefni sín út frá notendum. Ávinningur af nýtingu aðferðanna að mati viðmælenda var betri niðurstaða verkefna, aukin ánægja viðskiptavina og fjárhagslegur ávinningur í þeim tilvikum sem það átti við. Jafnframt skilgreindi rannsóknin þrjár bylgjur hönnunarhugsunar eftir tímabilum og ólíkum áherslum í þróun aðferðanna.

Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir
Magnús Þór Torfason

Hvað eru hönnunarauðlindir og hvernig nýtast þær best til nýsköpunar og viðskiptaþróunar?

Á síðustu árum hefur hönnun þróast úr því að vera einungis bundin við stílfærslur á vörum yfir í að vera hluti af stefnumótun og rekstri fyrirtækja. Skapandi hugsun er drifkraftur nýsköpunar þar sem hönnun spilar stóran þátt í að móta hugmyndir í átt að virðisaukandi lausnum. Þrátt fyrir það hefur samband hönnunar og nýsköpunar innan íslenskra fyrirtækja í dag verið lítið rannsakað. Meginástæða þess er sú að fag hönnunar hefur þróast hratt á undanförunum árum. Sökum þess vantar stjórnendum betri yfirsýn yfir þær hönnunarauðlindir sem í boði eru og hvernig best sé að nýta þær í ferli nýsköpunar. Til að skilgreina hönnunarauðlindir voru tekin viðtöl við 42 stjórnendur úr hagkerfi hönnunar á norðurlöndunum í samnorræna rannsóknarverkefniinu Nordic Design Resource. Markmið rannsóknarinnar er að gefa skýrari mynd af því hvort, hvenær og hvernig hönnunarauðlind ætti að vera hluti af nýsköpunarferli fyrirtækja og stofnana. Í rannsókninni eru lögð fram drög að greiningartóli sem sýnir mismunandi hönnunarauðlindir og tengsl þeirra við önnur fög. Með þeim er markmiðið að leggja grunn að því að auka þverfaglegt samstarf hönnuða við aðrar greinar atvinnulífsins og þar með ýta undir nýsköpun innan fyrirtækja á Íslandi í dag.

Ragna Margrét Guðmundsdóttir
Magnús Þór Torfason

Nýsköpun og jarðvarmi: Fjölpætt notkun jarðhitans

Jarðvarmi er orðin ein verðmætasta auðlind þjóðarinnar og þá ekki í aurum talið heldur hvernig og með hvaða hætti hagnýting heita vatnsins eykur lífsgæði okkar í víðtækum skilningi. Húshitun, ylrækt, svo ekki sé minnst á sundlaugarnar er nokkuð sem teljast orðin sjálfgefin gæði. Í gegnum árin hafa margar tilraunir verið gerðar til að nota heita vatnið í iðnaði. Yfirleitt hefur það verið með takmörkuðum árangri, nema þá helst við þurrkun, eins og Þörungaverksmiðjan er dæmi um. Á undanförnum árum hefur fiskeldi við kjörhitastig orðið öflug atvinnugrein. Þar er nýjasta dæmið Senegal flúran þar sem kjörhitastigið er 21°. Um nokkurt skeið hefur jarðvarmi verið skilgreindur sem frumorka en reyndin er önnur. Jarðvarma ætti að skilgreina út frá notkun fremur en uppsprettu. Fjallað verður um hvernig vaxandi tækniþekking og tæknilegar útfærslur hafa beint sjónum manna í enn meira mæli að heita vatninu. Sýnt verður fram á skammsýnina sem felst í því að virkja jarðvarma í því skyni að selja orkuna til stórnotenda, en nú fer nær helmingur af tiltækum jarðvarma í að framleiða rafmagn sem selt er þremur stórnotendum.

Örn Daníel Jónsson

Bjarni Frímann Karlsson

Rannsóknir á íslenska ráðstefnumarkaðnum: Hvað vitum við og hvað viljum við vita?

Ráðstefnu- og viðburðatengd ferðamennska hefur verið sívaxandi atvinnugrein síðustu áratugi. Reykjavíkurborg og ráðstefnuhaldarar á Íslandi hafa markvisst verið að sækja inn á þennan markað og áherslur á aukid ráðstefnuhald hafa verið hluti af heildstæðri ferðamálastefnu borgarinnar frá árinu 1997. En hverju er sú stefna að skila og hvað eru ráðstefnugestir á Íslandi í raun að skilja eftir sig fyrir efnahagslífið og samfélagið? Markmiðið með þessu erindi er tvíþætt. Annars vegar að rýna í hvaða upplýsingum er verið að safna inn um erlenda ráðstefnumarkaði og hvernig unnið er úr þeim. Nýja-Sjáland og Finnland standa bæði framarlega í öflun ganga á sínum ráðstefnumörkuðum hvað varðar fjölda viðburða, gesta og ferðavenjum þeirra sem sækja ráðstefnurnar. Alþjóðaferðamálastofnunin (UNWTO) gaf út veigamikla skýrslu árið 2006 um mikilvægi þess að mæla umfang og efnahagslegan ávinning ráðstefnumarkaða og kom með tillögur að framkvæmd slíkra mælinga. Nokkur lönd hafa þegar farið eftir þessum tillögum og þær rannsóknir sýna að miklir fjármunir eru fólgnir í ráðstefnugeiranum og að greinin sé mjög atvinnuskapandi. Hins vegar er markmiðið að rýna í stöðuna hér á landi. Skoðað verður hvaða gögn eru til um íslenska ráðstefnumarkaðinn og dregið fram hverju er ábótavant í upplýsingaöfluninni. Að lokum verður hugmyndum um frekari rannsóknir á þessu sviði velt upp.

Vera Vilhjálmsdóttir

Markhópar viðburða: Rýnt í Landsmót hestamanna

Eins og kunnugt er höfða mismunandi viðburðir til ólíkra hópa fólks. Í flestum tilfellum má ætla að viðburðahaldarar séu vel meðvitaðir um eðli þess markhóps sem sækir hvern viðburð, hvað einkennir hópinn, hvaða væntingar og þarfir hópurinn hefur og svo framvegis. Rannsóknir á þessu sviði hafa þó verið takmarkaðar hérlendis fram til þessa. Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt, var Landsmót hestamanna skoðað út frá kenningum um markhópa. Erindið byggir á niðurstöðum úr rannsókn sem framkvæmd var í kjölfar Landsmóts hestamanna sem haldið var á Hólum í Hjaltadal sumarið 2016. Rýnt var í hverskonar hópar sækja viðburðinn, hvað einkennir þá og hverjar eru væntingar þeirra einstaklinga sem viðburðinn sækja. Einnig var rýnt í upplifun mismunandi markhópa og hversu vel tókst að mæta þörfum og væntingum þeirra hópa sem sóttu viðburðinn. Spurningakönnun var framkvæmd meðal innlendra og erlendra gesta sem keyptu miða á mótið í gegnum miðasöluverki á netinu. Svörun var vel yfir 40%. Niðurstöður bentu til að skilgreina mætti annars vegar innlenda og hins vegar erlenda gesti sem sérstaka markhópa með mismunandi þarfir sem vert væri að gefa gaum við skipulagningu viðburðarins jafnvel óháð lýðfræðilegum þáttum eins og aldri, kyni og búsetu þó greining út frá þessum þáttum sé einnig gagnleg.

Ingibjörg Sigurðardóttir

Alþjóðleg rannsókn á íslenskum viðburði: Landsmót hestamanna

Íþrótta- og menningarviðburðir eru algengir hérlendis og hefur verið bent á að efnahagsleg og samfélagsleg áhrif slíkra viðburða séu umtalsverð. Viðburðarannsóknir eru viðamikil og vaxandi svið en lítið hefur verið um rannsóknir á viðburðum sem haldnir eru á Íslandi. Landsmót hestamanna er vikulangur viðburður sem haldinn er annað hvert ár á mismunandi stöðum hér á landi. Mótið sækja að jafnaði um 8-10 þúsund innlendir og erlendir gestir og er það því með stærri viðburðum sem haldnir eru reglulega hérlendis. Fram til ársins 2011 voru litlar sem engar rannsóknir til á þessum viðburði. Frá og með árinu 2011 hefur Ferðamálaeild Háskólans á Hólum staðið fyrir rannsóknum á Landsmóti hestamanna. Árið 2016 vann 13 manna alþjóðlegur hópur fræðimanna frá fjórum löndum að heildstæðri rannsókn á viðburðinum þar sem rýnt var í þætti eins og viðhorf og upplifun gesta, keppenda, framkvæmdaáðila, sjálfbæði, og heimamanna, efnahaglegt umfang, markhópa, markaðsmál og ímyndarsköpun viðburðarins. Á mótinu 2018 var unnið að frekari gagnaöflun. Beitt hefur verið fjölbættum rannsóknaraðferðum, s.s. spurningakönnunum, vettvangsathugunum og viðtölum. Í þessu erindi leitum við svara við því: Hvers konar viðburður er Landsmót hestamanna og með hvaða hætti er mögulegt að efla viðburðinn til framtíðar? Niðurstöður benda til að viðburðurinn sé í senn þjóðlegur og alþjóðlegur og að efla megi viðburðinn með aukinni áherslu á mismunandi þjónustu við ólíka markhópa viðburðarins og með frekari rannsóknum á viðburðinum og notkun niðurstaðna við stefnumótun.

Guðrún Helgadóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir

Whale watching and sustainable development

Whale watching is one of the fastest growing subsectors of tourism in Iceland. In 2016 the number of passengers exceeded 350 thousand and surveys by the Icelandic Tourism Board indicate that more than one third of international tourists that visit Iceland during the summer go on a whale watching tour. This development is interesting given the fact that Iceland is one of the few states in the world still engaged in commercial whaling. Whale watching operators have taken a clear stand against whaling, arguing that whale watching is a more sustainable way of enjoying whales than hunting and consumption of whale meat. This presentation discusses results from an exploratory study whose aim was to map out how whale watching operators engage with the concepts of sustainability and corporate social responsibility. The study involved on-site observations as a participant in whale watching tours as well as examination of brochures and websites, to evaluate if and how the operators emphasize sustainability and social responsibility in their marketing and during their trips. The results will be used as guidance for further research and data collection on the topic of how whale watching can contribute to sustainable development and responsible Arctic tourism.

Auður H. Ingólfssdóttir

Cruise ship visits to coastal communities

In recent years, Iceland has seen its share of a global growth in cruise traffic. Established Icelandic cruise ports have received an increasing number of cruise ships and new ports have become cruise destinations. The 2017 season counted roughly 362 thousand passenger visits to Icelandic ports and the 2018 season more than 420 thousand visits. Research on the Icelandic cruise tourism sector, however, has been very limited and hardly any form of research about on-land service of the cruise ships and its impact on local tourism exists. The presentation will discuss findings from a recent research conducted by the Icelandic Tourism Research Centre on stakeholders engaged in on-land cruise service in three municipalities in Northern Iceland. Semi structured interviews with open-ended questions were conducted with representatives of local and national on-land service providers. The aim of the research was to collect insights and knowledge from the stakeholders, to explain procedures and the role of each stakeholder in the process of service. This included questions about how they perceive the level of cooperation between service providers and what they see as the main challenges and opportunities linked to the on-land service. Research findings reveal there are both unused opportunities for local tourism but also various challenges linked to lack of management, regulatory framework and cooperation.

Pórný Barðadóttir

Developing a framework for responsible wildlife tourism

This conceptual paper develops a framework that addresses the need to manage human-wildlife interactions in Arctic settings that ensures positive outcomes for wildlife, local people, and tourist support. The framework is developed from a literature review that investigates theoretical and practical understandings of wildlife watching management based on ethically responsible tourism. Tourism managers are tasked with the demands of meeting the needs of the local community and tourists, while also minimizing negative impacts on wildlife. Ethical frameworks that guide management strategies are often absent; and involving local communities in wildlife tourism development is important in order to gain public support and to understand the social representation of what sustainable means to a community. By reviewing current theories, we build a methodological foundation for approaching wildlife watching management and identify the need for future management actions that includes participation of multiple stakeholder groups. Although sustainable and responsible issues are discussed in the tourism literature; empirical research that examines the social representations of how sustainable and responsible wildlife watching tourism is perceived for local communities is lacking. A case study of seal watching management in Iceland is used to exemplify applications of the framework which can ultimately devise a management plan for responsible seal watching in Iceland in particular and wildlife watching more generally.

Jessica Faustini Aquino
Georgette Leah Burns
Sandra Magdalena Granquist

Effects of seal watching activities on harbour seal behaviour: The importance of interdisciplinary management approaches

Marine mammal watching is often economically important to stakeholders and society. However, possible negative effects on wildlife due to tourism underline the need to balance the use and protection of the species. In the first part of this paper, two case studies investigating effects of land based and boat based seal watching on harbour seal behaviour will be addressed. Results from the land based seal watching site showed that the seals changed their distribution to skerries further away from land, and were more vigilant (i.e. alert) when many tourists were present in the area compared to other periods. No flushing (i.e. rushing into the water as a response to disturbance) was observed during the time of study, indicating that some habituation might have occurred. Notably, tourists behaving in a calmer way had less effect on the seals. The results from the boat based seal watching study showed that the proportion of seals that were either vigilant or flushed into the water increased with decreased distance between the boat and the seal colony. Based on these results, the second part of the paper aims to evaluate the necessity of interdisciplinary management approaches, possibilities of reducing negative impacts and future research needs.

Sandra M. Granquist

Fullveldi og þróun þjóðaréttar

Í fyrirlestrinum verður fjallað um meginlínur í þróun þjóðaréttar frá því Ísland varð fullvalda ríki 1918. Einkum verður sjónum beint að þeirri þróun að þjóðarétti er í vaxandi mæli ætlað að hafa áhrif á réttarstöðu einstaklinga og lögaðila í stað þess að varða því sem næst eingöngu samskipti fullvalda ríkja. Að því er Ísland varðar eru EES-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu mikilvægustu dæmin um þetta. Velt er upp þeirri spurningu hvaða áhrif þetta hefur á skilning okkar á fullveldi íslenska ríkisins og hvaða þýðingu þetta hefur í umræðu um mögulegt framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðastofnana.

Davíð Þór Björgvinsson

Inntak fullveldisréttar Íslands hundrað árum síðar

Fyrir hundrað árum varð Ísland fullvalda nútímaríki, frjálst og fullvalda aðili að þjóðarétti og þar með bært til allra skyldna og réttinda í samskiptum við aðrar þjóðir. 1920 var æðsti dómstóll kominn inn í landið og til orðin ný stjórnarskrá. Í henni urðu tveir mikilvægir valdþættir fullvalda ríkis útundan, þ.e. peningakerfi og varnir – en lýst hafði verið yfir ævarandi hlutleysi Íslands í 19. gr. sambandslaganna. Ísland hefur beitt fullveldi sínu í meðbyr og áraunum á 100 árum. Í fyrirlestrinum verður sett fram greining á inntaki fullveldisréttar Íslands í ljósi hundrað ára reynsluraka sem sýna bindandi eðli (a) þjóðréttarsamninga og (b) yfirþjóðlegs valds, og ennfremur það sjálfdæmi sem Íslandi tókst að beita í hruninu. Tengsl íslenskra laga við þjóðarétt skiptir hér máli en einnig fullveldisréttur eða valdþurrð á tilteknum sviðum á alþjóðavettvangi s.s. á sviði efnahagslegs og peningalegs fullveldis sem reyndi mjög á 2008 og árin þar á eftir, en telja má að hrun íslenska bankakerfisins og krónunnar 2008 og margir samverkandi þættir tengdir þeim atburði séu mesta áraun sem Ísland hefur mætt sem fullvalda ríki. Hvernig ber að skilja fullveldi Íslands í ljósi þessarar reynslu? Hvert er inntak fullveldisréttar Íslands hundrað árum síðar?

Kristrún Heimisdóttir

University-industry collaboration practices in Iceland

The central focus of the study is to explore different forms of collaboration among academic scientists of different disciplines and research-intensive industry sectors, in particular its impact on research and teaching at universities. Before collaboration practices can be evaluated, their forms and extend need to be better explored together with motives and barriers. One main purpose is to find patterns of collaboration across different industry sectors and faculties. Further, it will be analysed if company size, funding, researcher characteristics or other factors can determine motives, extend and intensity of collaboration. So far, interviews with industry representatives, research institutes and academic researchers have been taken. Results reveal that collaboration practices in Iceland are often informal and mostly depending on single relations. Motivational factors for companies to collaborate with universities are based on reciprocity, which involves an exchange of information and equipment, common saving of costs and material, and common financing in the form of research grants. Lately, questionnaires for academics and industry were developed according to results of interviews and insights from previous studies. The questionnaires contain items about different forms or collaboration, collaboration partners, motives, and barriers. Both surveys will be sent out to companies and academic researchers in Iceland.

Verena Schnurbus

Hlutverkaleikur með ungum grunnskólanemum. Kennsluaðferðir leiklistar notaðar í námi barna.

Í þessum fyrirlestri er sagt frá rannsókn á notkun kennsluaðferðarinnar sérfræðingskápunnar í íslensku skólastarfi. Aðferðin er á sviði leiklistar. Rannsóknin var starfendarannsókn og fór fram haustið 2016. Þátttakendur í rannsókninni voru kennarar og nemendur 2. bekkjar í grunnskóla í Reykjavík. Gagna var aflað með rannsóknardagbók, myndbandsupptökum, samtölum við kennara og viðtölum við nemendur. Tilgangur rannsóknar var að skoða hvernig til tækist að nota kennsluaðferðina sérfræðingskápuna í skólastarfi og kanna áhrif hennar á nám nemenda og starfshætti kennara. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að sérfræðingskápan hafi jákvæð áhrif á nám nemenda og starf kennara. Niðurstöðurnar benda til að notkun sérfræðingskápunnar skapi kennurum grundvöll fyrir sambættingu náms og kraftmikilli teymiskennslu, stuðli að markvissri ígrundun þeirra á eigin starfi og efli trú þeirra á eigin getu. Í niðurstöðunum má einnig greina að nemendur sem læra í hlutverki innan ímyndunarheims upplifa skemmtun í námi, fá trú á eigin getu og samvinnunám þeirra á milli eykst.

Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir
Hákon Sæberg Björnsson

Sambætting listgreina með áherslu á sjónarhorn kennarans

Undanfarin tvö ár hefur verið boðið upp á valnámskeið á öðru misseri í faggreinadeild menntavísindasviðs HÍ. Á námskeiðinu kynnast kennaranemar þýðingu lista í námi barna og unglinga. Unnið er með eitt þema í gegnum allar listgreinarnar með áherslu á fjölmenningu. Nemar vinna með hugmyndir sínar í gegnum ólíkar smíðjur, þeir prófa sig áfram með mismunandi verkefni öll tengd fjölmenningu á einhvern hátt. Í lok námskeiðs semja nemendur atriði þar sem unnið er með allar listgreinarnar og sýna áhorfendum. Í tengslum við námskeiðið var unnin forkönnun þar sem sett var fram eftirfarandi rannsóknarspurning: „Hvaða möguleika, ef einhverja, sérð þú á að nota listgreinar í skólastarfi?“ Jafnframt voru tekin viðtöl við nemendur. Í niðurstöðum bentu nemendur á hina ýmsu möguleika á að sambætta listgreinar, þeir töluðu um að þeim myndist gott að kynnast skapandi greinum og að námskeiðið þvingaði þá til að fara út fyrir þægindaramma sinn. Einnig var talað um að gott væri að geta notað listræna verkefnaúrvinnslu í bóklegum greinum. Jafnframt rýndu kennarar í eigin starfshætti í tengslum við kennslu listgreina með breytta kennsluhætti í huga. Könnunin gefur tilefni til að rannsaka enn frekar áhrif skapandi greina í skólastarfi.

Rannveig Björk Porkelsdóttir
Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir
Hanna Ólafsdóttir

Hvernig lærir barn að syngja?

Söngur barna hefur verið viðfangsefni fræðimanna alla 20. öldina. Þó er mun minna vitað um söngtöku en máltöku barna. Söngur barna hefur verið skoðaður frá sjónarhóli þroskasálfræði og tónvísinda en viðfangsefnið spannað allt frá sjálfsprottun söngli til hefðbundinna sönglaga sem börn læra af fullorðnum. Hugmyndir um söngþroska og söngfærni barna voru mótaðar upp úr miðri 20. öldinni en nú hafa nýstárlegar rannsóknar- aðferðir leitt í ljós að söngfærni mjög ungra barna hefur verið gríðarlega vanmetin til þessa. Í erindinu verður sagt frá íslenskum rannsóknum á 2-3ja ára börnum sem varpa nýju ljósi á söngtöku barna. Beitt var empírískum aðferðum við gagnasöfnun og úrvinnslu. Til grundvallar rannsókninni liggur sjónarmið sem byggir á að söngtaka sé samtvinnun tveggja námsferla: 1) félagsnáms (Social Learning Theory) og 2) færni- náms (Complex Skill Acquisition). Litið er á söngtöku sem raddlegt félagsnám í nánnum tengslum við máltöku en einnig kemur til flókin úrvinnsla og færniþjálfun sem tengist tónskyni og skilningi á samfélagslega viðurkenndum og „réttum“ útfærslum á söngvum viðkomandi menningar. Rætt er um mikilvægi þess að rannsakendur setji sig inn í hugarheim ungra barna til að skilja hvað hvetur þau til söngs þegar meta á getu þeirra og færni á því sviði.

Helga Rut Guðmundsdóttir

Sköpun og fagurfræði í stafrænum heimi

Vegna aukinnar notkunar snjalltækja í skólastarfi og mikilvægi skapandi hugsunar er leitast við að varpa ljósi á tilgang snjalltækja í listgreinum með áherslu á myndmenntakennslu og leiklist. Í þessum fyrirlestri skoðum við hver er tilgangur snjalltækja í listmenntum hvernig nota kennarar tækin í kennslu og hver er framtíðarsýn snjalltækja í kennslu. Athuganir okkar, sem fólust í því að tala við fjóra kennara sem kenna myndmennt og þrjár kennara sem kenna leiklist í grunnskólum í Reykjavík sem og kennaranemar við Menntavísindasvið HÍ, leiddu í ljós að snjalltæki eru notuð sem ákveðin verkfæri í myndmenntakennslu en þau aðstoða nemendur við upplýsingaleit, hugmyndavinnu og öflun efniviðar. Í leiklistinni eru snjalltæki notuð við upplýsingaleit og sem stuðningur við uppsetningu á leikritum og sem sviðsmynd eða til að miðla leiknu efni s.s. stuttmyndum. Notkun snjalltækja kemur ekki í staðinn fyrir hefðbundnar kennsluaðferðir í myndmennt eða leiklisti en með notkun snjalltæka bæði í myndmennt og leiklist geta skapast tækifæri fyrir kennara til að breyta kennsluháttum sínum með því að nýta snjalltæki á virkan hátt til nýrra verkefna sem annars væru óframkvæmanleg. Þannig getur tæknin stutt við hefðbundnar aðferðir.

Hanna Ólafsdóttir

Rannveig B. Þorkelsdóttir

Áhrif kynbundins skattaafsláttar á atvinnupátttöku og vinnuframboð giftra kvenna á Íslandi á árabílinu 1950 til 1990

Á árabílinu 1957 til 1978 var 50% afsláttur vegna ákveðinna tekna „eiginkonu“. Við könnnum hvaða áhrif þessi afsláttur hafði á atferli giftra kvenna á vinnumarkaði bæði í tengslum við upptöku afsláttarins og afnám hans. Árið 1940 var atvinnupátttaka giftra kvenna aðeins 18,9% en ógiftra 50,1%. Árið 1981 var atvinnupátttaka ógiftra aðeins lítillega meiri en atvinnupátttaka giftra, eða 67,3% á móti 63,6%. Árið 1991 var atvinnupátttaka giftra kvenna svo meiri en atvinnupátttaka ógiftra (65% hjá ógiftum og 78,2% hjá giftum). Við berum þessa þróun saman við þróun atvinnupátttöku í nálægum löndum og ræðum einnig nýlegar kenningar hagfræðinganna Alesia, Ichino og Karabarbounis.

(<https://voxeu.org/article/gender-based-taxation-response-critics>) um gagnsemi kynbundinnar skattlagningar.

Þórólfur Matthíasson

Gylfi Zoega

Gunnar Úlfarsson

Popúlismi og samsæriskenningar stjórnmála

Í þessu erindi er fjallað um tengsl tveggja fyrirbæra í stjórnmálum nútímans; annars vegar popúlisma og hins vegar samsæriskenningar. Farið er ofan í saumana á því hvernig þjóðernispopúlistar í Evrópu beita samsæriskenningum í sínum málflutningi. Samsæriskenningar og popúlismi eiga það sameiginlegt að skipta þjóðfélögum í tvo gagnstæða hópa; annars vegar saklausan almenning og hins vegar spillta elítu – sem hefur verið kallað *Manichean* heimsmynd. Sá þjóðernispopúlismi sem hér er til skoðunar færir fram þríhliða áherslu í málflutningi sínum fyrir þjóðina; í fyrsta lagi er alið á ótta í garð utanaðkomandi ógnar, í öðru lagi er innlend elíta sökuð um að svíkja þjóðina í hendur hinnar erlendu ógnar og í þriðja lagi staðsetja þeir sjálfa sig sem einu vörn fólksins/þjóðarinnar gegn hinni aðsteðjandi utanaðkomandi ógn. Þær þjóðernis-popúlisku samsæriskenningar sem hér eru til skoðunar eru til að mynda Evrarábía-kenningin (Eurabia) um kerfisbundna íslamsvæðingu Evrópu og djúpríkiskenningar (e. deep state). Þá er farið ofan í bæði dreifingu og pólitíska viðtöku þessara kenninga, meðal annars eðli og áhrif falsfrétta í pólitískri umræðu. Rannsóknin er þverfagleg og byggir á aðferð gagnrýnnar orðræðugreiningar (e. Critical Discourse Analysis). Hún er framkvæmd með eigindlegri greiningu á fyrirliggjandi gögnum, einkum í fjölmiðlum.

Eiríkur Bergmann

Guðfræði H.L. Martensens og sjálfstæðisbarátta Íslendinga

H.L. Martensen var án efa áhrifamesti guðfræðingur Dana seinni hluta 19. aldar. Hann var prófessor við guðfræðideild Hafnarháskóla og yfirbiskup (Sjálandsbiskup) dönsku ríkiskirkjunnar frá 1854 til dauðadags 1884. Guðfræði sína byggði hann á heimspeki Hegels. Hann gaf út bækur í trúfræði og siðfræði sem notaðar voru í Prestaskólanum í Reykjavík meðan hann var og hét. Hann var andstæðingur lýðræðispróunar í kirkjunni og lagði áherslu á mikilvægi konungs sem höfuðs kirkjunnar og laga og reglna í ríkinu. Segja má að hann hafi stutt einveldisfyrirkomulagið fram í rauðan dauðann. Upp úr miðri 19. öld er talað um þrjár meginkirkjustefnur í Danmörku. Þar má fyrsta nefna stefnu sem kennd er við skáldprestinn N.F.S. Grundtvig og var þjóðleg kristin vakningarhreyfing. Önnur meginstefnan var íhaldssöm leikmannahreyfing Danska heimatrúboðsins. Þriðja stefnan, svonefnd hákirkjustefna, var kennd við Sjálandsbiskupana J.P. Mynster, þann sem samdi hugvekjurnar sem Fjölismenn þýddu, og H.L. Martensen sem var eftirmaður Mynsters. Kennarar Prestaskólans í Reykjavík fylgdu Martensen að málum bæði í guðfræði og stjórnmalum. Ekki varð vart við andstöðu við guðfræði hans og kirkjupólítík fyrr en á áttunda áratug 19. aldar þegar Georg Brandes kom fram. Leiðtogar sjálfstæðisbaráttu Íslendinga gagnrýndu aldrei guðfræði og kirkjupólítík Martensens, enda vildu þeir halda í einvaldan konung til að semja við um þjóðréttindi Íslendinga en ekki lýðræðislega og þingbundna ríkisstjórn Dana.

Pétur Pétursson

„Þetta er krafa frá ríkinu, sem er alveg svakalega vitlaus“ Upplifun opinberra starfsmanna af opnum vinnurýmum

Starfsumhverfi hefur tekið talsverðum breytingum á undanförunum árum og áratugum, hvort heldur er hér á landi eða erlendis. Afar skiptar skoðanir eru á svokölluðum opnum vinnurýmum, sem þó virðist vera nokkuð vinsæl leið við hönnun skrifstofurýmis. Með opnum vinnurýmum (e. open-plan) er átt við að tvær eða fleiri starfsstöðvar fyrir einstaklinga eru sameinaðar í eitt rými. Í mörgum íslenskum fyrirtækjum hefur þessi leið verið valin og í opinberum stofnunum og í ráðuneytum hefur einnig verið þróun í þá átt að taka upp opin vinnurými. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að skoða upplifun opinberra starfsmanna við að flytjast í opið rými og hvernig til tókst við innleiðingu breytinganna. Þá er því velt upp hvort hið opinbera hafi mótað formlega stefnu varðandi þá umfangsmiklu breytingu að setja starfsfólk í opið vinnurými. Rannsóknarspurningin sem hér er til grundvallar er hvernig opinberir starfsmenn upplifi opin vinnurými. Afar fáar innlendar rannsóknir hafa verið gerðar á upplifun starfsmanna á því að flytjast í opið vinnurými og er þetta fyrsta rannsóknin á viðhorfi opinberra starfsmanna til slíkra breytinga. Í þessari rannsókn voru valdar tvær stofnanir og tvö ráðuneyti sem nýlega hafa innleitt opin vinnurými. Könnun var send á 182 starfsmenn hjá þessum stofnunum og ráðuneytum og tóku 90 starfsmenn þátt og svöruðu spurningum um hvernig til hefði tekist við breytingarnar. Svarhlutfallið var því tæp 50%.

Ásta Dís Óladóttir
Fjóla Kim Björnsdóttir

Verkefnamiðað vinnuumhverfi

Í þessu erindi verða kynntar frumniðurstöður rannsóknar á því hvernig starfsfólk Sjúkratrygginga Íslands upplifir verkefnamiðað vinnuumhverfi. Eins og nafnið gefur til kynna er verkefnamiðað vinnuumhverfi hannað með tilliti til þess að það henti mismunandi verkefnum, allt frá verkefnum sem krefjast mikillar einbeitingar til verkefna sem krefjast teymisvinnu. Í slíku vinnuumhverfi eiga starfsmenn ekki sína eigin starfsstöð heldur velja sér starfsstöð sem hentar því verkefni sem á að sinna hverju sinni. Starfsfólk þarf að tæma starfsstöðvar þegar þeir yfirgefa þær og fá úthlutað skápum til að geyma fartölvur og önnur gögn sem þeir nota við vinnu sína. Markmið með rannsókninni er að sjá hvernig starfsfólk upplifir þetta nýja vinnuumhverfi sem er töluvert ólíkt hinu hefðbundna vinnuumhverfi þar sem hver starfsmaður á sína starfsstöð. Spurningalisti var lagður fyrir allt starfsfólk Sjúkratrygginga Íslands um mánuði áður en nýja vinnuumhverfið var tekið í notkun og svo aftur 7 mánuðum seinna. Þeir þættir sem helst var verið að skoða var ánægja með vinnuumhverfið, starfsánægja og upplifun á næði og sálfræðilegu eignarhaldi. Spurt var hversu oft starfsfólk skipti um starfsstöðvar til að fá mynd af því hvort starfsfólk væri í raun að nýta þá möguleika sem verkefnamiðað vinnuumhverfi býður upp á.

Lilja Harðardóttir

Kári Kristinsson

Svala Guðmundsdóttir

Hvað einkennir störf sérfræðinga – stjórnenda, verkfræðinga og hjúkrunarfræðinga?

Það er óumdeilt að vinna gegnir stóru hlutverki í lífi fólks, fyrirtækja og samfélaga. Störf geta verið uppspretta gleði og starfsánægju og skapað skýran tilgang. Þá hefur ítrekað verið sýnt fram á tengsl starfsánægju við almenna lífshamingju. Á hinn bóginn geta starfsaðstæður eða hönnun og umgjörð starfa alið af sér þreytu, gremju, óánægju, firlingu og jafnvel kulnun í starfi. Vaxandi umræða er um auknar kröfur og stigmagnandi álag (intensification) og flækjustig sem er að skapast í sérfræðistörfum líkt og í öðrum störfum. Brýnt er að auka fræðilega þekkingu á þessu sviði og varpa ljósi á hönnun starfa og tengsl við starfsgetu og starfsánægju. Markmið erindisins er að gera grein fyrir alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem fram fer í um 40 löndum og kynna frumniðurstöður úr íslenska hluta rannsóknarinnar á störfum stjórnenda, verkfræðinga og hjúkrunarfræðinga. Gagna var aflað hér á landi meðal 342 einstaklinga úr fyrrgreindum störfum vorið 2018. Fjallað verður um og bornar saman niðurstöður um þætti eins og sjálfstæði í starfi, fjölbreytileiki verkefna og viðfangsefna, samvinnu og samskipti, starfsaðstæður og hæfniskröfur. Niðurstöður varpa nýju ljósi á það sem einkennir störf þessara þriggja sérfræðistétta og veita tækifæri til að auka skilning á árangursríkum leiðum til að efla starfsgetu og starfsánægju stéttanna.

Ingi Rúnar Eðvarðsson
Arney Einarsdóttir
Ásta Dís Óladóttir
Inga Minelgaite
Sigrún Gunnarsdóttir
Svala Guðmundsdóttir

Hvernig mælist kulnun og hvaða þættir í starfsumhverfi Landspítala tengjast kulnun hjúkrunarfræðinga?

Samanburður niðurstaðna 2002 og 2015

Álag í störfum hjúkrunarfræðinga hefur aukist undanfarin ár og rannsóknir sýna aukna tíðni kulnunar en fáar rannsóknir eru til um efnið hér á landi. Rannsóknir hafa varpað ljósi á mikilvæga þætti innan starfshverfis sem tengjast einkennum kulnunar og þar álag á starfi, takmörkuð áhrif á eigin störf og lítill stuðningur í starfi meiri líkum á kulnun í starfi. Gerðar voru lýsandi þversniðsrannsóknir á Landspítala í nóvember 2002 og í nóvember 2015 þar sem notuð voru sömu mælitæki til að meta viðhorf allra starfandi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra til starfsumhverfis þeirra á Landspítala og mat þeirra á einkennum um kulnun. Gögn beggja rannsókna voru borin saman og niðurstöður sýna að 2015 eru einkenni hjúkrunarfræðinga um kulnun í starfi all nokkuð algengari en var 2002, mat á mönnun endurspeglar óhagstæðari stöðu og tvisvar sinnum fleiri hyggjast hætta í núverandi starfi. Mat á starfsumhverfi var skoðað miðað við einkenni um kulnun og kom í ljós að mönnun, stjórnun á deild og samskipti tengjast marktækt einkennum um kulnun og koma fram sömu áhrifaþættir kulnunar á báðum rannsóknartímabilum. Rannsókninar eru mikilvægt framlag til þekkingar og fyrir umræðu um árangursríkar leiðir til að efla vellíðan í starfi meðal hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra.

Sigrún Gunnarsdóttir

Jana K. Knútsdóttir

Kári Kristinsson

**„Aðalmálið að maður hlúi að sjálfum sér“ –
Reynsla hjúkrunardeildarstjóra af álagi og
áskorunum í starfi og bjargráðum í því samhengi**

Hjúkrunardeildarstjórar á Íslandi starfa við aðstæður sem einkennast af kröfum um öryggi og gæði heilbrigðisþjónustu, samhliða atgervisflóttu hjúkrunarfagfólks. Fáar rannsóknir eru til um bjargráð þeirra og fyrri rannsóknir benda til að stuðningur næstu yfirmanna er oft takmarkaður. Með fyrirbærafræðilegri aðferð Vancouver skólans voru tekin hálfstöðluð viðtöl við sextán hjúkrunardeildarstjóra sem störfuðu innan heilbrigðis-stofnana á Íslandi vorið 2018, í þeim tilgangi að auka þekkingu á reynslu þeirra af álagi og áskorunum í starfi og bjargráðum í því samhengi. Niðurstöður komu fram í fjórum meginþemum: *Maður fer aldrei úr þessari kápu* vísar til umfangsmikils ábyrgðarstarfs. *Þú ræður eiginlega ekki þó þú ráðir* vísar til starfsumhverfisins; þær ráða starfinu en ekki ákvörðunum. *Það sést þegar manni líður vel* vísar til vellíðanar og sáttar í starfi eða örmögnunar og ósáttar. *Maður þarf að vera viðbúin hreinlega öllu* vísar til bjargráða hjúkrunardeildarstjóranna. Undirstöðubjargráðið endurspeglast í meginniðurstöðu rannsóknarinnar; að *aðalmálið er að hlúa að sjálfum sér*, sem jafnframt felur í sér nýmæli rannsóknarinnar. Niðurstöðurnar fela í sér vísbendingar um að með tileinkun bjargráða sem grundvallast á að hlúa að sér, er mögulegt að öðlast sátt, ná árangri og líða vel í starfi sem krefst mikils á sama tíma og það gefur mikið.

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir
Sigrún Gunnarsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir

Skipulag fyrirtækja fyrir og eftir hrun

Viðfangsefni rannsóknarinnar er þróun á skipulagi fyrirtækja á Íslandi fyrir og eftir fjármálahrunið árið 2008. Byggt er á rannsóknum í verkefninu Innform á Íslandi, annars vegar frá 2004 til 2007 og hins vegar frá 2010 til 2014. Einnig er gerður samanburður á milli fimm rannsókna sem gerðar hafa verið um skipulag fyrirtækja á Íslandi á árunum fyrir og eftir hrun. Markmið greinarinnar er að lýsa megineinkennum á stjórn-skipulagi íslenskra fyrirtækja og gera grein fyrir þróun á skipulagi þeirra. Jafnframt er markmiðið að kanna hvort sjá megi breytingar á skipulagi íslenskra fyrirtækja eftir efnahagshrunið 2008 á ýmsum stjórnunarþáttum sem tengjast skipulagi. Helstu niðurstöður gefa vísbendingar um að stjórnskipulag íslenskra fyrirtækja hafi tekið nokkrum breytingum og að áhersla á innri ferla og skilvirkni sé meiri. Umboðsveiting hefur aukist og sú breyting tengist aukningu á fléttu- og verkefnaskipulagi. Rannsóknirnar sýna að flest stór íslensk fyrirtæki notast bæði við afurðaskipulag og starfaskipulag, sem gefur vísbendingu um blandað skipulag. Starfaskipulag er hins vegar ríkjandi skipu-lagsform þegar litið er til bæði smærri og stærri fyrirtækja. Það virðist hafa verið millibilsástand hjá fyrirtækjum á Íslandi varðandi stjórnskipulag fyrst eftir hrun þar sem áhersla æðstu stjórnenda á formlegt skipulag minnkaði tímabundið.

Anna Marín Þórarinsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson
Einar Svansson

Stefna í reynd í litlu hátæknifyrirtæki

Rannsóknin tekur fyrir stefnu íslenska hátæknifyrirtækisins Völku með hliðsjón af kenningum um stefnu í reynd (e. strategy as practice). Rannsóknin er bæði leitandi og lýsandi í senn og er í henni ljósi varpað á það með hvaða hætti stefna hjá Völku hefur myndast bæði í skipulögðu stefnumiðuðu starfi og eftir sjálf-sprottnum leiðum. Með hliðsjón af fræðunum og rannsókn-inni á Völku er sett fram líkan sem dregur fram kjarnaatriðin í stefnu í reynd. Þessi atriði má sjá í samspili á milli iðkenda (e. practitioners), starfshátta (e. practices) og iðkunarinnar (e. praxis) í stefnumiðuðu starfi Völku. Þetta líkan er á frumstigi en það gefur mynd af hinu stefnumiðaða starfi og tilgátan er að það geti nýst til frekari rannsókna. Horft er sérstaklega til samspilsins á milli framlags og virkni iðkenda og þess hversu fjölbreyttir og formlegir starfshættir fyrirtækisins eru. Þá var skoðað hvernig umsvif fyrirtækisins hafa þróast í samhengi við tengsl þess við viðskiptavini. Hér er um fyrstu rannsókn í röð rannsókna á íslenskum fyrirtækjum að ræða sem ætlað er að varpa ljósi á það hvernig stefnumiðað starf fer fram í raun og veru í íslenskum fyrirtækjum.

Runólfur Smári Steinþórsson
Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Bláa Lónið – stefna í reynd

Bláa Lónið hefur vaxið ört undanfarin ár og því var talið áhugavert að skoða hvernig stefnumiðuð starfi innan fyrirtækisins væri háttað. Rannsóknin tekur mið af þeirri fræðilegu nálgun innan stefnumiðaðrar stjórnunar sem nefnd er „stefna í reynd“. Sú nálgun dregur fram iðkendur stefnu (e. practioners), starfshætti (e. practices) og iðkun stefnu (e. praxis). Áhersla stefnu í reynd er á einstaklinga, samspil þeirra og atferli. Gerð var eigindleg rannsókn þar sem m.a. var rætt við átta stjórnendur og þannig var fengin mynd af því hverjir væru iðkendur, við hvaða starfshætti væri stuðst við og hvernig stefnan væri iðkuð innan fyrirtækisins. Rannsóknin leiddi í ljós hvernig stefnumiðuð starfi fyrirtækisins er háttað og lykilinn að ferlinu mátti finna í stefnu sem frásögn. Stefna Bláa Lónsins snýr að upplifun gesta og frásögnin er upplifunarferlið. Þessu ferli er stýrt gegnum orðræðu sem mótast út frá gildum fyrirtækisins. Fyrirtækismenningin spilar stórt hlutverk en einstaklingurinn lærir í gegnum hana að skilja aðstæður og atburði og að bregðast rétt við. Stefnan virkar sem sameiningarafl en gildin gera það að verkum að allir starfsmenn geta samsamað sig kjarnanum í starfseminni þrátt fyrir að gegna ólíkum störfum.

Hrund Andradóttir

Runólfur Smári Steinþórsson

Stefnumótun stjórnvalda í ferðaþjónustu

Mikill vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu á Íslandi. Samhliða þessum vexti eru fyrirtæki og stofnanir að takast á við þær áskoranir og tækifæri sem bjóðast. Hlutverk stjórnvalda er líka mjög mikilvægt þegar kemur að þróun á þeirri umgjörð sem styður við atvinnugreinina. Stefna stjórnvalda hefur grundvallarþýðingu fyrir þessa þróun og í þessu erindi er greint frá rannsókn á því hvernig íslensk stjórnvöld hafa sinnt stefnumótun í ferðaþjónustu. Sérstaklega er horft til þess hvaða aðilar hafa tekið þátt í þeirri stefnumótunarvinnu sem hefur átt sér stað. Rannsóknin er þrískipt. Í fyrsta lagi var safnað saman fyrirbyggjandi gögnum um stefnumótun stjórnvalda í ferðaþjónustu og unnið yfirlit yfir þessi gögn og megininntak þeirra. Í öðru lagi voru tekin viðtöl við lykilaðila í atvinnugreininni, hjá stofnunum og í ráðuneytum. Í þriðja lagi var litið til annarra landa og sérstaklega til Nýja Sjálands með það að markmiði að athuga hvort draga megi lærdóm af samanburði á milli landa. Niðurstöður benda til þess að stefnumótunarvinnan og þau stefnuskjöl sem birt hafa verið séu með ýmsu móti. Þátttaka hagsmunaðila er einnig mismunandi, frá því að vera þröngur hópur yfir í stærri hóp í ólíkum verkefnum. Svo virðist sem Ísland geti dregið lærdóm af því sem gert er í öðrum löndum en ekki er að sjá að skipulega sé unnið með það.

María Rún Hafliðadóttir

Runólfur Smári Steinþórsson

Emotional experiences of independent child migrants in Ghana

Children who live in poverty decide at times to migrate at young age in search for better life conditions. Many children migrate because of lack of employment or educational opportunities in their hometowns while others seek to gain experiences, knowledge or provide income for themselves and their family. The aim of this research was to shed light on the life of independent North-South child migrants in Ghana. The focus was on individuals who migrated to the capital city before the age of eighteen, without being accompanied by a parent or a legal guardian. Data collection took place in Accra for total of 14 months from 2013-2017, through qualitative methodology including participant observation and informal interviews. This presentation emphasises on the children's emotional experiences towards their decision of migrating, current life conditions, and future potentials. Results show the participants' lives after migrating were an emotional turmoil. The children had high expectations of improving their life conditions by migrating but ended up facing difficulties socially and financially. They felt a strong need to prove to their family and friends in the North that they succeeded and the decision was right. Thus, the participants were not able to discuss their real experiences nor move back to their hometowns out of fear of being judged as failures.

Póra Björnsdóttir

Ownership of the post-2015 development agenda - The case of Senegal

The Sustainable Development Goals (SDGs), the successor of the Millennium Development Goals (MDGs), were formed with an overall global consultation. The ownership of the post-2015 development agenda was to be national, member state-led with all major local and global stakeholders participating. National consultations took place in 88 countries at all levels of the society, including Senegal, where academics, practitioners and citizens shared their views on the world they wanted. The overall aim of this article is to examine the ownership of stakeholders in the post-2015 national consultation process in Senegal. The article is based on fieldwork in Senegal and New York over a total of 12 month period between 2011 and 2013, including four months at UNDP Senegal during the Senegalese national consultations. Methods used were semi-structured interviews and participant observations. The study shows unclear ownership of the post-2015 consultation process due to complex and intricate consultations with an immense amount of actors. It further calls for more research of ownership during policy-making processes and questions current one size fits all use of the term. The study is a contribution to theories on ethnography of aid, global governance and the process of international policy-making for development.

Guðrún Helga Jóhannsdóttir

Productive performance of the Lake Victoria fishing fleet in Uganda: Technical efficiency and fishers' perspectives

Sustainable use of fisheries resources depends on monitoring and evaluation of stock size and active management. In developing countries, decision making is often constrained due to limited information and resources available. This study aim was to determine the performance of the fishing fleet of Lake Victoria in Uganda as an indicator of stock health and development, using existing panel fisheries data (Nile Perch and dagaa). The analysis is two-fold determining technical efficiency, employing a stochastic frontier approach for eight-year unbalanced panel data and assessment of fishers' responses during interviews. Results indicated that maximum output in the fishery was obtained by motorized vessels, with the highest rate of technical progress for the motorized dagaa fishery. In terms of technical efficiency change, a general decrease in technical efficiency was observed for all vessel groups for the period 2005 to 2015. This was coupled with declining returns to scale as vessel inputs employed for the same time period resulted to declining catches. Fishers also perceived catches of Nile perch to be poorer than dagaa. The study illustrates that existing panel fisheries data can be effectively used to understand fishing fleet performance and therefore, greatly improve fishery management decision-making in data-deficient fisheries.

Veronica Mpomvenda
Daði Már Kristófersson
Jón Geir Pétursson

Community Based Management in Rural Water Supply in Namibia: Culture, Capabilities and Ownership

Community based management (CBM) is a participatory management approach that has been implemented across the African continent for the management of different natural resources, including wildlife, small scale fisheries, and the water resource. While the CBM approach holds promise for rural communities, it also creates some obstacles for equitable access and management of water. This research is a part of a larger case study from the rural water supply sector in Namibia. The study explores historical, socio-economic, and political impediments embedded in the CBM systems designed for the management of the water resource in rural areas. Under such bottom-up management systems, considerable responsibilities are placed on the shoulders of local people through their participation in water point associations. The findings indicate that successes vary between regions in Namibia, and that regional governments are facing considerable challenges in full implementation of the CBM. Cost recovery, politics of water and the diverse cultures are some of the obstacles for the day-to-day management of water in Namibia, where water is a vital resource for humans and ecosystems. Lessons learned bear a resemblance with voices of critics raised about applying CBM in different sectors for managing natural resources, including unrealistic expectations concerning the responsibilities undertaken by local people.

Erla Hlín Hjálmarsdóttir

Smoking and drinking behaviour of Bissau-Guinean adolescents aged 15-16 compared to European peers

The Sustainable Development Goals (SDGs) 2016-2030 were adopted in 2015. Along with their adoption a new Global Strategy for Women's, Children's and Adolescents' Health was released with the aim to unleash the untapped potential of the so-called SDG Generation to transform the world. In sub-Saharan Africa adolescents comprise 23% of the population compared to 12% in high-income countries, and evidenced based youth policies are needed. Here we describe and analyse health and behaviour of adolescents in Guinea-Bissau and compare those to results from European peers aged 15-16 years. It is based on data from 2.039 students collected in the capital Bissau in June 2017. They were randomly selected from a list of 4.470 students attending 7th-10th class in 16 public and private schools who filled-in locally adapted and pilot tested 'Youth in Europe' questionnaire, similar to European peers. The results indicate that Bissau-Guinean youth smoke less and drink less alcohol than their European peers. Yet there are significant differences between gender and schools in terms of behaviour. Compared to European peers, Bissau-Guinean youth drink more at home, school events, and parties/ceremonies. It is urgent to initiate health promotional activities in secondary schools in Bissau to inform and educate adolescents on the detrimental effect of such behaviours on their long-term health and wellbeing.

Geir Gunnlaugsson

Aladje Baldé

Zeca Jandi

Hamadou Boiro

Joao Ribeiro Butiam Có

Þróun auðlindarentu í íslenskum sjávarútvegi

Í erindinu er greint frá viðamikilli rannsókn á þróun á auðlindarentu í íslenskum sjávarútvegi. Rannsóknin hefst 1990, en þá er tekið upp kvótakerfi, með framsali, sem nær til nær alls íslensks sjávarútvegs. Að auki er áætlað hversu stórum hluta rentunnar veiðigjöldin hafa fangað. Notuð voru ítarleg gögn frá Hagstofu Íslands við rannsóknina. Beitt var tveimur aðferðum til að meta rentuna. Önnur aðferðin byggir á vegnum meðal-kostnaði fjármagns. Hin ber saman arðsemi fjármagns í íslensku sjávarútvegi við aðra hluta íslensks atvinnulífs. Niðurstöðurnar eru að engin auðlindarenta var framleidd í íslenskum sjávarútvegi fyrr en eftir 2008. Ástæður þessa er líklega stanslaus samdráttur í veiðum frá 1990 til 2008. Á þeim tíma helmingast aflinn mældur í þorskígildum. Atvinnugreinin hagræðir á þessu tímabili, fækkar störfum um helming, lokar vinnslum og fækkar skipum, en sú hagræðing nær varla að halda í við minni afla. Þegar veiðar aukast 2009, samhliða veikingu krónunnar, verður veruleg auðlindrenta sýnileg. Frá 2009 hefur auðlindarentan verið nokkuð stöðug og verið að meðaltali 15-19% af útflutningsverðmæti íslensks sjávarútvegs. Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna að veiðigjöldin hafa verið hóflegt og hafa þau tekið 13-15% af rentunni að meðaltali.

Stefán B. Gunnlaugsson

Síðasta þorskastríðið

Iceland had several disputes with its neighboring countries during the fifties, sixties and seventies over expansions of sovereign waters and control of fishing rights, known as the cod wars. Iceland was successful in securing exclusive fishing rights for its people. However, the problem of overexploitation, which lay at the heart of the disputes, did not disappear with the exclusion of foreign fleets from Icelandic waters. Instead, Icelanders swiftly replaced foreign overcapacity with their own. It took fundamental changes in fisheries policy, joint efforts of scientists and industry - and 40 years, to archive a truly sustainable management of the Icelandic cod stock. This final cod "war" – the civil war – is the story of how long run interests won over short run interests after the introduction of quota management. How industry and scientists came together to develop a harvest rule for cod. And how long it took to convince politicians to follow scientific advice rather than pursuing their own shortsighted political goals. Finally, the paper provides data on the effects abundance has on harvest costs, industry structure and profitability.

Daði Már Kristófersson

Krókaafلامarkskerfið og skilvirkni smábáta

Þegar aflamarkskerfinu var komið á í íslenskum sjávarútvegi árið 1990 voru bátar sem voru minni en 6 brúttórumlestir (krókabátar) undanskildir. Bátar þessir máttu eingöngu veiða með handfærum eða línu. Veiðum þeirra var eftir sem áður að mestu stjórnað með sóknarstýringu og hélst svo næstu 15 árin, en fyrir upphaf fiskveiðiársins 1990/2000 var krókabátum úthlutað aflahlutdeild. Á næstu árum fluttu bátarnir sig einn af öðrum yfir í krókaafلامarkskerfið. Hagfræðin kennir að þegar aflamarkskerfi er tekið upp í fiskveiðum þar sem til staðar sé umframafkastageta muni skipum og bátum í flotanum fækka. Í þessari grein er ætlunin að meta tæknilega skilvirkni báta í krókaafلامarkskerfinu, bera saman skilvirkni báta sem lutu áfram reglum sóknarstýringar og þeirra sem kusu að færa sig yfir í krókaafلامarkskerfið, og bera einnig saman skilvirkni þeirra báta sem hættu veiðum og þeirra sem héldu áfram veiðum innan krókaafلامarkskerfisins. Með þessu er ætlunin að kanna með formlegum hætti eðli þeirrar hagræðingar sem átti sér stað í veiðum smábáta á fyrstu árum þessarar aldar.

Sveinn Agnarsson

Arnar Már Búason

Samdráttur í botnfiskveiðum og aðlögun skuttogaraflotans

Í erindinu verður farið yfir ævintýralegan vöxt íslenska skuttogaraflotans og þróun hans með tilliti til veiða og afkomu. Segja má að offjórðfesting og umframafkastageta hafi einkennt botnfiskveiðar á Íslandsmiðum eftir 1970. Fyrsti íslenski skuttogarinn hóf veiðar árið 1970 og fimm árum síðar voru yfir fimmtíu togarar að veiðum. Erlendar þjóðir stunduðu einnig umfangsmiklar veiðar við Ísland fram að útfærslu efnahagslögsögunnar. Sóknarmarkskerfi í botnfiskveiðum var í gildi árin 1977-1983, yfir 100 togarar voru að veiðum og jókst botnfiskafli enn frekar. Til að takmarka veiðar og stækkun fiskiskipaflotans var í upphafi árs 1984 innleitt aflamarkskerfi með takmörkuðu framsali. Heimildir til framsals aflaheimilda voru auknar til muna eftir 1990. Botnfiskafli dróst mikið saman næstu árin, afkoma í greininni versnaði og var áhersla lögð á hagræðingu og minni sóknargetu flotans. Skuttogurum fækkaði og samsetning togaraflotans breyttist með frystitogurum. Stjórnvöld létu fyrirtækjum í sjávarútvegi að mestu eftir að leysa vanda greinarinnar með frjálsu framsali á aflaheimildum sem leiddi til fækkunar fyrirtækja og aukinnar samþjöppunar. Samhliða færðist áherslan frá hámarkun afla til fullnýtingar afurða og hámarkunar verðmæta. Síðustu ár hefur skuttogurum fækkað og áhersla verið lögð á útgerð ísfisktogara. Með bættri afkomu fyrirtækja var ráðist í endurnýjun togaraflotans sem auka ætti enn frekar rekstrarhagkvæmni þeirra.

Hörður Sævaldsson

Núvitund fyrir börn með hegðunarvanda: „Kennir einstaklingnum að þekkja tilfinningar sínar“

Tilfinning- og hegðunarvandi barna er viðfangsefni sem sjónir manna hafa í auknum mæli beinst að, bæði í daglegu tali en jafnframt í fræðilegu samhengi. Rannsóknir sem skoðað hafa starf í íslenskum grunnskólum hafa gefið til kynna að kennarar upplifi aukið álag í starfi meðal annars vegna hegðunarvanda nemenda. Þá leita margir foreldrar aðstoðar sérfræðinga vegna hegðunarvanda barna sinna. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða reynslu kennara og foreldra barna með hegðunarvanda af ástundun núvitundar fyrir líðan barnanna og hegðun. Jafnframt var rætt við börnin sjálf um þeirra upplifun af núvitundariðkun. Hluti rannsóknarinnar var að halda tvö núvitundarnámskeið (alls 12 skipti) fyrir tíu börn en fjögur þeirra voru með einhvers konar hegðunarvanda. Í framhaldi voru tekin djúpvíðtöl við mæður og kennara barnanna fjögurra sem voru með hegðunarvanda auk þess sem rætt var við börnin sjálf. Víðtölin voru því næst þemagreind. Meginniðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að núvitundariðkun geti verið gagnleg fyrir börn með hegðunarvanda en að hún komi þó ekki í staðinn fyrir önnur inngrip. Viðmælendur lögðu áherslu á að uppeldishættir foreldra skiptu sköpum þegar kemur að hegðun barnanna. Í erindinu verða niðurstöður ræddar og það hvaða lærdóm megi af þeim draga.

Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir
Ragný Þóra Guðjohnsen

Sálfélagslegur ávinningur af hundahaldi fyrir börn með hegðunar- og tilfinningavanda

Markmið rannsóknarinnar er að leita eftir sýn foreldra á sálfélagslegan ávinning hundahalds fyrir börn með hegðunar- og tilfinningavanda. Í rannsóknum sem gerðar hafa verið á hundahaldi hefur komið fram að hundurinn gegni fjölbreyttu hlutverki í lífi manna og að ávinningur þess geti birst með margvíslegum hætti. Hlutverk hundahalds hefur þó lítið sem ekkert verið rannsakað hér á landi. Í rannsókninni voru tekin sex djúpvíðtöl við foreldra barna með hegðunar- og tilfinningavanda og kallað eftir sýn þeirra á hlutverk hunds í lífi barna þeirra. Leitast var við að fá fram sýn þeirra á líðan og hegðun barnanna áður en hundur kom á heimilið og eftir að fjölskyldan eignaðist hund. Við þemagreiningu gagnanna komu fram þrjár meginniðurstöður. Í fyrsta lagi var það reynsla allra foreldranna að það að eiga og annast hund hafi bætt líðan barnanna og jákvæða hegðun bæði í leik og starfi. Í öðru lagi upplifðu foreldrarnir að hundahaldið efli ábyrgðartilfinningu barnanna. Í þriðja lagi kom fram hjá foreldrunum að börnin upplifa hundana sem besta vin sinn og það að annast hann hafi styrkt þau félagslega. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að handahald geti verið góð leið til að hlúa að vellíðan og félagsfærni barna sem glíma við hegðunar- og tilfinningavanda.

Ágústa Dúa Oddsdóttir

Hlutverk foreldra og grunnskólans gagnvart börnum með tilfinningavanda: „Sameiginlegt mál okkar í skólanum og heimilanna að börnum líði vel“

Andleg heilsa er lykilþáttur í velferð barna. Rannsóknir hafa gefið til kynna að tilfinningavandi barna sé að aukast og að slíkur vandi spái fyrir um geðraskanir og fleiri þætti sem dregið geta úr velferð á fullorðinsárum. Í ljósi þess er mikilvægt að huga að leiðum til að fyrirbyggja vandann og veita þeim börnum sem glíma við hann stuðning. Markmið þessarar rannsóknar er að fá fram væntingar og upplifun foreldra, kennara og námsráðgjafa af hlutverki heimilis annars vegar og skóla hins vegar við börn með tilfinningavanda. Tekin voru djúpvíðtöl við tvo kennara, þrjár mæður og einn námsráðgjafa. Í niðurstöðum kom fram að þátttakendur töldu tilfinningavanda barna hafa aukist. Hjá starfsfólki skóla kom fram að fjöldi barna sem glímur við vandamm væri orðinn það mikill að erfitt væri fyrir skóla að bregðast við sökum álags og skorts á starfsfólki með sérþekkingu. Birtingarmynd þessa væri meðal annars hegðunarerfiðleikar nemenda sem væri helsta vandamál skólanna í dag. Foreldrar töldu erfiðleikum bundið að fá stuðning fyrir börn sín bæði vegna álags í skólunum og vegna þess að greining væri oftast forsenda stoðþjónustu. Allir þátttakendur voru sammála um að samvinna heimilis og skóla væri forsenda þess að vinna með tilfinningavanda barna og grípa þyrfti fyrr inn í með markvissum úrræðum og forvörnum. Í erindinu verða niðurstöður ræddar og fjallað um hvaða lærdóm megi draga af þeim.

Júlíana Ármannsdóttir

Hvað er tilfinningavandi?

Einn þeirra þátta sem einkenna stefnumótun í málefnum barna er áherslan á að hlúa að líkamlegri og andlegri velferð barna. Í aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla hér á landi kemur til að mynda fram það markmið að nemendur fái tækifæri í námi til að byggja sig upp andlega og líkamlega. Þrátt fyrir slíka stefnumótun og aðgerðir sem styðja við jákvæða aðlögun barna í skólastarfi er staðan sú að tilfinninga- og hegðunarvandi barna er sú áskorun sem starfsfólk vísar gjarnan til sem erfiðustu glímunnar í skólastarfi. Börnin sem fást við slíkan vanda eiga oft í samskiptaerfiðleikum og upplifa neikvæðar tilfinningar. Vandinn birtist ýmist inn á við t.d. í formi feimni eða félagslegrar einangrunar eða út á við með því að sniðganga reglur. Minni þátttaka í bekkjarstarfi getur síðan átt þátt í verri námsárangri og vanlíðan. Rannsóknir hafa auk þess bent til tengsla slíks vanda í æsku við félagslega einangrun, geðraskanir, skerta starfsgetu og lífsgæði síðar á ævinni. Pólitísk umræða hefur beinst að því hvernig betur megi huga að þessum hópi. Skilgreining vandans hefur þó verið nokkuð á reiki. Hugtök eins og tilfinningavandi, félagsleg vandkvæði, hegðunarvandi eða geðraskanir eru nefnd en óljóst er til hvaða úrræða þau vísa. Í erindinu verður rætt nánar um hugtökin og hvernig hlúa megi betur að þeim hópi sem glímur við slíkan vanda, sérstaklega í skólastarfi.

Ragný Þóra Guðjohnsen

Að líkamsgera leik með vélmenni

Rannsóknin er tilviksrannsókn og er hluti af alþjóðlega rannsóknarverkefninu Makerspaces in the Early Years: Enhancing Digital Literacy and Creativity. Níu, fimm ára börn í leikskóla á Akureyri tóku þátt í sex skapandi smiðjum í anda makerspace hugmyndafræðinnar og lærðu á grundvallaratriði forritunar í gegnum vinnu með vélmenni þar sem skapandi starf og leikur voru lykilhugtök. Foreldrar veittu skriflegt samþykki fyrir þátttöku og munnlegt upplýst samþykki var fengið hjá börnum. Gagna í þennan hluta rannsóknarinnar var meðal annars aflað með vettvangsnótum, hreyfi- og ljósmyndum. Markmið þessa hluta rannsóknarinnar var að skoða hvernig börn notuðu líkama sinn í leik með vélmenni (Bluebot og Cubelets). Tilgátan er að börn persónugerir vélmenni og þau verði sem lifandi þátttakendur í leik þeirra. Niðurstöður benda til að börn noti líkama sinn á fjölbreyttan hátt í leik með vélmenni, þau umbreyta honum og þau koma iðulega fram við vélmenni eins og þau hafi eigin vilja. Vélmennin verða hluti af leikumhverfi barnanna, leikurinn verður bæði við og með vélmennum. Helsti lærdómur er að það skipti máli að börnin fái frelsi til að leika á eigin forsendum og prófa sig áfram. Að hinir fullorðnu í umhverfinu séu fyrst og fremst stuðningur en ekki stjórnendur leiksins.

Kristín Dýrfjörð

Kóðun leikskólabarna – tæknilæsi og kyn

Rannsóknin er tilviksrannsókn og hluti af alþjóðlega Rannsóknarverkefninu Makerspaces in the Early Years: Enhancing Digital Literacy and Creativity. Læsi, sköpun og jafnrétti eru þrjú af sex grunnþáttum menntunnar, tæknilæsi er eitt af undirhugtökum læsis og felur meðal annars í sér færni til að vinna með tækni á gagnrýnin og skapandi hátt. Fjölbreytt tækifæri til sköpunar og frumkvæði barna er mikilvægir þættir sem og að þau læri í gegnum leik. Markmið rannsóknar var að kanna hvernig fimm ára börn nýta stafræna tækni til að læra. Fimm drengir og fjórar stúlkur, tóku þátt í sex sköpunarsmiðjum undir stjórn leikskólakennarans síns, þar sem unnið var með grundvallaratriði forritunar í gegnum leik og sögugerð. Rýnt í niðurstöður út frá kynjasjónarhorni með áherslu á megin þemu rannsóknar; samskipti, sköpun og leik. Lögð er áhersla á áhuga, árangur, færni og námsstíl hópsins og einstaklinga. Helstu niðurstöður eru að ekki var hægt að greina kynjamun á áhuga, árangri eða færni. Börn af báðum kynjum sýndu færni og bæði strögluðu. Hins vegar var greinanlegur kynjamunur á öðrum sviðum, svo sem á nýtingu á rými og viðfangsefnum. Draga má þann lærdóm að mikilvægt er að vera vakandi fyrir áhrifum kyns á nám ungra barna og það skiptir máli að bregðast við.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir

Þetta var alveg mátulegt – reynsla barna af þátttöku í rannsóknarverkefni

Rannsóknin er tilviksrannsókn og er hluti af alþjóðlega rannsóknarverkefninu *Makerspaces in the Early Years: Enhancing Digital Literacy and Creativity*. Rannsóknunum sem unnar eru með börnum hefur vaxið fiskur um hrygg og í auknum mæli viðurkennt að ung börn geti lagt sitt af mörkum sem þátttakendur. Í erindinu verður greint frá þeim hluta gagna sem unnin var með börnunum. Í lok hvernar smiðju fylltu börn út eyðublöð með kennara sínum þar sem þau lögðu mat á smiðjur með því að nota tilfinningatákn (emoji). Kennarinn bað þau jafnframt að útskýra hvað lá að baki matinu. Nokkru eftir að verkefninu lauk var tekið hópviðtal við börnin um þeirra upplifun af þátttökunni. Niðurstaðan sýnir að í lok smiðja lýstu börnin gjarnan nýliðinni tilfinningu, því sem gerðist rétt áður en mat fór fram en ítarlegri upplýsingar fengust þegar börnin orðuðu upplifun sína. Í viðtalinu kom fram skoðun barna á fjölda rannsakanda í rýminu og upplifun þeirra af myndavélum. Helsti lærdómur sem hægt er að draga er að það skiptir máli að styðjast við fjölbættar aðferðir við mat og huga þarf vel að tækjabúnaði í umhverfi barnanna og fjölda rannsakanda svo börn upplifi sig ekki sem tilraunadýr.

Herdís Ólöf Pálsdóttir

Childcare arrangements in the context of migration – case study of Czech families in Iceland

We discuss childcare arrangements in context of migration as negotiated position between different cultural models of care and welfare provision. Contributing to social policy research on work–life balance in the context of migration, we conceptualize care arrangements as results of mutual gendered cultural frameworks (Foner 2012), institutional environments (Lutz, Palenga-Möllenbeck 2012), and social networks (Bilecen 2018). Our argument builds on an empirical case study among families from a Central Eastern European Country (CEEC) – the Czech Republic – living in a country with a Nordic welfare model – Iceland. Immigration to Iceland has recently undergone a shift in terms of numbers and composition, with over 50% of immigrants coming from CEECs, countries with different family policy models and related culturally anchored ideals of care. Whereas Nordic countries support a dual earner/dual caregiver model based on egalitarian family policies (Eydal, Rostgaard 2018), CEECs tend to be representatives of re-familialization and support full-time motherhood (Formánková et al. 2016). The analysis stems from (a) comparative study of leave policies and take up, (b) statistical analysis of the value survey on gender roles and care (ISSP 2012 - Family and Changing Gender Roles IV), and (c) interviews with mothers of children under 10 who came to Iceland from the Czech Republic as adults.

Lenka Formánková
Guðný Björk Eydal

Paid parental leave and lone parents: Equal right of parents and children

The aims of the Icelandic parental leave law from 2000 are to ensure that children receive care from both parents and to enable both men and women to coordinate work and family-life. To reach these aims, the nine-month leave period was divided into three months earmarked for each parent and three months for them to divide at will. All parents are entitled to parental leave regardless of their marital status or legal residency of their child. With over a quarter of all Icelandic families with children being lone-parent families, it is important to study if the aims of the parental leave law are being met in the case of lone-parent families. The study analyses data from a cross-sectional population study among parents of firstborn conducted with questionnaire surveys in the years 2001, 2007, 2013 and 2018. The parents were asked in the survey how they divided parental leave, work and care during the first three years after birth of their first child. The study compares parental leave take-up and coordination of care among lone parents and coupled parents. The results show that lone fathers use their leave quota and participate in care to a lesser extent than married or cohabiting fathers, but their take-up and care participation has increased significantly since the implementation of the parental leave law.

Íris Dögg Lárusdóttir
Guðný Björk Eydal

Mæðrahyggja og kynjajafnrétti

Ísland nýtur alþjóðlegar viðurkenningar sem eitt þeirra landa þar sem mismunun kynja er hvað minnst. Að auki hefur Ísland töluvert verið í alþjóðlegri umræðu vegna laga um fæðingar- og foreldraorlof. Þau lög voru meðal annars hugsuð til að brjóta upp hefðbundið kynjamynstur innan fjölskyldna og ýta undir virka þátttöku feðra í umönnun barna sinna. Löggin hafa skilað afar góðum árangri hvað það varðar þrátt fyrir að umhyggjubilið frá lokum fæðingarorlofs og fram að leikskóla dragi verulega úr jafnréttisáhrifum laganna. Á sama tíma og stjórnvöld beita sér fyrir því að draga karla inn í hefðbundin kvennastörf s.s. í umhyggju og uppeldi ungra barna má sjá sterka, og jafnvel vaxandi, orðræðu innan heilbrigðiskerfisins sem leggur megináherslu á mikilvægi móðurinnar fyrir ung börn. Þá er lítið sem ekkert gert til að efla þátttöku feðra og þeir jafnvel gerðir ósýnilegir, meðvitað og ómeðvitað. Í þessu erindi verður fjallað um mótsögnina sem felst í viljanum til að jafna hlut karla og kvenna á flestum eða öllum sviðum tilverunnar og síðan orðræðu sem setur jafnaðarmerki milli móður og foreldris og ýtir undir hugmyndafræði altækrar móðurhyggju (intensive mothering). Byggt er á bókum um umhyggju, opinberum skýrslum og heimasíðum heilbrigðiskerfisins.

Ingólfur V. Gíslason

Sunna Kristín Símonardóttir

Parental leave and gender roles in Iceland and Spain

In the year 2000 Iceland enacted a universal parental leave scheme, providing both parents with a three-month long quota. Spain, on the other hand, reserved 13 leave days for fathers in 2007. The article compares fathers' involvement in childcare in these two countries. A sample of wage-earner couples from Iceland (N = 709) and Spain (N = 593) was used to analyse how the use of parental leave, combined with the number of working hours after returning to work after childbirth, is associated with fathers' involvement in childcare. By using multi-group structural equation modelling (and path analysis) we found that fathers' leave use after childbirth was associated with their involvement in childcare in both countries, both directly and also indirectly through the reduction in working hours. Icelandic fathers were more engaged in childcare than fathers in Spain which could be explained by the long period of paid leave available for fathers in Iceland.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds
Sabina Belope Nguema

Kostir og gallar miðlægrar úrskurðarnefndar

Íslenskur upplýsingaréttur sækir að mörgu leyti fyrirmyndir sínar til hinna Norðurlandanna, einkum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Ísland starfrækir hins vegar eitt þessara ríkja sjálfstæða úrskurðarnefnd sem hefur það hlutverk að fjalla um ágreining um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum hjá handhöfum framkvæmdavalds. Á málstofunni verða mismunandi farvegir Norðurlandanna fyrir slíkan ágreining borin saman og kostum og göllum ólíkra leiða velt upp. Hafsteinn Þór Hauksson mun lýsa álitaeftum á sviðinu almennt áður en Oddur Þorri Viðarsson tekur nokkur dæmi úr réttarframkvæmd. Loks mun Jóhann Óli Eiðsson fjalla um kosti og galla sjálfstæðrar úrskurðarnefndar um upplýsingamál af sjónarhóli starfsmanna fjölmiðla.

Hafsteinn Þór Hauksson

Oddur Þorri Viðarsson

Jóhann Óli Eiðsson

Hvað telja stjórnendur að einkenni árangursrík verkefni?

Stjórnun verkefnis er tímabundið og kemur oftast en ekki þvert inn á deildir fyrirtækja og annarra fagaðila sem þarf að kalla til vegna verkefnisins. Verkefni eru ákveðin út frá stefnu fyrirtækis en fyrirtækið bregst við breytingum á ytra umhverfi til að ná samkeppnisforskoti því er æskilegt að bregðast við ef verkefni er ekki að ná árangri eins og til var ætlast. Það getur verið brýn þörf á að mæta þekkingu sem er til staðar á markaðum til að gera enn betur með breyttri afurð sem um leið gæti breytt stefnu fyrirtækisins með breyttum þörfum viðskiptavinarins. Árangursmiðuð verkefnastjórnun er ný kenning og snýst fyrst og fremst um hvernig verkefnastjórar nýta verkefni til að efla samkeppnisforskot fyrirtækja. Verkefnastjórar hafa aldrei verið jafn mikilvægir í starfi eins og nú til dags þar sem samkeppnis-umhverfi fyrirtækja er sífellt að breytast. Í rannsókninni er leitast við að gera skil á hvers konar verkefni eru að ná árangri. Árangursrík verkefni eru verkefni sem hafa náð árangri og þeim stýrt farsælega. Margt getur haft áhrif á ferli þessara verkefna því að verksvið verkefnastjórans getur verið flókið. Dæmi um það er ytra umhverfi verkefnastjórans en það getur haft mikil áhrif á verkefnið. Því ríkir engin lognmolla yfir starfi verkefnastjórans þar sem hann stendur í ströngu við stýringu verkefnisins, stjórn teymisins og samskipti við haghafa verkefnisins.

Eðvald Möller
Eydís Eyland

Hvaða eiginleikar einkenna verkefnastjóra og hvaða þekkingu þarf hann að búa yfir?

Starfsheitið verkefnastjóri er orðið eitt vinsælasta starfsheiti á vinnumarkaðinum í dag. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa innleitt aðferðafræði verkefnastjórnunar og verkefnastofur skipa stóran sess í árangursríku starfi þeirra. Atvinnurekendur eru nánast samhljóma þegar þeir eru í starfsmannaleit um að það vanti verkefnastjóra í spennandi störf innan fyrirtækjanna og í boði sé krefjandi starfsumhverfi. Geta umsækjendur margir hverjir uppfyllt þær kröfur sem atvinnurekandi gerir fyrir störfín sem auglýst eru. Rannsakendur eru á þeirri skoðun að brýnt sé að skýra betur hæfni viðkomandi í formi þekkingar og færni til starfsins. Hér var leitast við að gera skil á árangurs-ríkum verkefnastjóra, hvaða færni hann þarf að búa yfir og þekkingu. Það liggur í augum uppi að störf verkefnastjóra eru af margvíslegum toga eftir hvaða starfsvettvangur á við og er áhugavert að sjá hvort stjórnendur séu sammála um hvaða eiginleika verkefnastjórar þurfa að hafa. Við rannsóknina var beitt bæði eigindlegri og megingindlegri rannsókn. En niður-stöður rannsóknar gefa vísbendingu um að það sé oftast en ekki flókið og ekki auðsvarað en mjög mikilvægt væri að verkefnastjóri hefði stuðning stjórnenda.

Eydís Eyland
Eðvald Möller

Er straumlínustjórnun lausnin í skapandi fyrirtækjum?

Markmiðið með rannsókninni var að kanna viðfangsefni og hindranir sem skapandi fyrirtæki standa frammi fyrir og hvort straumlínustjórnun gæti komið að gagni við að leysa hin ýmsu vandamál. Skapandi fyrirtæki eru mjög mismunandi enda er um vítt hugtak að ræða og fyrirtækin eins ólík og þau eru mörg. Það þau eiga þó sameiginlegt er að öll glíma þau við einhver vandamál í stjórnun og skipulagi og var lagt upp með það markmið að koma auga á vandamálin, greina og leita leiða til úrbóta. Rannsóknarspurning sem lögð var til grundvallar var þessi: Viðfangsefni og hindranir í stjórnun skapandi fyrirtækja. Er straumlínustjórnun lausnin? Til að svara rannsóknarspurningunni voru tekin sex viðtöl við stjórnendur og verkefnastjóra skapandi fyrirtækja þar sem byggt var á eigindlegum rannsóknaraðferðum. Helstu niðurstöður gefa vísbendingum að stjórnun og skipulag skapandi fyrirtækja er að færast nær aðferðum straumlínustjórnunar og eru fyrirtækin nú þegar farin að notast við ýmis tól og aðferðir innan hennar líkt og staðlað verklag, sýnilega stjórnun og stöðugt endurmat svo eitthvað sé nefnt. Ennfremur var varpað ljósi á þær aðferðir og tól sem geta bætt rekstur skapandi fyrirtækja enn frekar.

Svanþór Laxdal

Eðvald Möller

Vinnuafli í ferðaþjónustu og starfsánægja

Mikil fjölgun ferðamanna hér á landi er vel þekkt og samhliða henni hefur starfsfólki í ferðaþjónustu fjölgað umtalsvert. Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur fjöldi launþega í ferðaþjónustu tvöfaldast á síðustu 10 árum. Hefur þessi hraða fjölgun starfa og aukinn fjölbreytileiki vinnuaflsins leitt til nýrra áskoranna fyrir stjórnendur fyrirtækja í ferðaþjónustu og í stjórnun greinarinnar. Starfsánægja í ferðaþjónustu er eitt af forgangsmálum í núverandi ferðamálastefnu. Ferðaþjónusta er mjög mannaflsfræk atvinnugrein og er hún háð frammistöðu vinnuaflsins. Fyrir marga tengist starfsánægja gæðum ferðavörunnar og því mikilvægt að átta sig á hvaða þættir hafa áhrif á starfsánægju. Í erindi þessu er starfsánægja í ferðaþjónustu skoðuð í fræðilegu samhengi. Kannað er hvaða þættir hafa haft hvað mest áhrif á starfsánægju þeirra sem starfa í ferðaþjónustunni. Einnig verður rýnt í þau opinberu gögn sem til eru, til þess að átta sig á því hvað við vitum í raun um þá sem starfa í ferðaþjónustu hér á landi og starfsaðstæður þeirra. Niðurstöðurnar sýna að fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi um starfsólki í ferðaþjónustu og að upplýsingar skorti til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir starfsánægju og aðstæðum þeirra sem vinna í greininni.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
Íris Hrund Halldórsdóttir

Starfsaðstæður í ferðaþjónustu og gæðavottanir

Í kjölfar innleiðingar Alþjóða vinnuálastofnunarinnar á viðmiðum um mannsæmandi vinnuaðstæður hefur áhersla á sjálfbærni starfa og ábyrgt starfsmannahald aukist. Þessi viðmið urðu hluti af markmiði átta í heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna 2015 sem íslensk yfirvöld hafa á meðal annarra þjóða samþykkt. Þar er á meðal annars er kveðið á um arðbær og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla. Fréttir um slæman aðbúnað starfsfólks í ferðaþjónustu hafa ratað í íslenska fjölmiðla á undanförunum árum og hafa forkólfar verkalýðsfélaga lýst yfir áhyggjum af þróun í starfsmannahaldi sumra ferðaþjónustufyrirtækja hér á landi. Slíkar fréttir og umtal skaðar orðspor og ímynd ferðaþjónustunnar í heild sinni. Þeir atvinnurekendur í ferðaþjónustu sem hafa metnað og vilja til þess að gera vel og fara vel með starfsfólk sitt hafa líka þurft að sitja undir neikvæðri umfjöllun. Í erindinu er fjallað um þau gæðaviðmið og -staðla sem notaðir eru erlendis í ferðaþjónustu (í Evrópu og á Nýja Sjálandi). Þessi viðmið og staðlar eiga að votta að starfsmannahald ferðaþjónustufyrirtækja sé í samræmi við gildandi samninga um kaup og kjör. Velt verður upp stöðu sambærilegra gæðaviðmiða á Íslandi. Erindið er byggt á viðtölum sem tekin voru sumarið 2018 við starfsmenn stéttarfélaganna og fólk sem starfar í greininni, í rannsókninni „Kjör og aðstæður erlends starfsfólks í ferðaþjónustu“.

Íris Hrund Halldórsdóttir

Unglingsstúlkur í ferðapjónustu

Unglingar hafa um langt árabil verið mikilvægur starfskraftur í ferðapjónustu. Með auknum fjölda ferðamanna hefur störfum fjölgað verulega og voru launþegar í ferðapjónustu 27.000 í apríl 2018. Upplýsingar um kyn og aldursbil hópsins eru ekki aðgengilegar enn sem komið er í opinberum tölum. Unglinganna er þörf til að halda atvinnugreininni gangandi og hagkerfinu uppi. Reynsluleysi á vinnumarkaði veldur því að störf þeirra eru oft þau sem eru neðarlega í starfapýramídanum en engu að síður afar brýn svo allt gangi upp í þjónustunni við ferðamenn. Í þessari rannsókn eru unglingsstúlkur í fókus. Þær eru liðtækar í hvers konar þjónustu við ferðafólk, s.s. við móttöku gesta, þrif og afgreiðslu t.d. á mat. Markmið rannsóknarinnar er að skoða starfskjör og starfsánægju unglingsstúlkna á aldrinum 16 – 18 ára í ferðapjónustu. Tekin voru hálfskipulögð viðtöl við átta unglingsstúlkur á nokkrum stöðum á landinu. Niðurstöðurnar sýna að unglingsstúlkurnar eru stoltar af starfi sínu og upplifa að störf þeirra eru metin að verðleikum. Flestum var kastað út í djúpu laugina án formlegrar handleiðslu. Slæleg vinnubrögð í tengslum við ráðningar og starfskjör skipta þær litlu til að byrja með ef rétt laun berast á réttum tíma en með aukinni reynslu eykst kraftur þeirra og þor til gera kröfu um betri vinnuáðstæður og lögboðin réttindi.

Anna Vilborg Einarasdóttir

Hvar væri ferðaþjónustan án erlendra starfsmanna?

Yfirstandandi veldisvöxtur í íslenski ferðaþjónustu er óhugsandi ef ekki hefðu komið þúsundir farandstarfsfólks til starfa á hótelum, ferðaskrifstofum, rútufyrirtækjum, bílaleigum, matsölustöðum, afþreyingarfyrirtækjum og í þúsundir annara afleiddra starfa. Farandstarfsfólkið ber víða uppi þjónustu til erlendra ferðamanna og er hlutfall þeirra í ferðaþjónustu tæpast undir fjórtíu prósentum. Fjölgun þeirra veldur grundvallarbreytingum á íslenskum vinnumarkaði, sem sífellt verður lagskiptari. Breytingunum fylgja margskonar og flóknar áskoranir fyrir vinnustaði og samfélag, sem fæstar hafa verið ávarpaðar. Rödd starfsmanna af erlendum uppruna er lágstemmd og hlutdeild þeirra í vexti og viðgangi stærsta atvinnuvegs landsins lítill gaumur verið gefinn af leiðandi öflum innan ferðaþjónustunnar og/eða pólitískum fulltrúum. Í erindinu er leitað svara við deyfð ráðamanna og ljósi varpað á hlutdeild erlends starfsfólks á hótelum, bílaleigum og rútufyrirtækjum í ferðaþjónustu og áhrif þeirra á þróun á vinnumarkaði. Erindið byggir á rannsókn fyrirlesara: *Innflytjendur í ferðaþjónustu*. Rannsóknin styðst við: a) megindlegar aðferðir: sundurgreiningu gagna, m.a., fræðirita, rannsóknarskýrslna og blaðagreina, vinnslu opinberra tölulegra gagna, frá Hagstofu Íslands, Vinnuálastofnun, Ferðamálastofu ofl. Úrvinnsla tölulegra upplýsinga og útsendra spurningalista til hótela (19), rútufyrirtækja (10), bílaleiga (10). b) eigindlegar aðferðir: djúpvíðtöl við stéttarfélagsfullrúa, mannauðsstjóra, níu talsins, lengd 1-2 klst. Tveir rýnihópar hótelstarfsmanna, lengd 2 klst. 15 styttri símaviðtöl og önnur óformleg viðtöl. Rannsóknin var unnin frá okt. 2017 til okt. 2018 og er m.a. styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála.

Hallfríður Þórarinsdóttir

Fjölgun erlendra starfsmanna í ferðapjónustu – úrlausnarefni frá sjónarhóli verkalýðsfélaga

Vaxtarverki íslenskrar ferðapjónustu má greina víða í samfélaginu, m.a. í mikilli fjölgun erlendra félagsmanna í verkalýðsfélögum sem semja um kjör og gæta hagsmuna starfsmanna í ýmsum greinum ferðapjónustu. Á starfssvæðum sumra verkalýðsfélaga eru nú um og yfir helmingur félagsmanna erlendir ríkisborgarar og mikil aukning í málum sem snúa að kjörum og aðstæðum erlends starfsfólks í ferðapjónustu. Í erindinu verða kynntar fyrstur niðurstöður viðtalsrannsóknar sumarið 2018, þar sem rætt var við starfsfólk verkalýðsfélaga á Suðurlandi, Reykjanesi og Vestfjörðum. Sjónum er beint að reynslu og nýjum áskorunum félaganna í kjölfar vaxtar ferðapjónustu og erlendra starfsmanna í greininni. Niðurstöður draga fram viðkvæma stöðu þessara félagsmanna á vinnumarkaði og lítið tengslanet á Íslandi, sem þó er breytilegt eftir upprunalöndum. Birtist það m.a. í hræðslu við að tjá sig í vinnustaðaheimsóknum og að erindi berast verkalýðsfélögum eftir að vinnusambandi lýkur. Samtvinnun vinnu og húsnaðis spilar þar sterkt inn og að fyrri reynsla af verkalýðsfélögum er misjöfn. Að mati starfsmanna verkalýðsfélaganna er brýnt að bæta upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna og samstarf stofnana sem sinna eiga eftirliti og gæta hagsmuna fólks þegar á því er brotið.

Magnfríður Júlíusdóttir

*Rannsóknin „Kjör og aðstæður erlends starfsfólks í ferðapjónustu“ er styrkt af Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar.

Samskipti og stuðningur sem hefur jákvæð áhrif á vinnutengda líðan stjórnenda

Í erindinu er sagt frá rannsókn sem beinist að stjórnendum sem bera ábyrgð á og stýra daglegri starfsemi hjá stærstu opinberu skipulagsheild Íslands, Reykjavíkurborg. Rannsóknin er hluti af langtíma rannsókn á starfi stjórnenda í stórum opinberum þjónustustofnunum þar sem áherslan er á líðan, heilsu, samskipti og stuðning. Byggt er á viðtalsgögnum við milli-stjórnendur en einnig á svörum 200 millistjórnenda í spurningakönnun sem gerð var vorið 2017 á líðan, heilsu og viðhorfum til stjórnendastarfsins. Í brennipunkti í þessu erindi eru viðhorf þeirra og upplifun af vinnuálagi og líðan einkum tengdu erfiðum starfsmannamálum og samskiptum. Samskipti, bæði ráðgjöf, samtalið og virk hlustun er áberandi mikilvægur stuðningur fyrir stjórnendur til að höndla það að takast á við erfið mál og áskoranir. Samskipti og stuðningur við þátt-takendur í rannsókninni kemur aðallega frá mannauðsstjóra og sérfræðingum stoðdeilda en síður frá næsta yfirmanni. Greina má mun á kynjum eftir upplifun af líðan og viðbrögðum við álagi og erfiðum viðfangsefnum starfsmannamála.

Inga Jóna Jónsdóttir

„Hér innanhúss eru drottningar af báðum kynjum“: Rannsókn á samskiptum og lausn ágreinings í starfi millistjórnenda

Rannsóknin fjallar um upplifun og reynslu millistjórnenda í grunnskólum annars vegar og einkafyrirtækjum hins vegar, af samskiptum og lausn ágreinings í starfi. Um er að ræða eiginlega rannsókn þar sem byggt er á átta viðtölum, fjórum við deildarstjóra í grunnskólum og fjórum við millistjórnendur í fyrirtækjum í einkageiranum. Helstu niðurstöður benda til þess að störf millistjórnenda hvort sem er í grunnskólum eða hjá einkafyrirtækjum séu um margt lík. Þó má greina að samskiptaþátturinn vegur um margt þyngra í starfi deildarstjóra í grunnskólum. Sömuleiðis meta þeir að erfiðara sé að samræma vinnu og einkalíf borið saman við mat viðmælenda í einkageiranum. Enginn millistjórnendanna sem voru viðmælendur í rannsókninni hafði fengið endurgjöf frá yfirmanni varðandi lausn ágreinings. Einungis tveir höfðu fengið einhvers konar þjálfun í lausn ágreinings, en það var að þeirra eigin frumkvæði. Allir viðmælendur í rannsókninni lýstu mikilli andlegri þreytu eftir að hafa átt í erfiðum samskiptum og sögðu að erfiðustu málin hefðu áhrif þegar heim væri komið. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingu um að nokkuð skorti á þjálfun og endurgjöf til millistjórnenda varðandi lausn ágreinings.

Vaka Óttarsdóttir
Inga Jóna Jónsdóttir

Viðhorf starfsfólks í velferðarþjónustu til starfsumhverfis, forystu og stjórnunar

Álag í störfum velferðarþjónustu hefur aukist undanfarin ár meðal annars í kjölfar fjölgunar aldraðra. Fyrri rannsóknir benda til að gott starfsumhverfi geti aukið starfsánægju, gæði þjónustu og árangur skipulagsheilda í þágu hagsmuna samfélagsins. Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, forystu og stjórnunar á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Gerð var spurningalistakönnun meðal 1.127 starfsmanna á þremum þjónustusviðum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og spurt um viðhorf til eigin starfa, stjórnunar og forystu með áherslu á þjónandi forystu í starfsumhverfinu. Niðurstöður sýna að þjónandi forysta er til staðar í starfsumhverfinu þar sem traust og virðing er til staðar og áhersla á að meta samstarfsfólk. Meirihluti þátttakenda (68%) var ánægður eða mjög ánægður í starfi og starfsnægja meiri hjá konum, starfsmönnum með framhaldskólamenntun og þeim sem störfuðu minna en 20 klukkustundir á viku. Starfsánægja reyndist jákvætt og marktækt tengd öllum þáttum þjónandi forystu og er það í takt við fyrri rannsóknir héraendis og erlendis. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa nýja innsýn í starfsumhverfi í velferðarþjónustu og veita tækifæri til að auka skilning á árangursríkum leiðum í stjórnun, forystu og mannauðsmálum þar sem valdefling í starfi og tækifæri til að vaxa og þroskast í starfi getur bætt hag starfsmanna, gæði þjónustunnar og árangur skipulagsheildarinnar.

Eydís Ósk Sigurðardóttir

„Þegar þú færð hvíld vakna hjá þér hugsjónir og vitund um hvert þú ert að stefna.“ - Vinnuálag presta og árangur í starfi

Prestar nutu lengi virðingar á Íslandi. Lengst af þjónaði einn karlprestur í sama söfnuði til starfsloka. Ytri þættir í starfsumhverfi presta hafa breyst. Nú starfa oft tveir eða fleiri prestar saman og tilkoma kvenpresta hefur áhrif. Örar þjóðfélagsbreytingar gera kröfur til presta um skilvirkni og árangur. Mikið vinnuálag einkennir starfið og þurfa prestar ávallt að vera til taks. Markmið rannsóknarinnar var að komast að því hvaða þættir í störfum presta hindra eða leiða til árangurs. Stuðst var við meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir. Alþjóðlega viðurkenndir spurningalistar um gæðastarf voru lagðir fyrir tæplega 100 þátttakendur, presta og leikmenn. Niðurstöður gáfu vísbendingu um að íslenskir söfnuðir sýni veikleika í stjórnunarháttum. Í kjölfarið voru tekin viðtöl við presta um upplifun þeirra af starfsumhverfinu. Nálgun fyrirbærafræði var notuð við gagnaöflun og úrvinnslu gagna. Prestar lýsa upplifun af miklu vinnuálagi og tímaskorti. Þegar niðurstöður úr báðum rannsóknaraðferðum voru bornar saman komu í ljós tengsl á milli safnaða sem skoruðu lágt í gæðum við möguleika presta á að skipuleggja starfsemina og endurnýja sig. Hvatt er til þess að prestar fái svigrúm í vinnuramma sínum til þess að hvílast. Með skilvirkri umgjörð skapast rými til endurnýjandi hvíldar sem áhrif hefur á skilvirkni, gæði og árangur.

Ásdís Emilsdóttir Petersen

Starfskröfur, sjálfræði og kulnun meðal starfsfólks í íslenskum bönkum

Kulnun er ástand sem getur komið fram vegna viðvarandi álagsþátta í starfi og haft áhrif á starfsgetu, almenn lífsgæði og andlega og líkamlega heilsu einstaklinga. Líkani Karasek og Theorell (1990) um samspil starfskrafna og sjálfræðis hefur reynst áreiðanlegt til að spá fyrir um vinnustreitu. Samkvæmt líkaninu er mikið sjálfræði í starfi verndandi þáttur streitu. Hér verður kulnun mismunandi starfshópa í íslenskum bönkum könnuð með hliðsjón af líkani Karasek og Theorell. Gögnum var safnað árið 2011. Svarhlutfall var 65,5%. Starfsmenn bankanna voru flokkaðir í 11 flokka mismunandi starfa. Niðurstöður sýndu að meðalskor kulnunar reyndist hátt. Munur er milli starfshópa en meðaltalsskor var á bilinu 32,7-46,0 á kvarða þar sem 0 er merki um enga kulnun en 100 er merki um algera kulnun. Línuleg aðhvarfsgreining sýndi að kulnun er ekki tengd aldri eða kyni. Miklar starfskröfur hafa forspárgildi fyrir hærra meðalstig kulnunar meðal allra starfshópa en mikið sjálfræði í starfi hafði ekki forspárgildi sem verndandi þáttur kulnunar þegar starfskröfur eru miklar. Þegar starfshópar voru flokkaðir samkvæmt líkani Karasek og Theorell sem álagsstörf eða ekki álagsstörf, kom í ljós að hátt meðaltalsskor kulnunar kom fram þvert á flokkunina. Rannsóknin sýnir að miklar starfskröfur tengjast auknum líkum á kulnun í starfi. Það sýnir að grípa þarf til aðgerða sem gerir starfsfólki kleift að standast starfskröfur á vinnustöðum til að sporna gegn einkennum kulnunar.

Ásta Snorradóttir

Tekjuuppbót vegna fjögurra heilsukvilla í Sviss

Hagkvæm ráðstöfun fjár innan heilbrigðisgeirans er sífellt mikilvægari í ljósi vaxandi kostnaðar. Í því sambandi er mikilvægt að vita hvaða verðmat almenningur leggur á heilsu sína. Hin svokallað tekjuuppbótaraðferð er einföld og ódýr tölfræðileg leið til að meta hversu miklar viðbótartekjur einstaklingur þyrfti til að vera jafn vel settur með tiltekin heilsukvilla eins og án hans. Þrátt fyrir að tekjuuppbótaraðferðin hafi aðferðarfræðilega kosti umfram aðrar greiðsluviljaaðferðir, þá hefur hún aðeins í litlum mæli verið notuð til að meta virði heilsu. Í rannsókninni voru notuð gögn frá Sviss til að verðmeta fjóra heilsukvilla: bakverk, höfuðverk, svefnleysi og langvarandi sjúkdóma með þremur mismunandi tölfræðilíkönum. Einnig var alvarleiki og aðlögun að heilsukvillunum skoðuð. Allir fjórir heilsukvillarnir höfðu marktækt neikvæð áhrif á vellíðun og tekjuuppbótin mældist einnig veruleg. Svefnleysi mældist með hæstu tekjuuppbótina en niðurstöður okkar sýndu almennt lægri tekjuuppbót en fyrri rannóknir. Auk þess að bæta við núverandi þekkingu með því að verðmeta heilsu við aðstæður þar sem slíkt mat hefur ekki áður farið fram varpar rannsóknin frekara ljósi á tekjuuppbótaraðferðina sem slíka með samnburði á mismunandi matsaðferðum sem notaðar voru.

Kristjana Baldursdóttir

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Þórhildur Ólafsdóttir

Virði þess að vera í kjörþyngd

Í þessari rannsókn er tekjuuppbótaraðferð notuð til þess að finna það velferðartap sem gæti fylgt því að vera í undirþyngd, yfirþyngd, eða í offitu flokki. Notast er við gögn úr „Heilsu og líðan Íslendinga“ sem er rannsókn sem framkvæmd var af Embætti landlæknis árin 2007, 2009 og 2012. Í ljósi þess að offituvandinn hefur farið vaxandi á Íslandi og í öðrum OECD löndum er einblínt á þann BMI flokk. Að því er snertir offitu, er skoðað hvort að það neikvæða samband sem er á milli hamingju og offitu sé að hluta til vegna félagslegrar smánar. Í því samhengi eru tvö líkön skoðuð, (i) þar sem hefðbundnar bakgrunns breytur eru notaðar, og (ii) þar sem bætt er við breytum er segja til um hvort einstaklingur þjáist af sjúkdómum sem tengjast offitu. Niðurstöður líkans (i) sýna að bæði karlmenn og konur væru að meðaltali viljug til að greiða jákvæða fjárhæð til að komast úr offitu flokki í kjörþyngd. Einnig sýna niðurstöður líkans (i) að konur eru reiðubúnar til að greiða jákvæða upphæð til að komast úr yfirþyngt í kjörþyngd, en ekki karlar. Líkan (ii) leiðir svo í ljós að verulega stór hluti greiðsluvilja karla og kvenna má rekja til félagslegrar smánar, en ekki til heilsufars.

Arnar Már Búason
Brynja Jónbjarnardóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Þórhildur Ólafsdóttir

Virði þess að losna undan þjáningum vegna 18 heilsukvilla

Erfitt getur verið að meta virði heilsu, en til að hægt sé að taka þjóðhagslega skynsamar ákvarðanir og ráðstafa fé innan heilbrigðskerfisins á sem hagkvæmasta hátt þarf að liggja fyrir verðmat á heilsu. Algengar aðferðir sem notaðar eru til að verðmeta heilsu eru greiðsluviljaaðferðir sem byggja á beinum athugunum eða ímynduðum aðstæðum þar sem einstaklingur á að meta þá upphæð sem hann er reiðubúinn að greiða til að sleppa við ákveðnar aðstæður. Í þessari rannsókn eru gögn úr könnun um heilsu og líðan Íslendinga frá árunum 2007, 2009 og 2012 notuð til að verðmeta átján heilsukvilla. Tölfræðilegt samband vellíðunar, tekna og heilsukvilla er skoðað og þannig er sneitt framhjá þeim þjaga sem fylgir öðrum aðferðum við að meta greiðsluvilja. Niðurstöður sýna hlutfallslega háan greiðsluvilja fyrir andleg veikindi til samanburðar við líkamleg. Þessi rannsókn veitir yfirsýn yfir virði þess að sleppa við mismunandi heilsukvilla og þar sem sömu gögn og sama aðferð er notuð við verðmatið gefa niðurstöðurnar kost á innbyrðis samanburði á því verðmati. Mikilvægt er að við kostnaðar-ábatagreiningar sé tekið tillit til þjáninga, en þessar niðurstöður eru framlag til slíkra útreikninga.

Hanna Björg Henrysdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Kristín Helga Birgisdóttir
Þórhildur Ólafsdóttir

Virði þess að eiga maka og börn

Við stefnumótun stjórnvalda er mikilvægt að geta áætlað bæði fórnir og ávinning af mismunandi íhlutunum. Oft eru matsþættir auðmælanlegir, en erfitt getur þó verið að meta virði óáþreifanlegra gæða þegar þeir eiga við. Við margvíslega stefnumótun má telja líklegt að verðmæti tilfinningalegra þátta vegi lítið, en í öðrum tilfellum vegur það mjög þungt. Þetta á ekki síst við um félagsleg tengsl, og skipar fjölskyldan þar stóran sess. Í þessu erindi verður fjallað um virði þess að eiga maka og börn, en ýmsar aðgerðir stjórnvalda hafa áhrif á ákvarðanir fólks um hvernig fjölskyldumynstur það skapar sér. Við notum svokallaða tekjuuppbótaraðferð og reiknum virði mismunandi hjúskaparstöðu og þess að eiga börn. Í erindinu verður stuðst við bæði íslensk og erlend gögn. Tölfræðilegt samband vellíðunar, tekna og fjölskylduaðstæðna er skoðað og greiðsluvilji áætlaður út frá hlutföllum þessara sambanda. Niðurstöður sýna að virði hjónabands er almennt umtalsvert og rúmlega tvöfalt á við virði hvers barns. Niðurstöður eru þó töluvert breytilegar eftir kynjum og löndum og velta rannsakendur upp hugmyndum um hvort sá breytileiki geti verið kominn til vegna félagslegra-, lagalegra- eða stofnana-legra einkenna sem fjölskyldur búa við í mismunandi löndum.

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Aðalsteinn Hugí Gíslason

Þórhildur Ólafsdóttir

Hvað hefur breyst? Af börnum sem fara í sveit á 21. öldinni

Börn hafa verið send í íslenskar sveitir frá því að elstu menn muna og þrátt fyrir að almennt sé talið að siðurinn sé svo gott sem liðinn þá eru börn enn þá að fara í sveit. Siðurinn gengur þó óhjákvæmlega í gegnum einhverjar breytingar í gegnum tíðinna og þá sérstaklega á árunum fyrir aldamót með strangari reglum um vinnu og öryggi barna. Siðurinn hefur verið stór hluti af menningu og sjálfsmynd þjóðarinnar í gegnum tíðina og þess vegna mikilvægt að skoða hvernig hann heldur áfram. Markmið erindisins er að skoða með hvaða hætti siðurinn heldur áfram. Hvert eru börnin að fara og hvað eru þau að gera í sveitinni? Rannsóknin byggir á viðtölum við ellefu einstaklinga sem fóru í sveit á árunum 2000 til 2016. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að margt hafi breyst en þó sé annað sem breytist ekki. Sveitadvalirnar styttest með lengingu skólaársins og tæknin hefur áhrif á bæði störf og afþreyingu. Börn eru þó enn að fara í sveit á sumrin vegna þess að þau hafa áhuga á að komast í snertingu við náttúruna og dýrin. Vinnan er líka mikilvæg ástæða þess að þéttbýlisbörn fara í sveit.

Steingerður Friðriksdóttir
Jónína Einarsdóttir

Hvers eru börnin megnug? Af dráttarvélaakstri barna

